



Akureyrarbær

ársskýrsla 2003





www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



akureyri.is



Hagnýtar upplýsingar

Bæjarstjórnarfundir eru að jafnaði fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar kl. 16.
Í júlí og ágúst er einn fundur í mánuði.
Sjónvarpað er frá fundunum sama dag kl. 20.30 á sjónvarpsstöðinni Aksjón.
Bæjarráðsfundir eru vikulega á fimmtudögum kl. 9.

Akureyrarbær

Sími: 460 1000

Samband frá skiptiborði kl. 8.00 - 16.00
Almenn afgreiðsla opin kl. 8.00 - 16.00

Geislagata 9				Glerárgata 26	
	beint innval		beint innval		beint innval
Bæjarstjóri	460 1000	Tækni- og umhverfisvið		Félagssvið	
		Afgreiðsla	460 1100	Búsetu- og öldrunardeild	460 1410
Bæjarlögmaður	460 1000	Fax	460 1111	Fax	460 1414
Stjórnsýslusvið		Sviðsstjóri tækni- og umhverfisdeildar	460 1100	Fjölskyldudeild	460 1420
<i>Fjármálaþjónusta</i>		<i>Framkvæmdadeild:</i>		Fax	460 1440
Fax	460 1051	Deildarstjóri	460 1104	Íþrótt- og tómstundadeild	460 1465
Bókhald	460 1050	Hönnun	460 1133	Fax	460 1460
Húsnæðisdeild	460 1000	Mælingar	460 1130	Menningardeild	460 1461
<i>Hagþjónusta</i>		Verkefnisstj. gatna og fráveitumála	460 1107	Fax	460 1460
Hagsýslustjóri	460 1000	Verkefnisstjóri umhverfismála	460 1134	Skóladeild	460 1455
Innkaupastjóri	460 1042	<i>Umhverfisdeild:</i>		Fax	460 1460
Verkefnastjóri	460 1024	Skipulags- og byggingafulltrúi	460 1142	Sviðsstjóri félagssviðs	460 1488
<i>Jafnréttisráðgjafi</i>	460 1005	Byggingaefirlit	460 1100	Fax	460 1414
<i>Marakaðs- og kynningarmál</i>	460 1000	Verkefnastjóri byggingaefirlits	460 1114		
<i>Skrifstofa Ráðhúss</i>	460 1000	Eftirlitsmaður	460 1115		
Fax	460 1001	Verkefnastjóri lóðaskrár	460 1144		
Deildarstjóri		Verkefnastjóri skipulagsmála	460 1143		
skrifstofu Ráðhúss	460 1022	Verkefnastjóri Staðardagskrár	460 1113		
Íbúaskrá - manntal	460 1015				
Skjalastjóri	460 1023	Fasteignir Akureyrarbæjar	460 1120		
Tölvuþjónusta	460 1080	Fax	460 1121		
Umsjónarmaður	460 1092	Framkvæmdastjóri	460 1122		
<i>Starfsmannþjónusta</i>	460 1060	Verkefnisstjóri viðhalds	460 1126		
Fax	460 1061	Nýbyggingaefirlit / Gylfi	460 1125		
Starfsmannastjóri	460 1060	Nýbyggingaefirlit / Magnús	460 1127		
		Skrifstofustjóri	460 1128		
		Umsjónarmaður leiguíbúða	460 1124		
		Þjónustuver viðhalds	460 1193		

Allar nánari upplýsingar um opnunartíma, heimilisföng, forstöðumenn og fleira er að finna á vefsíðu Akureyrarbæjar,

www.akureyri.is



Beinar línur

Búsetu- og öldrunardeild:

Heimaþjónustan Bjargi	462 6933
Heimahjúkrun Bjargi	462 6963
Heimaþjónustan Víðilundi	461 1249
Heimahjúkrun Víðilundi	461 2492
Félagsmiðstöð Víðilundi	462 7977
Skammtíamavistun fatlaðra Skólastíg 5	462 2756

Dagþjónusta fatlaðra:

Hæfingarstöðin við Skógarlund	462 1754
Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur	461 4606

Hlíð - Öldrunarþjónusta

462 7930

Skjaldarvík

466 3040

Kjarnalundur - heimili aldraðra

462 1640

Sambýli - Bakkahlíð 39

462 7012

Framkvæmdamiðstöð - Rangárvöllum

Forstöðumaður	460 1200
	460 1202
Yfirverkstjóri gatna, holræsa og hreinsunar	460 1203
Yfirverkstjóri garðyrkjumála	460 1204
Umsjónarmaður jarðeigna, dýraeftirlit	460 1205
Forstöðumaður unglíngavinnu	460 1209

Grunnskólar:

Brekuskóli	462 2525
Hlíðarskóli	462 4068
Giljaskóli	462 4820
Glerárskóli	461 2666
Lundarskóli	462 4888
Oddeyrarskóli	462 4999
Síðuskóli	462 2588

Heilsugæslustöðin

460 4600

Íþróttamannvirki:

Íþróttahöllin	462 5077
Íþróttamiðstöð Glerárskóla	462 1539
Íþróttavöllurinn	462 1588
Skíðastaðir	462 2280
Sundlaug Akureyrar	461 4455
Skautahöll	461 2440



Hagnýtar upplýsingar

Leikskólar:

Árholt skammtíamavistun - Háhlíð	461 1256
Flúðir - Þingvallastræti	462 6602
Holtakot - Þverholti 3	462 7081
Iðavöllur - Gránufélagsgötu	462 3849
Kiðagil - Kiðagil 3	462 1761
Klappir - Brekkugötu 34	462 7041
Krógaból - Glerárkirkju	462 7060
Lundarsel - Hlíðarlundi 4	462 5883
Naustatjörn - Hómatúni 2	462 3676
Pálmholt - Þingvallastræti	462 3941
Síðusel - Kjalarsíðu	462 3034
Sunnuból - Móasíðu 1	461 4922

Menntasmiðja kvenna

Glerárgata 28 462 7255

Norðurorka Rangárvöllum

460 1300

Slökkvilið - eldvarnir

og sjúkraflutningar - Árstíg 2 461 4200

Strætisvagnar og ferliþjónusta - Árstíg 2

462 4929

Söfn:

Amtsbókasafn	462 1250
Davíðshús	462 7498
Héraðsskjalasafn	461 1052
Listasafn	461 2610
Minjasafn	462 4162
Sigurhæðir	462 6648

Tómstundastarf:

Húsið	462 2710
Punkturinn	462 2711
Tómstundastarf aldraðra	462 7977

Tónlistarskólinn á Akureyri

462 1788

Sjá nánari upplýsingar í símaskrá

Allar nánari upplýsingar um opnunartíma, heimilisföng, forstöðumenn og fleira
er að finna á vefsíðu Akureyrarbæjar,

www.akureyri.is



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

*Myndir og myndatextar í ársskýrslunni
eru að þessu sinni að langstærstum hluta
af heimasíðu Akureyrarbæjar.
Textaranir geta því verið sitt á hvað
í nútíð eða þátíð en taka mið af
þeirri dagsetningu sem fylgir hverri frétt.*

Útgefandi:
Akureyrarbær 2004

Umsjón:
Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirlestur og prófarkir:
Erlingur Sigurðarson

Ljósmyndir:
Ragnar Hólm Ragnarsson,
Kristján Kristjánsson, Mbl,
Skapti Hallgrímsson, Mbl,
og Rúnar Þór Björnsson.

Hönnun, umbrot, prentun og bókband:
Ásprent



Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra	9
Yfirstjórn bæjarins	10
Stjórnsýslusvið	11
Fjármála- og hagþjónusta	11
Markaðs- og kynningarmál	14
Starfsmannþjónusta	16
Jafnréttismál	17
Félagssvið	18
Fjölskyldudeild	19
Heilsugæslustöðin á Akureyri	23
Búsetudeild	25
Öldrunarstofnun	29
Skóladeild	29
Menningarmál	38
Íþrótt- og tómstundadeild	43
Fasteignir Akureyrarbæjar	46
Tækni- og umhverfissvið	50
Framkvæmdadeild	50
Umhverfisdeild	53
Norðurorka	58
Höfnin - Hafnarsamlag Norðurlands	60
Ársreikningur 2003	65
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum	72





akureyri.is



30.000 íbúar Akureyrar

Árið 2003 var viðburðaríkt fyrir okkur Akureyringa og flest stórra tíðinda með þeim jákvæða hætti að varla er hægt að segja að skipst hafi á skin og skúrir. Vöxtur þessa blómlega bæjarfélags heldur áfram, íbúum fjölgaði umfram landsmeðaltal og atvinnuleysi var minna en gengur og gerist, til dæmis á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta var viðburðaríkt ár sem sjá má stað víða í ársskýrslunni. Af tíðindum má nefna að fjölnota íþróttahúsið Boginn var tekið í notkun, 24 flóttamenn frá fyrrum lýðveldum Júgóslavíu voru boðnir velkomnir til bæjarins, gert var samkomulag um byggingu menningarhúss á Akureyri, undirritaður var samningur um uppbyggingu Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands á Akureyri til ársins 2008, tekin var fyrsta skóflustungan að fyrsta íbúðarhúsinu í Naustahverfi, slegið var nýtt met í fjölda nemenda við Háskólann á Akureyri og svo mætti lengi telja.

Og allt árið 2003 vann verkefnisstjórn um byggðaaætlun fyrir Eyjafjörð, sem starf- aði á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins með fulltíngi Akureyrarbæjar, að til- lögum til uppbyggingar á svæðinu en þær litu loks dagsins ljós í mars á þessu ári.

Við Akureyringar berum miklar væntingar til þessara tillagna en óhjákvæmilega heyrast líka úrtöluraddir sem segja að þarna sé komin enn ein skýrslan sem muni rykfalla við hlið annarra í skúffum ráðuneyta Íslands. Svo má að sjálfsögðu ekki verða!

Kjörnir fulltrúar og stjórnendur bæjarins hafa sett sér skýr markmið og ætla sér að ná þeim öllum með ráði og dád.

Markmið okkar til næstu 15 ára eru í sem fæstum orðum þessi:

Í framtíðarsýn okkar er gert ráð fyrir sterkri grunngerð allrar þeirrar þjónustu sem nútímasamfélag veitir. Bærinn skal verða ennþá eftirsóttari til búsetu en nú er. Þar lifir og starfar þróttmikið og ánægt fólk sem nýtur allra lífsins gæða. Akureyri á að sameinast sem flestum sveitarfélögum við Eyjafjörð. Atvinnulíf verður í blóma og íbú- ar ekki færri en 30.000 árið 2020.

Ríkisstjórn Íslands viðurkenndi í orði þá möguleika sem í Eyjafirði og Akureyri búa þegar hún lagði fram byggðaaætlun sína fyrir réttum tveimur árum. Nú er komið að því að standa við stóru orðin.

Lagðar hafa verið fram tillögur um sérstaka byggðaaætlun fyrir Eyjafjarðarsvæðið og næst á dagskrá er að tryggja þeim brautargengi. Það kemur í hlut okkar allra. Það er ekki á færi eins manns, einnar stofnunar eða eins ráðuneytis að raungera skyn- samlega framtíðarsýn um blómlegt sveitarfélag ríflega 30.000 manna árið 2020.

Hér þurfa ráðamenn á öllum sviðum samfélagsins, öll ráðuneyti ríkisvaldsins, þingmenn, sveitarstjórnir á svæðinu og síðast en ekki síst íbúarnir, að leggjast á eitt. Við vitum að hér búa möguleikarnir og við vitum líka að vilji er allt sem þarf!

Kristján Þór Jökull

bæjarstjóri á Akureyri



27.2.2003 : Akureyringum fjölga enn Hagstofa Íslands hefur birt nýjar tölur um búferlaflutninga innanlands frá apríl til júní á heimasíðu sinni. Þar kemur meðal annars fram að aðfluttir umfram brottflutta á Akur- eyri eru 66 á tímabilinu.



Yfirstjórn bæjarins

Bæjarstjórn og bæjarráð

Á árinu voru haldnir 20 fundir í bæjarstjórn Akureyrar og 42 fundir í bæjarráði. Á fundi bæjarstjórnar þann 3. júní var Þóra Ákadóttir endurkjörin forseti bæjarstjórnar. Á fundinum var einnig kjörið nýtt bæjarráð. Jakob Björnsson var endurkjörinn formaður ráðsins.

Viðtalstímar bæjarfulltrúa

Tvisvar í mánuði yfir vetrartímann eru auglýstir viðtalstímar bæjarfulltrúa. Þar eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals og taka við erindum, fyrirspurnum og ábendingum. Erindin eru færð til bókar og komið áfram til afgreiðslu innan bæjarkerfisins. Á árinu voru 13 viðtalstímar og bókuð erindi samtals 38.

Bæjarbúar

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Akureyrar 15.838 hinn 1. desember 2002. Samkvæmt bráðabirgðatölum voru íbúar 16.048 1. desember 2003 og hafði fjölgað um 210 eða um 1.31%. Karlar voru 7.904 og konur 8.144.

Frá 2. desember 2002 til 1. desember 2003 fæddust 248 börn en 107 bæjarbúar létust. Samkvæmt hreyfingaskrá Hagstofu voru brottfluttir 1.060 en aðfluttir til bæjarins 1.129, þ.e. aðfluttir umfram brottflutta voru 69. Flutningar innan bæjarins voru 2.419.

Elsti íbúi bæjarins Jóhanna Jónsdóttir er 103 ára.



27.2.2003 : Milljarður á ári í fjögur ár
Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðgjafi, og Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, undirrituðu viðtækt samkomulags heilbrigðismálaráðuneytisins og bæjaryfirvalda á Akureyri sem felur í sér að bæjarfélagið tekur nú að sér að sjá um alla heilsugæslu og öldrunarþjónustu í Akureyrarumdæmi til ársloka 2006.



Þjónustuvanddyrið í Ráðhúsi Akureyrar að Geislagötu 9 er lykillinn að allri þeirri þjónustu sem bæjarfélagið veitir. Keppst er við að veita öllum þeim sem eiga erindi við bæjarkerfið eins góða þjónustu og kostur er.



Stjórnsýslusvið

Sameining sviða

Í desember 2002 var skipaður starfshópur til að gera tillögur að starfsháttum og skipulagi nýs stjórnsýslusviðs. Við sameiningu fjármálasviðs og þjónustusviðs var lögð áhersla á:

- Skilvirkni, góða þjónustu og hagkvæma stjórnsýslu í þágu bæjarbúa, starfsfólks bæjarins, kjörinna fulltrúa í bæjarstjórn og nefndum, ásamt öðrum samstarfsaðilum
- Að hagkvæmni verði tryggð í rekstri sviðsins
- Að skipulag og verklag verði tekið til endurskoðunar með það fyrir augum að samþætta betur skyld verkefni og málaflokka og tryggja samvinnu starfshópa innan og utan sviðsins

Verkefni starfshópsins var í upphafi kynnt fyrir öðrum starfsmönnum sviðanna og þar lögð áhersla á að nýtt skipulag taki mið af núverandi mannafla og að sviðið verði góður og eftirsóttur vinnustaður. Auglýst var eftir ábendingum og tillögum frá starfsmönnum vegna breytinga á skipulagi og starfsaðferðum.

Fyrsti fundur starfshópsins var haldinn í desember 2002. Hópnum var skipt upp í vinnuhópa með skilgreind verkefni. Einnig voru haldnir vikulegir samráðsfundir til að kynna umfjöllun hópanna og móta sameiginlega niðurstöðu. Samráðsfundir voru haldnir til að fá fram tillögur og ábendingar frá starfsmönnum, stjórnendum og notendum þjónustunnar.

Tillögur að sameiningu sviðanna og nýju skipulagi voru samþykktar í stjórnsýslunefnd í 9. apríl og staðfestar af bæjarstjórn 15. apríl 2003. Nýtt skipulag stjórnsýslusviðs tók gildi 1. júní 2003 eftir að stöður deildarstjóra höfðu verið auglýstar innan kerfis. Ábyrgðasvið stjórnsýslusviðs eru sex:

- Hagþjónusta
- Fjármálaþjónusta
- Markaðs- og kynningarmál
- Skrifstofa ráðhúss
- Starfsmannaþjónusta
- Jafnréttismál

Ábyrgðasvið stjórnsýslusviðs ganga þvert í gegnum skipurit Akureyrarbæjar, þannig eiga verkefni og þjónusta sem þar eru „vistuð“ jafnt að þjóna öðrum sviðum bæjarkerfisins sem og pólitískt kjörnum fulltrúum.

Síðustu breytingar tengdar nýju stjórnskipulagi stjórnsýslusviðs voru samþykktar í bæjarstjórn 20. janúar sl. Þegar ákveðið var að ráða Dan Jens Brynjarsson í stöðu sviðsstjóra.

Fjármála- og hagþjónusta

Hagþjónusta er ný deild sem tók til starfa 1. júní. Helstu verkefni hagþjónustu eru umsjón með starfsáætlana- og fjárhagsáætlanagerð sviða, deilda og stofnana bæjarins, og eftirfylgni með áætlunum. Hagþjónusta sér um samræmingu og þróun á samhæfðu árangursmati stofnana Akureyrarbæjar. Deildin annast spár um íbúa- og hagþróun í bænum, ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda, stjórnunarúttektir á starfseiningum og útgáfu tölulegra upplýsinga sem varða bæjarfélagið. Þá annast deildin innkaupastjórn og rekstur tölvukerfa bæjarskrifstofanna og tengingar þeirra við stofnanir bæjarins. Hagþjónusta fer með umsjón og þróun á upplýsingakerfum Akureyrarbæjar.

Í hagþjónustu eru nú 3 starfsmenn ásamt tímabundinni ráðningu starfsmanns sem sér um innleiðingu á innkaupakorti bæjarins. Hagsýslustjóri er Jón Bragi Gunnarsson.



10.10.2003 : Opinber heimsókn landstjóra Kanada
Landstjóri Kanada, frú Adrienne Clarkson, kom ásamt 70 manna fylgdarliði í opinbera heimsókn til Akureyrar.



21.3.2003 : Akureyrarbær styður frumkvöðla
Í morgun var haldinn blaðamannafundur í Ráðhúsinu á Akureyri þar sem kynntar voru nýjar reglur um stuðning við frumkvöðla og fyrir-
tæki sem vilja hefja nýjan atvinnurekstur í bænum. Reglurnar
marka ákveðin tímamót fyrir uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.



Fjárhagsáætlun Akureyrar var samþykkt í bæjarstjórn 17. desember 2002 og áætlun um rekstur, fjármál og framkvæmdir 2004-2006 var samþykkt af bæjarstjórn 21. janúar 2003.

Heildarupphæð samstæðuáætlunarinnar var tæplega 7,9 milljarðar króna.

Í aðalsjóði voru rekstrargjöld áætluð 5.385.411 þús. kr. og tekjur málaflokka 1.421.352 þús. kr. Áætluð rekstrargjöld, nettó, voru því ríflega 3.964 milljónir króna. Það svarar til 247.012 króna á hvern íbúa 1. desember 2003.

Skatttekjur voru áætlaðar 3.857.000 þús. kr. eða 240.341 krónur á íbúa. Fjármagnstekjur hjá aðalsjóði voru áætlaðar 272 milljónir króna. Til fjárfestinga fyrir A hluta sjóði var áætlað að verja 1.183.000 þús. kr.

Útsvarsprósenta var ákveðin 13,03%. Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði var 0,35% af álagningarstofni en fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði var 1,55% af álagningarstofni.

Rekstur Akureyrarbæjar gekk mjög vel á árinu og er heildar niðurstaða ársins í góðu samræmi við fjárhagsáætlun ársins og fjárhagurinn traustur. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um ríflega 86,7 milljónir króna en áætlun hafði gert ráð fyrir 101,3 milljóna króna hagnaði á árinu. Gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar voru hærri en gert hafði verið ráð fyrir eða ríflega 123 milljónir króna í samstæðunni. Ef ekki hefði komið til mikil hækkan lífeyrisskuldbindinga hefði orðið um verulegan rekstrarafgang á árinu að ræða.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 1.291,4 millj. kr. og handbært fé frá rekstri 1.266,6 millj. kr. Fjárfestingarhreyfingar námu samtals 2.040,0 millj. kr., fjárfesting umfram söluverð varanlegra rekstrarfjármuna nam 2.016,5 millj. kr., og fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum umfram söluverð eignarhluta námu 36,1 millj. kr. Langtíma- og skammtíma kröfur lækkuðu um 12,6 millj. kr. á árinu. Fjármögnunarhreyfingar námu 1.097,3 millj. kr. Afborgun langtímalána nam 433,2 millj. kr. en ný langtímalán námu 1.579,6 millj. kr. Hækkun á handbæru fé á árinu nam 324,0 millj. kr. og nam handbært fé sveitarfélagsins í árslok 951,0 millj. kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir sveitarfélagsins bókfærðar á 19.235,9 millj. kr., þar af eru veltufjármunir 2.143,0 millj. kr. Skuldir sveitarfélagsins með lífeyrisskuldbindingum nema samkvæmt efnahagsreikningi 12.095,9 millj. kr., þar af eru skammtímaskuldir 1.691,3 millj. kr. Veltufjárhlutfallið er 1,27 í árslok, en var 1,06 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 7.139,9 millj. kr. í árslok sem er 37,1% af heildarfjármagni. Árið áður var þetta hlutfall 39,2%.

Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda hjá samstæðunni voru 3.680.598 þúsundir króna. Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins í hlutfalli við rekstrartekjur þess voru 52,0% en 50,0% án breytinga á lífeyrisskuldbindingum. Annar rekstrarkostnaður var 33,8% af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 239 þús. kr. á hvern íbúa en tekjur samtals 509 þús. kr. á hvern íbúa. Árið 2002 voru skatttekjurnar 232 þús. kr. á hvern íbúa.

Á árinu var unnið að innleiðingu innkaupakorta hjá Akureyrarbæ. Helstu kostir þess eru að kortið er gefið út á nafn og með mynd af viðkomandi og er sönnun þess að handhafi geti gert innkaup í nafni Akureyrarbæjar. Bókhaldslyklar koma sjálfvirk í samþykktarkerfi VISA út frá korti og birgjum og spara þannig skráningu og meðhöndlun reikninga.

Á árinu stóð Akureyrarbær fyrir nokkrum stórum útboðum á rekstrarvörum og þjónustu, þeirra

stærst var útboð á matvörum allra mótuneyta bæjarins þ.m.t. til mótuneyta allra leikskóla og grunnskóla bæjarins en þetta útboð var unnið í samráði við Ríkiskaup og í kjölfarið var skrifað undir fyrsta staðbundna rammasamning Ríkiskaupa frá upphafi en það samstarf tókst mjög vel í alla staði.

Í byrjun árs stóð Akureyrarbær fyrir útboði á öllum tölvum, skjávörpum og tækjum fyrir deildir, stofnanir og fyrirtæki bæjarins. Einnig voru húsgögn og húsbúnaður boðin út í hin nýju og glæsilegu húskynni Amtsbókasafnsins og Héraðsskjalasafnsins.

Á seinni hluta ársins voru boðnar út allar hreinlætisvörur og pappír fyrir allar deildir, stofnanir og fyrirtæki bæjarins og var gengið frá samningum í byrjun árs 2004.

Akureyrarbær er eitt þeirra sveitarfélaga sem eru í forystu í vistvænum innkaupum og verður unnið áfram í þeim málum á vegum bæjarins.

Á árinu voru gerðar veigamiklar breytingar á tengingum stofnana og einstaklinga við miðlæga netþjóna bæjarskrifstofanna. Tónlistarskólinn, Amtsbókasafnið, Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hlíð og Slökkvistöðin voru tengd með ljósleiðara og netþjónar þessara stofnana teknir úr notkun. Aðrar stofnanir voru tengdar við net bæjarskrifstofanna með örbylgju-samböndum í stað ADSL-lína áður. Jafnframt var högun allra tenginga breytt verulega. Skyggir sér um allar tengingar fyrir Akureyrarbæ en kaupir þjónustu af undirverktökum eins og Símanum, Og Vodafone og Tengi.

Allir bæjarfulltrúar fengu á árinu heimatengingar við netkerfi bæjarskrifstofanna til að greiða fyrir upplýsingastreymi til þeirra og gera kleift að opna þeim aðgang að skjalakerfi og öðrum upplýsingakerfum bæjarins. Teknir voru í notkun léttmiðlarar hjá Skyggni til að auðvelda stofnunum, bæjarfulltrúum og nokkrum starfsmönnum bæjarskrifstofanna sem eru með heimatengingar að vinna á miðlægum netþjónum bæjarskrifstofanna. Með þessum hætti hefur öryggi gagna þessara aðila verið aukið verulega.

Húsnæðismál

Viðbótarlán

Á árinu 2003 voru afreiddar 225 umsóknir sem er 45 fleiri umsóknir en á árinu 2002. Ekki hafa áður verið afgreiddar fleiri umsóknir frá því farið var að veita viðbótarlán árið 1999. Alls hafa verið veitt 790 ný lán frá árinu 1999 og 158 yfirtökur á eldri viðbótarlánum. Heildarupphæðir lána nema

Fjöldi umsókna og upphæðir nýrra og yfirtekinna viðbótarlána:

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

Ár	2001	2002	2003
Fjöldi samþykktra nýrra lána	143	123	147
Samtals upphæðir nýrra lána	218.840	224.995	300.800
Meðaltals upphæðir nýrra lána	1.530	1.829	2.046
Fjöldi samþykktra umsókna um yfirtöku	34	46	59
Samtals upphæðir yfirtekinna lána	46.999	67.590	97.773
Meðaltals upphæðir yfirtekinna lána	1.382	1.469	1.657
Fjöldi umsókna sem var synjað	12	11	19
Samtals upphæðir synjaðra lána	16.999	20.489	34.872
Fjöldi umsókna alls	189	180	225



1.323.600.000 kr. Umsóknnum sem hefur verið synjað eru 68 sem er um 6,7% af heildarumsóknafjölda.

Innlausn félagslegra íbúða

Á árinu 2003 voru samþykktar 26 innlausnir á félagslegum íbúðum. Þar af voru 2 innlausnir vegna nauðungarsölu. Samþykkt var að selja 14 íbúðir á almennum markaði en 12 íbúðum var breytt í leiguíbúðir en þar af voru sex íbúðir vegna móttöku flóttafólks.

Fjöldi og ráðstöfun innleystra félagslegra íbúða

	Fjöldi innleystra íbúða	Þar af selt nauðungarsölu	Selt á almennum markaði	Breytt í leiguíbúð
2001	40	6	31	1
2002	38	3	24	12
2003	26	2	14	12
	104	11	69	31

Félagslegar leiguíbúðir


Um áramótin 2003/2004 voru 232 leiguíbúðir í eigu Akureyrarbæjar. Þær skiptust þannig eftir stærð íbúðanna að 100 íbúðir eru 2ja herbergja, 81 íbúð er 3ja herbergja, 42 íbúðir eru 4ra herbergja og 9 íbúðir eru 5 herbergja. Markmið með rekstri leiguíbúða er að tryggja fólki sem ekki hefur greiðslugetu til að kaupa sér íbúð, öruggt húsnaði á viðráðanlegum kjörum. Haldinn er biðlisti eftir leiguíbúðum og um hann og leigurétt íbúðanna gilda skýrar reglur. Hægt er kynna sér þessar reglur m.a. á heimasíðu Akureyrarbæjar (www.akureyri.is).

Húsaleigubætur

Húsaleigubætur eru greiddar til leigjenda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og er markmiðið með greiðslu bótanna að lækka húsnaðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnaðismarkaði.

Á árinu 2003 voru greiddar húsaleigubætur hjá Akureyrarbæ alls 87,7 milljónir kr. sem er aukning um 28,8% frá árinu áður en þá voru greiddar húsaleigubætur samtals 68 milljónir. Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir fjölskyldugerð og atvinnustöðu var sem hér segir á árinu 2003.

Mismunur á fjölda innleystra íbúða 2001-2003



Húsaleigubætur

Atvinnustaða	Gift / samb. Með börn	Gift / samb. Án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	32	10	99	52	40	233
Atvinnulaus	2		23	5	3	33
Öryrkjar	12	6	15	48	78	159
Ellilífeyrisþegar		11		29	15	55
Heimavinnandi	5		8			13
Nemar	9	7	23	61	54	154
Samtals	60	34	168	195	190	647

Meðaltals leigufjárhæð á stærð íbúða og tegund húsnaðis sem greiddar voru húsaleigubætur vegna ársins 2003

Fjöldi herb.	alm. Markaður	Stúdenta-garðar	Leiguíbúðir Akb.	Félaga-samtök	Búseti
1. Herb.	33.429 kr.	30.124 kr.		18.225 kr.	
2. Herb.	43.258 kr.	51.309 kr.	24.897 kr.	46.616 kr.	30.847 kr.
3. Herb.	49.737 kr.	51.499 kr.	30.825 kr.	61.121 kr.	41.630 kr.
4. Herb.	57.210 kr.		36.757 kr.	50.833 kr.	47.238 kr.
5. Herb.	69.000 kr.		42.681 kr.		57.788 kr.
6. Herb.	77.500 kr.				



Markaðs- og kynningarmál

Jafnframt breytingum á stjórnskipulagi, þegar nýtt stjórn-sýslusvið varð til við sameiningu fjármálasviðs og þjónustu-sviðs, urðu einnig breytingar á aðkomu bæjarins að at-vinnumálum.

Starfshópur atvinnumálanefndar gerði tillögu um nýtt skipulag þeirra mála.

Starfi Atvinnuþróunarfélagsins var breytt á aðalfundi vorið 2003, atvinnumálanefnd bæjarins var formlega lögð niður um haustið og ýmis verkefni tengd atvinnumálum fluttust til markaðs- og kynningar-deildar.

Akureyrarbær gerðist einnig aðili að stofnun Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi, sem sjá mun um sameiginlega markaðs-setningu svæðisins í samvinnu við ferðapjónustuaðila.

Heilstu verkefni deildarinnar eru:

- Vinna fyrir framkvæmdastjórn og bæjarráð á sviði atvinnu, markaðs- og kynningarmála
- Yfirumsjón með markaðs- og kynningarmálum bæjarins og markaðssetning Akureyrar á fyrir-tækja- og einstaklingsmarkaði
- Samskipti við atvinnulífið og stoðkerfi þess
- Umsjón með heimasíðunni www.akureyri.is
- Umsjón með ýmsum útgáfumál-um s.s. ársskýrslu og kynningu í ýmsum upplýsingaritum
- Erlend samskipti, s.s. samskipti við vinabæi og þátttöku í Northern Periphery verkefni og í Northern Forum samtökunum

Heimsóknir og móttökur

Bærinn kom að móttöku fjöl-margra innlendra og erlendra gesta á árinu. Stærsti viðburðurinn á því sviði var heimsókn land-stjóra Kanada, Audrienne Clarkson, og forseta Íslands í október. Heimsóknin var hluti af opinberri heimsókn til Ís-lands. Í fylgdarliði landsstjórnans voru um 100 manns. Með-an á heimsókninni stóð fluttu landsstjórnin m.a. opinberan minningarfyrirlestur um Vilhjálm Stefánsson og haldin var ráðstefna um líf á norðurslóðum.

Byggðaaætlun fyrir Eyjafjörð


Í október skipaði bæjarstjórn sérstakan starfshóp til að fylgjast með og fylgja eftir vinnu ríkisstjórnarinnar um gerð sérstakrar byggðaaætlunar fyrir Eyjafjörð skv. samþykktu byggðaaætlun fyrir árin 2002 - 2006, sem alþingi samþykkti í maí 2002.

Starfshópurinn, sem skipaður er fulltrúum úr fyrrverandi at-vinnumálanefnd hóf störf á árinu og fundaði m.a. með starfs-hópi iðnaðarráðherra um byggðaaætlun fyrir Eyjafjörð.


Heimasíða

Haldið var áfram að styrkja og bæta heimasíðu bæjarins á ár-inu. Skilaði það sér í stóru aukinni umferð miðað við árið áður. Heimasíða bæjarins er mjög umfangsmikil og er markmiðið að þar sé að finna allt sem lýtur að bæjarlífinu, hvort sem um er að ræða almenna þjónustu við bæjarbúa og ferða-menn, eða upplýsingar um stjórnkerfi Akureyrarbæjar.

Flettingar árið 2003



Gestir árið 2003



Erlend samskipti

Vinabæjarsamskipti Akureyrar, Randers í Danmörku, Álasunds í Noregi, Västerås í Svíþjóð og Lahti í Finnlandi hafa staðið í áratugi. Vinabæjarmót tengiliða var að þessu sinni haldið á Akureyri í júní. Haldinn var fundur þar sem rætt var um samskiptin og um stjórnskipulag og atvinnuá-stand í bæjunum. Einnig var farið í skoðunarferðir innan og utan bæjar. Fulltrúar Akureyrarbæjar á mótinu voru Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, eiginkona hans Guðbjörg Ring-sted, og Sigríður Stefánsdóttir deildarstjóri. Lítil samskipti voru við aðra vinarbæi á árinu.

Akureyrarbær gerðist aðili að Northern Forum samtökun-um árið 2002. Í maí var „allsherjarþing“ samtakanna hald-ið í Pétursborg í Rússlandi og þar var Akureyri formlega tek-in inn í samtökin. Forseti Íslands var sértakur heiðursgest-ur á þinginu og flutti þar erindi. Fulltrúar Akureyrarbæjar voru Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri og Sigríður Stefáns-dóttir þáverandi sviðsstjóri þjónustusviðs. Á þinginu voru



einnig fulltrúar frá Háskólanum á Akureyri, stofnun Vilhjálmss Stefánssonar og frá Caff skrifstofunni á Akureyri.

Í október var haldin á Akureyri ráðstefna á vegum Norðurskautsráðsins um upplýsingatækni á Norðurslóðum. Northern Forum átti aðild að ráðstefnunni og undirbúningi hennar og í tengslum við ráðstefnuna fundaði framkvæmdastórn samtakanna á Akureyri og átti m.a. fund með bæjaryfirvöldum.

Evrópuverkefnið Brandr

Fyrri hluta árs var unnið að umsókn um verkefni á sviði Northern Periphery áætlunar Evrópusambandsins. Verkefnið er í samvinnu við bæina Sollefteå í Svíþjóð og Sortland og Steinkjær í Noregi. Var því gefið heitið Brandr en það snýst um markaðssetningu og bættu ímynd sveitarfélaganna, m.a. með notkun á sérstöku slagorði/vörumerki fyrir hvert sveitarfélag.

Umsókn var samþykkt í júní og í október samþykkti bæjarráð endanlega aðild að verkefninu. Sérstaka verkefnisstjórn skipa bæjarfulltrúarnir Sigrún Björk Jakobsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir, Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélagsins, ásamt starfsmönnum Ragnari Hólmi Ragnarssyni og Sigríði Stefánsdóttur, sem jafnframt er verkefnisstjóri fyrir Akureyrarhlutann og á sæti í framkvæmdastjórn heildarverkefnisins.

Fyrsti samráðsfundur var haldinn á Akureyri í september og í nóvember var haldinn fundur í Steinkjær.

Ákveðið var að áherslur og verkefni á Akureyri tækju m.a. mið af fyrri vinnu við markaðssetningu bæjarins og verkefnum sem falin hafa verið markaðs- og kynningardeild.

- Markaðssetning á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði.
- Ungt fólk og atvinnulífið.
- Menningar og íþróttamál
- Akureyri, miðstöð norðurslóðastarfs
- Upplýsingatækni

Um NPP áætlunina má lesa á heimasíðu Byggðastofnunar og um verkefnið Brandr á sérstakri vefsíðu þess, www.brandr.net.



19.10.2003 : Framkvæmdastjórn Northern Forum í heimsókn Framkvæmdastjórn Northern Forum er þessa dagana í heimsókn á Akureyri og heldur fundi hér í tengslum við ráðstefnu um upplýsingatækni á norðurslóðum sem stendur yfir á mánudag og þriðjudag. Myndin er frá fundi framkvæmdastjórnar Northern Forum með yfirmönnum Akureyrarbæjar.



6.3.2003 : Öskudagurinn á Akureyri Krakkar á öllum aldri stormuðu á milli verslana og þjónustufyrirtækja á Akureyri til að syngja fyrir starfsfólk og þiggja nammi að launum. Meðfylgjandi er mynd af söngflokki sem söng fyrir starfsfólk Ráðhússins á Akureyri.



3.2.2003 : ÚA hlýtur viðurkenningu
Útgerðarfélag Akureyringa (ÚA) hlaut viðurkenningu jafnréttis- og fjölskyldunefndar Akureyrarbæjar fyrir árið 2002.



9.9.2003 : Atvinnumálanefnd hættir störfum
Atvinnumálanefnd Akureyrarbæjar hélt sinn síðasta fund og hætti þar með formlega störfum. Um leið var verkefnum sem nefndin hafði unnið að flestum vísað til nýstofnaðrar Kynningar- og markaðsstofu Akureyrarbæjar sem mun fylgja þeim eftir.

Starfsmannapjónusta

Á árinu 2003 voru 3.129 launþegum greidd vinnulaun sem er fækkun frá árinu áður en þá voru greidd laun til 3.263 launþega. Greidd vinnulaun á árinu voru samtals að upphæð kr. 3.557 milljónir en voru 3.490 milljónir árið 2002. Greidd laun hjá Norðurorku og vegna ýmissa smærri samstarfsverkefna eru að auki hluti af samstæðunni. Ársverk voru 1.366 sem er fækkun um 58 frá síðasta ári. Fækkun milli ára má skýra með því að 1. janúar 2003 hætti Akureyrarbær að greiða starfsmönnum Norðurorku laun þar sem fyrirtækið var gert að hlutafélagi. Á árinu 2002 voru 99 ársverk hjá Norðurorku.

Akureyrarbær bauð öllum unglingum 14, 15 og 16 ára sem þiggja vildu starf hjá vinnuskólanum eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Unglingar í vinnuskólanum voru alls 398 þar af 181 fimmtán ára og 217 fjórtán ára. Vinnutími þeirra var 3,5 tímar á dag í 7 vikur eða samtals 122,5 tímar. Þá var öllum 16 ára unglingum gefinn kostur á sumarvinnu og þágu 144 unglingar starf að þessu sinni. Vinnutími þeirra var 7,0 tímar á dag í 6 vikur og hámarkstímafjöldi, sem mátti vinna samtals 210 tímar.

Umsóknir um sumavinnu voru 687 en ekki hafa svo margir sótt um vinnu hjá Akureyrarbæ frá árinu 1997 en þá sótti 701 um starf. Ráðnir voru 286 umsækjendur til sumarstarfa og afleysinga hjá hinum ýmsu deildum og stofnunum bæjarins. 364 umsækjendum var synjað um starf en synjanir hafa ekki verið fleiri síðan árið 1994.

Samkvæmt ákvörðun bæjarráðs stóð starfsmannapjónusta fyrir könnun á atvinnuhorfum skólafólks í byrjun júnímánaðar. Alls höfðu 130 manns sem voru án atvinnu samband við starfsmannapjónustu og var ákveðið að gefa þeim öllum kost á starfi í 6 vikur. Af þessu hópi tóku 96 manns tilboði bæjarins um vinnu. Heildarlaunakostnaður vegna þessa átaks var 13,4 milljónir kr. Akureyrarbær sótti um styrk úr atvinnuleysistryggingarsjóði til sérstakra verkefna til að fjölga sumarstörfum fyrir atvinnulaust skólafólk sumarið 2003. Samþykktar voru umsóknir vegna 15 verkefna og greiddi atvinnuleysistryggingasjóður Akureyrarbæ vegna þeirra verkefna 2.4 milljónir kr.

akureyri.is



Launanefnd sveitarfélaga gerði tvo kjarasamninga fyrir Akureyrarbæ á árinu, annars vegar við Útgarð, félag háskólamanna, og hins vegar við Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

Ákvæði í kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga við Einingu-löðu og Starfsmannafélag Akureyrarbæjar um starfsmat, sem átti að koma til framkvæmda 1. desember 2002, komst ekki í gagnið á árinu eins og stefnt var að. Fyrsti áfangi viðtala vegna nýja starfsmatsins fór fram í nóvember og desember. Á þessari stundu er ekki hægt að segja til um hvernær þessari vinnu lýkur en ólíklegt er að það verði fyrir en síðla árs 2004. Samkvæmt kjarasamningum félaganna getur matið leitt til 2-4% launahækkunar frá 1. desember 2002.



25.3.2003 : Flóttamennirnir komnir til Akureyrar
Akureyrarbær tók á móti 24 flóttamönnum frá fyrrverandi lýðveldum Júgóslavíu. Fólkið hefur búið í flóttamannabúðum við kröpp kjör síðustu árin en verður nú aðstoðað við að koma aftur undir sig fótunum og hefja nýtt líf í nýju landi.

Jafnréttismál

Breytingar voru gerðar á stöðu og hlutverki starfsmanns jafnréttis- og fjölskyldumála bæjarins á árinu. Elín Antonsdóttir sagði upp starfi sínu sem jafnréttisfulltrúi vorið 2003 og lét af störfum um mitt árið. Starf jafnréttisfulltrúa hafði verið hálf staða en auglýst var full staða jafnréttisráðgjafa í ágúst og tók Katrín Björg Ríkarðsdóttir við því starfi í nóvember.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd stóð fyrir gróðursetningu á hátíðisdegi íslenskra kvenna, 19. júní, í lund tileinkuðum Vilhelmínu Lever (d. 1879) höndlunarborgarinnu sem kaus fyrst íslenskra kvenna í sveitarstjórnarkosningum og það áður en konur fengu kosningarétt.

Á haustmánuðum stóð nefndin fyrir könnun meðal bæjarbúa með það að markmiði að fá álit þeirra á stöðu bæjarins í málaflokknum. Meðal annars var spurt hversu vel eða illa fólki þætti bærinn standa að jafnréttismálum. Um 39% svarenda sögðu bæinn standa vel að málum, rúm 27% hvorki vel né illa og tæplega 34% illa.

Ný jafnréttisstefna bæjarins var samþykkt af bæjarstjórn um miðjan desember og verður hún í gildi til vorsins 2007.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



7.4.2003 : Menning á Torfunefi
Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra og Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Akureyri undirrituðu í dag samning um byggingu menningarhúss á Akureyri. Sigrún Björk Jakobsdóttir formaður menningarmálanefndar, hélt ræðu við það tilefni.

Félagssvið

Almennt

Starfsemi félagssviðs var í nokkuð föstum skorðum á árinu 2003. Engar breytingar urðu í hópi deildarstjóra nema hvað Guðrún Sigurðardóttir, deildarstjóri fjölskyldudeildar, kom úr námsleyfi. Nokkrir nýir stjórnendur voru ráðnir að einstaka stofnunum. Samningar náðust í febrúar við heilbrigðisráðuneytið um rekstur heilsugæslunnar og um ýmsa þætti í öldrunarmálum en fyrri samningar runnu út eða féllu úr gildi fyrir allnokkru. Þessir samningar gilda til ársloka 2006 eins og samningurinn við félagsmálaráðuneytið um málefni fatlaðra.

Á árinu var gengið frá samningi við Menntamálaráðuneytið um framhald uppbyggingar Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands og nær sá samningur til ársins 2008. Jafnframt var gengið frá menningarsamningi við Menntamálaráðuneytið sem nær til ársloka 2006.

Mikil og góð starfsemi var í öllum deildum og starfsemin eflað eftir því sem þörf var á og efni leyfðu. Unnið var áfram eftir fjölskyldustefnunni sem bæjarstjórn samþykkti á árinu 2002. Jafnréttis- og fjölskyldunefnd hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Fjölskyldustefnan er verkefnabundin og verður nóg að gera á næstu árum að fylgja henni eftir í öllu bæjarfinu.

Þjónustuvæði stofnana á félagssviði er mismunandi stórt eftir því hvaða málaflokkur á í hlut. Málefni fatlaðra ná til íbúa í ellefu sveitarfélögum, starfssvæði heilsugæslunnar til átta sveitarfélaga, samningur er við sex sveitarfélög um aðgang að dvalar- og hjúkrunarrýmum á Hlíð og eitt sveitarfélag um aðgang að hjúkrunarrýmum eingöngu. Að lokum má nefna samning við sex sveitarfélög um barnaverndarmál, félagsþjónustu og sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla.

Nokkrar nýjungar og breytingar

Innan búsetudeildar var unnið að mótun stefnu í búsetumálum fólks með fötlun og leit hún dagsins ljós á árinu. Mikið samráðsferli fór fram við undirbúning stefnumótunarinnar og má með sanni segja að vel hafi tekist til og vakti þessi vinna verulega athygli á landsvísu. Unnið var við að koma málum áfram og standa vonir til að fyrstu áfangarnir komist í framkvæmd á árunum 2004 og 2005.

Varanlegt húsnæði fyrir skólavistun 10-15 ára fatlaðra barna var tekið í notkun í haust í húsnæði fyrrum leikskólans Árhólts sem stendur við Glerárskóla. Er vonast til að með því verði hægt að veita markvissari þjónustu til þeirra barna sem þurfa þjónustu sem þessa.

Síðla árs var framlengdur samningur bæjarins við Rauða kross deildina á Akureyri og Geðverndarfélagið um rekstur Lautar sem er daglegt athvarf fyrir geðfatlaða. Virðist vera mikil þörf fyrir þessa starfsemi.

Í febrúar var m.a. gengið frá samningi við heilbrigðisráðuneytið um byggingu 60 rýma hjúkrunardeildar við Hlíð. Undir lok ársins var ljóst að fyrirhuguð viðbygging myndi ekki komast í notkun fyrr en fyrri hluta árs 2006 og fékkst þá rekstrarleyfi fyrir 15 hjúkrunarrýmum frá 1. apríl 2004 ef Akureyrarbær útvegaði húsnæði og kostaði nauðsynlegar breytingar vegna þess. Ákveðið var að nýta hluta Skjaldarvíkur fyrir þessa starfsemi og hófst undirbúningur breytinga þá strax.

Undir árslok var gerður samningur við Art.is um að taka að sér rekstur Listasafnsins og vænta menn góðs árangurs af þessari úthýsingartilraun. Einnig var gerður nýr samningur við Gilfélagið þar sem hlutverk þess í starfseminni í Gilinu breyttist nokkuð.

Í byrjun ársins varð ljóst að Akureyrarbær myndi taka að sér móttöku flóttamanna fyrir félagsmálaráðuneytið og komu 24 flóttamenn frá fyrrum Júgóslavíu í lok mars. Var þeim útvegað húsnæði og síðan hófst aðlögun þeirra að íslensku samfélagi



29.6.2003 : Samvera fjölskyldunnar - besta forvörnin þessa dagana er verið að ýta úr vör átaki þar sem áherslan er á gildi samverustunda fjölskyldunnar. Að átakanu stendur Saman-hópurinn, samstarfshópur um forvarnir sem stuðla að velferð barna og ungmenna, og vill hópurinn hvetja til þess að fjölskyldan verji sem mest um tíma saman.



með kennslu og fræðslu á ýmsum sviðum. Jafnframt var reynt að útvega þeim fullorðnu vinnu. Samstarf var um þetta verkefni við Rauða kross Íslands. Gekk það vel í heildina tekið og var afar lærdómsríkt að taka þátt í því.

Húsnæðismál

Á árinu var unnið að því að bæta húsnæðisaðstöðu notenda og starfsmanna á mörgum stofnunum. Má þar nefna fjölnota íþróttahúsið Bogann sem tekið var í notkun á árinu og endurbætur í Sundlaug Akureyrar en þeim framkvæmdum er að mestu lokið. Áfram var haldið með viðbyggingu Amtsbókasafns og Héraðsskjalasafns og stefnt að því að taka í notkun viðbygginguna og endurbætt eldra húsnæði á árinu 2004. Nýr leikskóli í Naustahverfi var tekinn í notkun og samið um leigu á húsnæði fyrir leikskóla í nýjum stúdentagarði sem byrjað var að byggja á árinu. Áætlað er að leikskóli þessi verði tekinn í notkun haustið 2004. Hafist var handa við viðbyggingu Síðuskóla sem rúma á íþróttasal, samkomusal o.fl. Á þeirri byggingu að vera lokið haustið 2004. Jafnframt var hafin viðbygging Brekkuskóla sem taka á í notkun 2004 og endurbótum á að vera lokið haustið 2005. Tekið var á leigu húsnæði fyrir Tónlistarskólann og flutti hann í það húsnæði um haustið. Að lokum má nefna að hafist var handa við endurbætur á gamla samkomuhúsinu þar sem Leikfélagið hefur aðsetur og á þeim framkvæmdum að ljúka í mars 2004.

Einnig var unnið að undirbúningi ýmissa nýrra bygginga og endurbóta á eldra húsnæði sem koma til framkvæmda á næstu árum og má þar nefna viðbyggingu hjúkrnardeilda við Hlíð, menningarhús og þjónustumiðstöð að Bjargi. Allar þessar framkvæmdir munu stuðla að meiri og betri starfsemi bæjarbúum og starfsmönnum til hagsbóta.

Starf forvarnafulltrúa

Starf forvarnafulltrúa árið 2003 hefur aðallega falist í stefnumótunarvinnu vegna forvarnastefnu Akureyrarbæjar. Auk þess hafa ýmis forvarnaverkefni í samvinnu við lögregluna á Akureyri farið fram og má þar til dæmis nefna að fíkniefnaleitarhundurinn Bassi, ásamt Þorsteini Hauki Þorsteinssyni frá Tollgæslunni, heimsótti öll fermingabörn síðasta vetur. Einnig að 1. - 4. júlí fór fram á þelamörk fræðsla í unglingavinnunni undir yfirskriftinni „að byggja upp sjálfs-traust án vímuegja“. SAMAN hópurinn var með hvatningarátak til foreldra sl. sumar um að samverustund fjölskyldunnar væri besta forvörnin. ÞOR verkefnið fyrir nemendur í 5. bekk fór fram á haustdögum en sú nýbreytni var tekin upp að senda foreldrum bréf heim eftir hvern tíma þar sem útlístað var hvað rætt var í tímanum. Stopp leikhópurinn kom og sýndi nemendum í 10. bekk forvarnaleikritið „Í gegnum eldinn“ í Deigluinni við góðar undirtektir. Fyrir jól var síðan hafin undirbúningur að samvinnuverkefninu „þú átt val“ við forvarnafulltrúa og nemendur í Menntaskólann á Akureyri og fleiri aðila.

Menntasmiðjan

Menntasmiðjan á Akureyri sinnir fullorðinsfræðslu og símenntun af ýmsu tagi, fyrir almenning, innflytjendur og sérstaklega fyrir konur.

- Á vorönn 2003 var rekin Menntasmiðja unga fólksins, 18 vikna lífsleikninám fyrir fólk á aldrinum 17-26 ára og á haustönn Menntasmiðja kvenna, 14 vikna nám í lífsleikni fyrir konur. Námið í báðum þessum smiðjum er byggt á hugmyndafræði lýðhaskóla á Norðurlöndunum um þrjúþætt nám; sjálfsstyrkjandi, hagnýtt og skapandi.

- Verkefnið Vinnuklúbburinn var á árinu 2003 rekið í samstarfi við Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra. Vinnuklúbburinn er 4ra vikna langt námskeið fyrir fólk í atvinnuleit og voru haldin 10 námskeið á árinu. Verkefnisstjóri Vinnuklúbbsins er Alice Zackrisson.
- Alþjóðastofan á Akureyri er starfrækt innan vébanda Menntasmiðjunnar og hófst starfsemi hennar í febrúar 2002. Alþjóðastofan sér um íslenskunámskeið ætluð fólki af erlendum uppruna, einstaklingsráðgjöf, tengsl við túlka, og sinnir einnig verkefnum á landsvísi sem tengjast málefnum nýbúa. Nemendur á íslenskunámskeiðum voru alls 122 á árinu. Verkefnisstjóri Alþjóðastofu, Guðrún Kristín Blöndal, fór í barnsburðarleyfi um mitt ár og Einar I. Einarsson tók við og sá um verkefnisstjórn út árið.
- Menntasmiðjan sá um fullorðinsfræðslu fyrir flóttamenn frá því í mars 2003. Verkefnisstjóri fræðslunnar er Sólveig Jónsdóttir.
- Menntasmiðjan er aðili að fjölþjóðlegu verkefni sem ber heitið Violeta og er unnið innan Sókrates-áætlunar Evrópusambandsins og er samstarfsverkefni níu Evrópulanda. Verkefnið miðar að því að mynda tengslanet fullorðinsfræðslustofnana sem vinna að atvinnumálum kvenna. Þessu verkefni lauk í mars 2003.
- Menntasmiðjan hóf þátttöku í öðru fjölþjóðlegu verkefni í apríl 2003 sem ber heitið FLENOFHS (Promotion of Flexible Learning through the European Network of Folk High Schools). Verkefnið er unnið innan Sókrates-áætlunar Evrópusambandsins og er samstarfsverkefni átta Evrópulanda. Verkefnið miðar að því að þróa tengsl milli fullorðinsfræðslustofnana og styrkja starf lýðhaskóla og annarra stofnana í Evrópu sem bjóða upp á óformlegt nám fyrir fullorðna. Verkefninu lýkur í lok árs 2004.
- Menntasmiðjan hafði umsjón með námskeiðinu „Atvinnulífsskynning“ í samvinnu við skóladeild Akureyrarbæjar. Námskeiðið var valgrein fyrir nemendur í 9. og 10. bekkjum fimm grunnskóla í bænum á haustönn 2003.

Fjölskyldudeild

Hlutverk fjölskyldudeildar er fyrst og fremst þjónusta við einstaklinga og fjölskyldur og er verkefnunum skipt í fjóra hluta, þ.e. almenna félagsþjónustu, málefni fatlaðra skólaþjónustu og barnavernd. Stofnanir sem heyra undir deildina eru Hæfingarstöðin við Skógarlund og Plastiðjan Bjarg/löjulundur.

Á árinu störfuðu 18 manns hjá deildinni. Að stærstum hluta er um að ræða háskólamenntaða sérfræðinga, svo sem félagsráðgjafa, sálfræðinga, proskapjálfa og leik- og grunnskólasérkennara. Deildin kaupir einnig vinnu af sjálfstætt starfandi sérfræðingum, einkum talmeinafræðingum og sálfræðingum.


Starfsemi fjölskyldudeildar var með hefðbundnum hætti á árinu. Áfram var unnið að því að bæta þjónustuna með tengingum innan deildar og við aðrar stofnanir, bæði innan bæjarkefnis og utan. Af nýjungum má nefna að deildin gerðist þátttakandi í endurhæfingarverkefninu Grettistak sem er samstarfsverkefni Tryggingarstofnunar ríkisins og félagsþjónustu í landinu. Um er að ræða markvissa aðstoð við endurhæfingu fyrir unga fyrrverandi áfengis- og fíkniefnaneytendur.

Almenn félagsþjónusta


Helstu verkefni í félagsþjónustu eru fjárhagsaðstoð og félagsleg ráðgjöf af ýmsum toga, s.s. vegna uppeldisvanda, skilnaðar, forsjár-, umgengnis- og ættleiðingamála, húsnæðis og fjármála.




Skipting fjárhagsaðstoðar eftir fjölskyldugerð 2003



Fjárhagsaðstoð - atvinnustaða 2003



Þróun meðalgreiðslu fjárhagsaðstoðar



Fjárhagsaðstoð

Heildarfjöldi styrkþega á árinu er 329 og fækkar þeim um 11 frá árinu 2002. Einstæðir foreldrar eru sem fyrr stærsti hópurinn en þar er þó fækkun frá fyrra ári. Einhleypir eru næstfjölmennasti hópurinn og stendur fjöldi þeirra í stað milli ára. Hjónum og sambúðarfólki með börn fjölga í hópi styrkþega en barnlausum hjónum og barnlausu sambúðarfólki fækkar.


Þegar litið er á atvinnustöðu styrkþega, sést að styrkþegum í fullu starfi fækkar frá fyrra ári en hins vegar er fjölgun í hópi atvinnulausra og sjúklinga.

Þróun fjárhagsaðstoðar

Frá árinu 1998 hefur fjöldi styrkþega aukist úr 260 í 329 árið 2003. Á sama tíma hefur heildarfjárhæð fjárhagsaðstoðar aukist úr 20,4 milljónum í 47,1 milljón á verðlagi hvers árs.

Meðalgreiðsla fjárhagsaðstoðar til einstaklinga hefur vaxið úr 78 þús. kr. árið 1998 í 143 þús. kr. árið 2003, einnig á verðlagi hvers árs.

Þróun fjárhagsaðstoðar





Málefni fatlaðra

Hæfingarstöðin við Skógarlund

Hæfingarstöðin veitti um 45 einstaklingum frá 16 ára aldri þjónustu á árinu, hæfingu og iðju, sbr. 26. gr. laga um málefni fatlaðra, til að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Starfsemin fer fram á 5 deildum. Alls störfuðu 20 starfsmenn á Hæfingarstöð í 16 stöðugildum, 6 þroskaþjálfar í 5,7 stöðugildum, þ.m.t. forstöðumaður. Auk þeirra starfa þar listleiðbeinandi, sjúkraliði, sérhæfðir aðstoðarmenn og almennir aðstoðarmenn. Markhópur Hæfingarstöðvarinnar er fólk með fötlun sem ekki hefur getu til að starfa á vernduðum vinnustað. Meginmarkmið Hæfingarstöðvarinnar eru m.a. þau að efla alhliða þroska einstaklingsins og að hann upplifi vellíðan og öryggi.

Þróunarverkefnið „Hvernig kemur endur- og símenntun starfsfólks Hæfingarstöðvarinnar sér best fyrir notendur“ er á seinna ári í framkvæmd og kemur mjög vel út samkvæmt mati.

Hæfingarstöðinni bærust góðar gjafir á árinu. Bausverslanirnar á Akureyri gáfu Hæfingarstöðinni leir og glerbrennsluofn. Tilkoma þessa ofns hefur stóruaikið framleiðslumöguleika og fjölbreytni verkefna sem unnin eru í Hæfingarstöð. Ennfremur gáfu Lionsklúbbur á Akureyri Hæfingarstöðinni hljómfutningstæki. Þessi tæki eru staðsett í borðsal, á vinnusvæðum og eitt tæki er staðsett á deild fjölfatlaðra og er notað sem skynörvunartæki, þar sem því fylgir góður bassahátalari.

Hæfingarstöðin tók þátt í samsýningunni „List án landamæra“ í Reykjavík í tilefni af ári fatlaðra. Af sama tilefni var haldin sýning á myndverkum notenda í Deigluinni á Akureyri í desember. Starfsmenn Hæfingarstöðvar ásamt starfsmönnum nokkurra sambýla sáu um alla aðstoð við notendur í búningssklefum og á bakka vegna sundkennslu Fjölmennntar sem fram fer í Kristneslaug. Jólamarkaður var haldinn í desembermánuði þar sem framleiðsla notenda var seld.

Plastiðjan Bjarg/löjúlundur

Á Plastiðjunni Bjargi/löjúlundi fer fram starfsþjálfun og vernduð vinna fyrir fatlaða. Vinnustaðurinn er til húsa á Gleráreyrum. Vernduð vinna er fyrir fatlaða sem hafa nokkra starfsgetu en eiga ekki kost á vinnu á almennum vinnumarkaði. Starfsþjálfun er til að þjálfa fatlaða og langtíma atvinnulausa til starfa á almennum vinnumarkaði.

Fötlun starfsmanna er af ýmsum toga. Má þar nefna sjúkdóma í stoðkerfi, greindarskerðingu og geðraskanir. Einnig er samningur við Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra um starfsendurhæfingu atvinnulausa.

Framleiddar eru vörur sem skapa góð vinnuverkefni fyrir þennan starfsmannahóp en eru jafnframt samkeppnisfærar á markaði. Helstu vörutegundir eru raflagnaefni, lambamerki, ljósakrossar, kerti, mjólkursíur, vinnuvettlingar, nafna- og leiðaskilti, rúmföt og klútar.

Auk framleiðslustarfa aðstoða fatlaðir starfsmenn í eldhúsi staðarins, við skrifstofustörf og í verslun. Ræstihópur á vegum PBI sér um þrif á húsnæði Félagssviðs Akureyrarbæjar. Þar vinna að jafnaði 6 öryrkjar í hlutastarfi.

Á árinu voru 28 einstaklingar í verndaðri vinnu og 41 í starfsþjálfun, allir í 50 % starfi eða minna.

Unnið er náið með atvinnuleit fatlaðra að því aðstoða fólk við að fara á almennan vinnumarkað. Á síðasta ári fóru fimm í vinnu á almennum vinnumarkaði, tveir í skóla og einn á Hæfingarstöð.

Ný plastsprautuvél var tekin í notkun á árinu. Vélin hefur reynst mjög vel og skilað auknum gæðum við framleiðslu. Rúmföt, kerti, skilti, klútar, vettlingar o.fl. eru til sölu í verslun í Dalsbraut 1. Opnunartími þar er frá kl. 8.00-16.00.

Atvinnuleit fatlaðra

Hlutverk atvinnuleitarfulltrúa fatlaðra er að finna fólk með skerta vinnugetu vegna fötlunar vinnu við hæfi á almennum vinnumarkaði. Oft er fólk beint í starfsendurhæfingu til að byrja með og síðan eru örorkuvinnusamningar notaðir til að auðvelda aðkomu að vinnumarkaði. Umsækjendur hjá atvinnuleitarfulltrúa voru 13 á árinu og fengu 4 þeirra störf á almennum vinnumarkaði, þar af 2 á örorkuvinnusamningum. Þessu til viðbótar fengu þrír einstaklingar sem sóttu um á árinu 2002 störf á almennum vinnumarkaði, tveir á vinnusamningi öryrkja. Alls voru því 7 einstaklingar ráðnir til starfa á árinu á vegum atvinnuleitarfulltrúa. Alls voru 28 örorkuvinnusamningar í gildi á árinu. Veitt var „líðveisla á vinnustað“ eins og áður og var starfsmaður í hálfu starfi við það.

Á árinu hafa 66 einstaklingar, sem hafa notið starfsþjálfunar og aðstoðar við atvinnuleit, verið í störfum á almennum vinnumarkaði og eru það þremur fleiri en árið 2002. Af þessum 63 einstaklingum nutu 47 einhvern aðstoðar á vinnumarkaði á síðasta ári. Auk þessa leituðu 32 einstaklingar einhvern aðstoðar vegna sumarvinnu.

26.8.2003 : Í upphafi var leikskóli... Naustahverfi er nýjasta hverfið í bænum og þar hefur nýr leikskóli þegar tekið til starfa þótt íbúana vanti. Naustajörn nefnist leikskólinn og getur hann tekið við 96 börnum á aldrinum 2ja til 6 ára. Er gott til þess að hugsa að þessi þáttur í þjónustu bæjarfélagsins sé til staðar þegar nýir íbúar flytja í hverfið.





Grunnskólar

Skólar	Fjöldi nemenda	Drengir	Stúlkur	Fjöldi tilvísana	Hlutfall tilvísana
Brekuskóli	537	278	259	53	10%
Giljaskóli	337	183	154	26	8%
Glerárskóli	433	205	228	24	6%
Hlíðarskóli	15	15	0	3	20%
Lundarskóli	524	291	233	28	5%
Oddeyrarskóli	217	109	108	26	12%
Síðuskóli	464	239	225	35	8%
Grenivíkurskóli	49	26	23	6	12%
Hrafnagilsskóli	189	116	73	9	5%
Valsárskóli	76	34	42	2	3%
Þelamerkurskóli	98	50	48	9	9%
Alls á Akureyri	2527	1320	1207	195	8%
Alls utan Ak.	412	226	186	26	6%
Samtals	2939	1546	1393	221	8%

Styrkir til náms og verkfæra og tækjakaupa eru veittir skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðara. Úthlutað var tvisvar á sl. ári. Alls bárust 43 umsóknir þar af sóttu 6 einstaklingar um styrk tvisvar á árinu. 27 einstaklingar fengu styrk alls að upphæð 1.625.625.

Húsnæðismál

Öryrkjabandalag Íslands á 24 íbúðir á Akureyri sem leigðar eru öryrkjum, auk húsnæðis tveggja sambýla. Hægt er að sækja um íbúðir á netinu og á skrifstofu Akureyrarbæjar að Geislagötu 9. Fjölskyldudeild annast úthlutun og ýmislegt er lýtur að útleigu fyrir hönd Öryrkjabandalagsins. Á biðlista eftir íbúð í árslok voru 18 umsækjendur.

Börn með fötlun og fjölskyldur þeirra

Leikfangasafn er starfsrækt á fjölskyldudeild. Þar er veitt þroska- og leikþjálfun, þroski barna metinn og veitt uppeldisleg ráðgjöf til foreldra og annarra, svo sem leikskóla og stuðningsfjölskyldna sem annast börnin. Leikfangasafnið er búið sérhæfðum þjálfunargögnum til útláns. Vegna leyfa var ekki full starfsemi á leikfangasafninu á sl. ári en 7 börn fengu þjálfun og 10 börn komu í forathugun með tilliti til frekari greiningar eða annarar ráðgjafar.

Stuðningsfjölskyldur eru úrræði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Á árinu höfðu 26 börn stuðningsfjölskyldu frá 1 til 5 sólarhringa á mánuði.

Fjölskyldudeild gerir tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat fyrir börn með fötlun. Einnig aðstoðar deildin foreldra barna með vægari hegðunar- og þroskaraskanir við útfyllingu gagna er varða umönnunarmat þó deildinni sé ekki ætlað að gera tillögur. Á skrá hjá fjölskyldudeild voru um 100 fjölskyldur með umönnunarbætur vegna fötlunar eða alvarlegra þroska- eða hegðunarraskana og enn fleiri foreldrar voru aðstoðir vegna vægari erfiðleika.

Leikskólar

Leikskólar	Fjöldi nemenda	Fjöldi tilvísana	Fjöldi heimsókna	Hlutfall tilvísana
Árholt	44	4	8	9%
Flúðir	116	5	10	4%
Hlíðarból	65	1	7	2%
Holtakot	37	4	9	11%
Íðavöllur	113	9	15	8%
Kiðagil	126	9	12	7%
Klappir	37	3	2	8%
Krógaból	120	6	16	5%
Lundarsel	88	3	18	3%
Naustatjörn	92	2	3	2%
Pálmholt	64	1	8	2%
Síðusel	81	5	17	6%
Sunnuból	63	2	3	3%
Álfaborg	19	5	7	26%
Álfasteinn	20	1	7	5%
Krummafótur	38	3	5	8%
Krummakot	48	6	5	13%
Alls á Akureyri	1046	54	128	5%
Alls utan Ak.	125	15	24	12%
Alls	1046	69	152	7%

Skólamál

Sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla á Akureyri og nágrenni er sinnt af tveimur sálfræðingum og þremur sérkennsluráðgjöfum, tveimur fyrir grunnskóla og einn fyrir leikskóla. Vand barna er metinn með prófum, viðtölum og athugun á námsumhverfi og tillögur gerðar um úrbætur í samvinnu við fjölskyldu og skóla. Í framhaldi af greiningu fylgir ýmis ráðgjöf til kennara, foreldra og nemenda. Einnig geta foreldrar leitað beint til sérfræðipjónustunnar. Þyngri greiningum á málþroska og beiðnum um talkennslu er vísað til sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga sem Akureyrarbær kaupir þjónustu af.

Starfsmenn vinna að undirbúningi fatlaðra nemenda úr leikskóla í grunnskóla og sömuleiðis úr grunnskóla í framhaldsskóla. Sérfræðipjónustan kemur að mati á þörf fyrir sérkennslu í samráði við skóladeild.

Auk greininga og ráðgjafar var leikskólaráðgjafi með fræðslu og umræðuhópa fyrir stuðningsaðila á leikskólum. Skólasálfræðingur tók þátt í rannsókninni „Hugur og heilsa“ sem miðar að forvörnum við þunglyndi hjá unglingum. Sem liður í þeirri rannsókn hafa verið lagðir fyrir skimunarlistar til að kanna líðan unglinga í öllum 9. bekkjum á Akureyri og í framhaldi af því boðið upp á viðeigandi úrræði. Að þessu sinni eru tölur í ársskýrslu ekki fyllilega sambærilegar tölum frá fyrra ári, þar sem núna er miðað við skólaár en áður var gengið út frá almannaksári. Einnig verður að hafa í huga að á bak við hverja tilvísun getur legið mismikil vinna eða allt frá einu viðtali upp í margar og flóknar greiningar, heimsóknir í skóla og ráðgjöf.



Barnavernd

Áframhaldandi aukning var á umfangi barnaverndarmála á árinu 2003 bæði er varðar fjölda tilkynninga og fjölgun mála í heild. Almenn má segja að aldur barna sem lögregluskýrslur berast um sé að færast neðar og sama á við um neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Á árinu fóru 5 börn í greiningar- og meðferðarvistun (Stuðlar og Barna- og unglingageðdeild). Neyðarvistun á Stuðlum var notuð í tveimur tilvikum vegna tveggja barna og sex börn voru í langtíma meðferð á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu.


Fimmtán mál komu upp vegna jafnmargra barna, 10 stúlkna og 5 drengja, þar sem grunur var um kynferðislegt ofbeldi. Í átta málum var óskað eftir lögreglurannsókn.

Ný mál á árinu voru 143 en unnið var í 286 barnaverndarmálum.


Helstu úrræði sem notuð voru til stuðnings og leiðbeiningar fyrir börn og fjölskyldur á árinu voru tilsjón, persónuleg ráðgjöf og stuðningsfjölskyldur

Barnaverndarúrræði:	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Stuðningsfjölskyldur							
Fjöldi heimila	7	13	11	20	18	16	16
Fjöldi barna	7	15	17	24	26	23	22
Tilsjónarmenn							
Fjöldi starfsmanna	13	8	4	5	8	10	6
Fjöldi barna	14	10	3	5	9	11	6
Persónulegur ráðgjafi							
Fjöldi starfsmanna	12	12	6	6	7	14	13
Fjöldi barna	15	15	7	8	7	15	16

Heildarfjöldi nýrra barnaverndarmála



Heildarfjöldi barnaverndartilkynninga



Heildarfjöldi barnaverndartilkynninga þar sem grunur var um að börn byggju við óviðunandi aðbúnað var 251 vegna 191 barna sem er mikil fjölgun frá fyrra ári.

Heilsugæslustöðin á Akureyri

Í byrjun árs 2003 var undirritaður samningur milli Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Akureyrarbæjar um áframhaldandi rekstur bæjarins á Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Samningurinn gildir til ársloka 2006 og gert er ráð fyrir mögulegri endurnýjun um 5 ár. Eins og í fyrri samningum er meginmarkmið hans að efla stjórn sveitarfélagsins á málaflokknum, bæta þjónustu við íbúana og nýta betur fjármagn hins opinbera. Almenn sátt er meðal starfsfólks Heilsugæslustöðvarinnar um þetta fyrirkomulag, enda flestir sammála um að heilsugæsluþjónusta eigi mjög marga sammerkt með annarri félagsþjónustu sem veitt er af hendi sveitarfélagsins. Umdæmi HAK er sem fyrr 8 sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal: Akureyri, Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðseyrarhreppur. Einnig tilheyra fyrirverandi íbúar Hálsahrepps til umdæmis HAK að eigin ósk en hreppurinn hefur samþykkað öðrum hreppum undir nafni Þingeyjarsveitar. Íbúafjöldi í umdæminu var 18.747 þann 1. desember 2003.

Í heildina má segja að starfsemin hafi gengið vel á árinu. Rekstur HAK var innan fjárhagsramma. Starfsfólk HAK tók virkan þátt í stefnumótun og þróun þjónustu sem veitt er á Félagssviði. Framkvæmd Fjölskyldustefnu Akureyrarbæjar heldur áfram og njóta bæjarbúar tvímælalaust góðs af samstarfi deilda sviðsins

Heilsugæslustöðin veitti á árinu 2003 eftirfarandi þjónustu:


	Fjöldi samskipta annara en símtala:
Almenn heimilislækna- og vaktþjónusta	33.708
Mæðravernd	2.210
Ungbarnavernd	3.688
Heilsugæsla í skólum	21.131
Unglingamóttaka	112
Fjölskylduráðgjöf	739
Krabbameinsleit	1.390
Aðgerða- og skiptistofa (hj.fr.)	7.324
Heilsugæslusel á Grenivík (hj.fr.)	297

sem sér um alla félagsþjónustu sveitarfélagsins. Helsta auðlind heilsugæslunnar er vel menntað og hæft starfsfólk og eigum við því láni að fagna að hér starfar fólk sem hefur metnað og vilja til að bæta og þróa þjónustuna. Fjöldi rannsóknarverkefna er glögg dæmi um það en ekki færri en átta rannsóknarverkefni voru í gangi á HAK á árinu en lokið var við tvær rannsóknir: Líðan kvenna í kjölfar breyttra starfsaðferða í mæðra- og ungbarnavernd á HAK og rannsókn Magnúsar Ólafssonar og samstarfsmanna á öfþyngd skólabarna og áhrif á líðan og námsárangur.

Heimilislæknaþjónusta

Þjónusta heimilislækna er með svipuðu móti og verið hefur. Ekki er hægt að bjóða öllum íbúum svæðisins að velja sér heimilislækni þar sem að a.m.k. einn fastan lækni vantar til viðbótar til að fullnægja þörfum íbúa fyrir fastan heimilislækni. Rúmlega 2000 manns eru án heimilislækis á svæðinu. Þar að auki eru sinnir HAK lækniþjónustu við öldrunarstofnanir bæjarins þar sem ekki hefur hægt að leysa þau mál öðrum hætti og hefur það áhrif á tímaframboð hjá heimilislæknum fyrir almenning. Samkvæmt bókunarforriti hefur stofuviðtölum fækkað um 3,5% frá árinu 2002 en þess ber að geta að staðtölugerð í Söguforritinu er ekki með öllu áreiðanleg. Ekki er hér um að kenna minnkandi eftirspurn eftir þjónustu, en þó hefur meðalbiðtími eftir tíma hjá heimilislækni ekki lengst frá árinu 2002 og er ennþá 1,7 dagar en var 1.6 árið 2001. Aðsókn að bráðadagvaktinni á HAK er alltaf talsvert mikil, jafnvel þótt tímar hafi verið lausir hjá heimilislæknum viðkomandi sjúklinga fyrr um daginn. Aðsókn að vaktmóttöku heimilislækna á FSA var nákvæmlega sú sama og árið áður. Svo virðist sem fólk sækist í æ ríkari mæli eftir skyndiþjónustu samdægurs eða síðdegis, jafnvel þótt það kosti langa bið á biðstofu og meira fé.

Samskipti við heimilislækna



Mæðravernd

Mæðravernd var með hefðbundnum hætti þetta árið. Flestir verðandi foreldrar mæta í mæðraskoðun á 4-6 vikna fresti fram að fæðingu og oft þéttar undir lokin. Heimilislæknar bjóða hinna verðandi móður í viðtal snemma á meðgöngunni og metið er hvort fjölskyldan þurfi á aukalegum stuðningi að halda, þá oftast frá ljósmæðrum, heimilislæknum eða fjölskylduráðgjafa.


Ungbarnavernd

Bryddað var upp á þeirri nýjung á árinu að bjóða upp á foreldranámskeið fyrir nýbakaða foreldra og er það námskeið beint framhald af foreldrafræðslu á meðgöngu. Námskeiðið sem er í þremur hlutum var haldið 4 sinnum á árinu.

Heilsugæsla í skólum

Hjúkrunarfræðingar á vegum heilsugæslunnar starfa í grunnskólum en þeir eru 12 í umdæmi HSK. Umfang stöðugilda hjúkrunarfræðinga ræðst af fjölda barna í hverjum skóla. Hjúkrunarfræðingar hafa aðsetur í skólunum og vinna í nánú samstarfi við starfsfólk skólanna. Þeir sitja flesta fundi nemendaverndarráðs. Hver skóli er með skólalækni sem sinnir reglubundnum skoðunum ásamt því að vera bakhjarl hjúkrunarfræðings. Hjúkrunarfræðingar á vegum heilsugæslunnar eru ekki starfandi í framhaldsskólum en ákveðnir heimilislæknar eru fastir skólalæknar í framhalds- og háskólum og geta nemendur sem ekki eiga heimilislækna hér sótt þjónustu til skólalækis síns. Mikið var að gera fyrstu mánuði ársins þegar herferð Landlæknisembættisins gegn heilahimnubólgu stóð sem hæst og voru börn yngri en 18 ára bólusett. Rúmlega 90% barna á þessum aldri var bólusettur á svæði HAK og nægir það til að koma í veg fyrir faraldur heilahimnubólgu.

Fjöldi koma í unglingamóttöku 2002-2003



Unglingamóttaka

Móttakan er opin einn klukkutíma einu sinni í viku og er ætluð fyrir unglinga á aldrinum 13-20 ára. Þangað getur ungt fólk komið með ýmis vandamál sem tilheyra unglingasárun.



14.10.2003 : Nemendur í fangelsi
Í dag fóru nemendur úr 5.bekk grunnskóla Akureyrarbæjar í heimsókn á lögreglustöðina þar sem þeir skoðuðu innviði hennar um leið og þeim var kynnt starf lögreglunnar. Þetta er fyrsti tíminn í þOR verkefninu en það stendur fyrir þú Og Raunveruleikinn og er það samstarfsverkefni Lögreglunnar á Akureyri og Forvarnarfulltrúa Akureyrarbæjar.




um. Hefur aðsókn í þessa þjónustu vaxið þau 4 ár sem unglingamóttakan hefur verið starfandi. Helstu ástæður komu eru vandamál tengd kynhegðun og sálfélagsleg vandamál.

Fjölskylduráðgjöf

Fjölskylduráðgjöf heilsugæslunnar er opin þjónusta fyrir fólk í umdæmi heilsugæslustöðvarinnar sem allir geta nýtt sér í gegnum símatíma eða tilvísanir. Fjölskylduráðgjöfin leggur áherslu á fjölskylduförvarnir og þá sérstaklega í samvinnuverkefninu „Nýja barnið“ með þverfaglegri þjónustu við verðandi og nýorðna foreldra í þeim tilgangi að efla foreldrahæfni og fjölskylduheilbrigði. Forgangshópar eru verðandi foreldrar, foreldrar ungra barna og einstæðir foreldrar. Einnig er reynt eftir föngum að sinna fjölskyldum sem eru að glíma við sambúðarkreppur, áföll eða uppeldisvanda. Stærstu málaflokkarnir tengjast tilfinningalegri vanlíðan, áfallaúrvinnslu, uppeldismálum, sambúðarferfiðleikum og skilnaðarúrvinnslu (ráðgjöf til foreldra vegna forsjármála er að öllu jöfnu vísað til fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar).

Krabbameinsleit

Konur nýttu sér vel þjónustu krabbameinsleitar þetta árið og var mætingin með mesta móti. Eru allar konur á aldrinum 20-69 ára boðaðar með bréfi frá Krabbameinsfélagi Íslands í skoðun á tveggja ára fresti þar sem tekin eru stökusýni frá leghálsi og brjóstamyndataka er gerð hjá konum 40 ára og eldri en brjóstamyndatökan fer fram á FSA í framhaldi af skoðun á heilsugæslustöðinni. Mun fleiri konur greindust með frumubreytingar og krabbamein en undanfarin ár og má að hluta leita skýringa í auknar komur yngri kvenna í krabbameinsleit en athygli vekur að mun yngri konur greindust með krabbamein í legi en fyrri ár. Er því ástæða til að hvetja konur á aldrinum 20-40 ára sérstaklega til að mæta í krabbameinsleit.



Aðgerða- og skiptistofur

Á aðgerða- og skiptistofu vinna hjúkrunarfræðingar og lækningar að ýmsum smáaðgerðum, eins og blettatökum, sáræðferð, saumatökum, vörtuæðferð og fleira. Hjúkrunarfræðingar sáu um að bólusetja framhaldsskólanema fyrir heila-himnubólgu í byrjun árs og um inflúensubólusetningar í október. Nauðsynlegt reyndist að stytta símatíma hjúkrunarfræðinga í tvo tíma daglega til að sinna þeim sem þurfa að komast að á skiptistofu.

Heilsugæslusel á Grenivík og Grímsey

Sem fyrr sinnti hjúkrunarfræðingur á Grenivík allri hjúkrunarþjónustu í Grýtubakkahreppi. Læknar voru með móttöku tvisvar í viku á Grenivík. Til Grímseyjar flugu læknar á þriggja vikna fresti og hjúkrunarfræðingur fór með þeim við skóla-skoðanir og í ungabarnavernd.

Búsetudeild

Búsetudeild Akureyrarbæjar veitir ýmiss konar þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni sem kann að fylgja hækkandi aldri, fötlun eða veikindum. Auk þess að þjónusta Akureyringa sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt þjónustusamningum þar að lútandi.

Réttur fólks til að fá þjónustu byggir annars vegar á þeim lögum sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustuna og hins vegar á greiningu á þörf einstaklingsins í hverju tilviki. Starfsfólk búsetuþjónustunnar skoðar hverja beiðni fyrir sig, metur þörfina í samráði við umsækjandann og reynir að finna leiðir til úrlausnar.

Búsetudeild veitti á árinu 2003 búsetuþjónustu í eftirfarandi formi:

- Heimaþjónusta (almenn heimaþjónusta, félagsleg liðveisla og frekari liðveisla)
- Heimahjúkrun
- Búseta með þjónustu (sambýli, þjónustuíbúðir, áfangaheimili, heimili f. börn)
- Skammtíamavistun fyrir fólk með fötlun
- Skóla- og sumarvistun fyrir börn með fötlun
- Ferliþjónusta (afgreiðsla umsókna)
- Ráðgjöf iðjupjálfa
- Dagþjónusta aldraðra
- Tólmstundastarf aldraðra
- Þjónustuhópur aldraðra
- Heilsuefandi heimsóknir til aldraðra

Heimaþjónusta Akureyrarbæjar

Heimaþjónusta Akureyrarbæjar samanstendur af þremur þáttum, hefðbundinni heimilisþjónustu, frekari liðveislu og félagslegri liðveislu. Þjónustusvæðið skiptist í tvö hverfi sem stýrt er af hverfisstjórum. Heimaþjónusta og heimahjúkrun starfa hlið við hlið og er fjallað um allar þjónustubeiðnir á sameiginlegum fundum.

Hefðbundin heimilisþjónusta var á árinu veitt 707 einstaklingum á 561 heimili og 496 höfðu stöðuga þjónustu allt árið. Eins og áður eru aldraðir stærsti notendahópurinn en alls fengu 417 heimili aldraðra þjónustu, 74 heimili fengu þjónustu vegna fötlunar eða langvarandi veikinda yngra fólks, 50 heimili vegna tímabundinna veikinda, 17 heimili vegna veikra eða fatlaðra barna og 3 heimili vegna fjölburafæðinga.


Í lok árs störfuðu 39 starfsmenn í 30,9 stöðugildum í þessum þjónustupætti og er það svipað og árið 2002

Heimsendan mat nýttu sér alls 115 einstaklingar á árinu.

Frekari liðveisla er í raun sérhæfð heimilisþjónusta sem skal taka við þegar hefðbundinni þjónustu sleppir. Leitast er við að eyða skilum á milli þessara tveggja þjónustupátta. Greinarmunurinn er gerður vegna þess að rekstraraðilar voru áður tveir.



Hér fyrir neðan er sýnd þróun síðustu ára varðandi fjölda þeirra sem njóta þjónustunnar.



Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra annaðist áður frekari liðveislu skv. lögum um málefni fatlaðra og fluttist hún til bæjarins sem reynslusveitarfélags. Við frekari liðveislu störfuðu á árinu 9 starfsmenn í 4,7 stöðugildum.

Félagsleg liðveisla er ætluð þeim sem þurfa félagslega aðstoð við að rjúfa persónulega einangrun og markmiðið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar- og félagslífs. Þjónustu fengu um 120 einstaklingar um lengri eða skemmri tíma. Hver þeirra fær að jafnaði 10-16 tíma á mánuði og algengast er að einn starfsmaður annist félagslega liðveislu við hvern og einn. Við félagslega liðveislu störfuðu um níutíu manns, yfirleitt í tímavinnu.

Heimahjúkrun

Heimahjúkrun er byggð á vitjunum og annast hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar alla þá hjúkrun sem við á og hægt er að framkvæma við þær aðstæður sem heimili býður upp á. Heimahjúkrun starfar við hlið heimabjónustunnar undir faglegri stjórn Heilsugæslustöðvarinnar og deildarstjóri heimahjúkrunar hefur aðsetur á stöðinni. Þjónustan nær til alls heilsugæslusvæðisins, frá Fnjóskadal til Hjalteyrar. Vinnutíminn er frá kl. 8-16 alla virka daga en um helgar og á hátíðisdögum sinna einn hjúkrunarfræðingur og einn sjúkraliði vitjunum frá kl. 8-12. Öll kvöld frá kl. 17-22 er einn sjúkraliði sem fer í vitjanir á vegum heimahjúkrunar. Stöðugildi hjá heimahjúkrun eru 12,8.

Á árinu 2003 fengu 378 einstaklingar þjónustu heimahjúkrunar þar af 20 utan Akureyrar. Af þessum 378 voru 109 karlar og 269 konur. Nýir skjólstæðingar voru 112 og 106 voru útskrifaðir.

Búseta með þjónustu

Innan búsetudeildar var unnið að mótun stefnu í búsetumálum fólks með fötlun og var stefnan samþykkt í bæjarstjórn í júnímánuði. Hægt er að nálgast stefnuna á heimasíðu bæjarins. Mikið samráðsferli fór fram við undirbúning stefnunnar og má með sanni segja að vel hafi tekist til og vakti þessi vinna verulega athygli á landsvisu. Í framhaldinu var unnið að því að koma málum fram og standa vonir til að fyrstu áfangarnir komist í framkvæmd á árunum 2004 og 2005.

Búsetudeild býður fólki með fötlun upp á nokkur form búsetu með þjónustu til að mæta mismunandi þörfum. Mark-

miðið er að sem flestir búi eins og best hentar þörfum þeirra og að hver og einn verði eins sjálfstæður og kostur er. Stöðugildi í þessum þjónustupætti voru árið 2003 um 74.

Sambyli fatlaðra

Sambyli eru heimili 3-6 einstaklinga, 16 ára og eldri, sem ekki geta búið einir og þurfa á þjónustu að halda til að geta haldið heimili. Þjónustan er einstaklingsbundin og veitt eftir þörfum af starfsmönnum Búsetudeildar. Á árinu 2003 nutu 44 einstaklingar þjónustu á sambylum.

Þjónustuíbúðir fyrir fatlaða


Þjónustuíbúðir eru íbúðir sem byggðar eru í sama húsi og skipulögð er sérstök þjónusta við húsið í heild út frá þörfum þeirra einstaklinga sem þar búa. Alls fengu 13 manns þjónustu í þessu formi á árinu

Áfangaheimili fyrir geðfatlaða

Á Akureyri er rekið eitt áfangaheimili fyrir geðfatlaða og búa þar að jafnaði 7 íbúar. Á áfangaheimili gefst íbúum kostur að búa tímabundið eftir að hafa dvalið á stofnun til að undirbúa sjálfstætt líf. Á árinu bjuggu alls 10 einstaklingar á áfangaheimilinu.

Heimili fyrir börn

Heimili fyrir börn eru ætluð börnum 0-18 ára sem vegna fötlunar sinnar geta ekki búið í foreldrahúsum. Öll umönnun og uppeldi sem fer fram á heimilinu er í samráði við forráðamenn barnsins. Fjögur börn nutu slíkrar þjónustu á árinu.



Skammtíamavistun

Skammtíamavistun er til húsa í Skólastíg 5. Skammtíamavistun er stoðþjónusta fyrir fatlaða og fjölskyldur þeirra þar sem fjölskyldur barna með fötlun eiga kost á því að börnin njóti tíma-bundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðna með fötlun sem búa í foreldrahúsum.

Þjónustunni er ætlað að létta álagi af fjölskyldum, veita einstaklingum tilbreytingu og stuðla með þeim hætti að því að þeir geti búið heima svo lengi sem þeir óska. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja í viku í senn.



Einnig er boðið upp á neyðarvistun en um þá þjónustu er hægt að sækja til forstöðumanns ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni. Meðan á dvöl stendur sinna gestir skóla eða vinnu eftir því sem við á.

Í skammtímaðvistun er lögð áhersla á að:

- Skapa aðstæður sem gefa fötluðum gestum kost á að kynnast og umgangast aðra gesti í gegnum leik og starf
- Gestirnir séu þátttakendur í öllum störfum svo sem mögulegt er
- Þjálfun fléttist inn í leik og dagleg störf og sé sem ósýnilegust
- Hver og einn gestur fái notið sín á eigin forsendum
- Upplyfting og skemmtun sé við hæfi hvers og eins

Undanfarin mörg ár hefur sá háttur verið hafður á að loka í skammtímaðvistun í 6-7 vikur yfir sumarið en bjóða þess í stað upp á sumardvöl að Botni í Eyjafjarðarsveit. Árið 2003 var gerð sú breyting að engin sumarlokun var á Skólastíg en dregið verulega úr starfsemi í Botni. Starfsemi skammtímaðvistunar fluttist í Botni í tvær vikur og auk þess var boðið upp á aukavistun í Skólastíg þannig að hægt væri að bjóða upp á lengri samfellda dvöl.

Auk þessa hefur skammtímaðvistun í nokkuð mörg ár tekið þátt í sumardvalarkostnaði fyrir hóp fatlaðra barna og ungmenna sem ella gætu ekki nýtt sér sumardvöl. Sumarið 2003 var veittur stuðningur vegna sumardvalar á Vestmannsvatni, Löngumýri í Skagafirði og á Hálsi í Fnjóskadal. Þessi þjónusta nýttist 16 einstaklingum sem dvöldu á stöðunum samanlagt í 175 sólarhringa.

Gestir skammtímaðvistunar í Skólastíg og Botni voru 24 talsins á árinu 2002. Þar af voru 19 börn og 5 fullorðnir. Dvalar-sólarhringar voru samtals 1557.

Stöðugildi í skammtímaðvistun voru 7,4.

Skólavistun fyrir 10-16 ára börn með fötlun

Skólavistun er í boði á starfstíma grunnskólanna fyrir þá nemendur sem fötlunar sinnar vegna geta ekki nýtt sér tómstundatilboð sem öðrum börnum á sama aldri er boðið upp á og þurfa meiri aðstoð og leiðsögn en almennt stendur til boða.

Fyrri hluta ársins 2003 var skólavistunin starfrækt í húsnæði Skammtímaðvistunar að Skólastíg 5 og nýttu hana sjö börn.

Frá haustinu fluttist starfsemi í Árholt en þar var áður leikskóli. Húsnæðið var aðlagð þörfum skólavistunarinnar og

var það mikil bót að fá sérstakt húsnæði fyrir starfsemi. Um leið fluttist umsjón með starfseminni til Glerárskóla sem tekur jafnframt að sér rekstur sumarvistunar f. börn með fötlun sem einnig mun hafa aðsetur í Árholti.

Sumarvistun fyrir börn með fötlun

Sumarvistun er í boði fyrir 6-16 ára börn með fötlun sem ekki geta nýtt sér önnur tómstundatilboð sem Akureyrarbær í samvinnu við hin ýmsu félög býður upp á yfir sumartímann. Sumarið 2003 var vistunin í umsjá Búsetudeildar og starfrækt í Glerárskóla en verður framvegis í Árholti eins og fyrr er sagt. Boðið var upp á þjónustu í 10 vikur og alls notuðu 12 börn þetta tilboð. Dvalardagar voru samtals 298.

Ráðgjöf iðjubjálfa

Á árinu var boðið að nýju upp á ráðgjöf iðjubjálfa eftir nokkurt hlé. Iðjubjálfinn var í 50% stöðu og alls bárust 134 beiðnir um ráðgjöf, 89 frá konum og 45 frá körlum. Flestar beiðnir voru um heimilisathugun og/eða ráðgjöf vegna hjálpartækja.

Auk þess kemur iðjubjálfinn að ráðgjöf og fræðslu til starfsmanna deildarinnar og tekur þátt í að meta beiðnir um þjónustu.

Þjónustuhópur aldraðra

Þjónustuhópur aldraðra starfar á vegum allra sveitarfélaga á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri en starfsmenn hópsins eru ráðnir til Búsetudeildar.

Verkefni þjónustuhópsins eru eftirfarandi:

- Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu
- Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu
- Að leitað við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru
- Að meta þörf aldraðra fyrir vistun á stofnunum með svokölluðu vistunarmati

Alls var vistunarmat gert 146 sinnum á árinu 2003. Ráðstafað var 68 rýmum og þar af fluttu tveir af vistunarskrá á stofnanir utan svæðisins. Biðlisti eftir stofnanarþjónustu lengdist enn á árinu og í árslok biðu 117 einstaklingar eftir slíkri úrlausn þar af 29 í brýnni eða mjög brýnni þörf fyrir þjónusturými og 41 í brýnni eða mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarými.



akureyri.is



Heilsuefandi heimsóknir til aldraðra

Heilsuefandi heimsóknir eru nýjung í þjónustu við aldraða hér á landi og hófust hér á Akureyri sem tilraunaverkefni á árunum 2000 og 2001. Árangur verkefnisins þótti lofa góðu og því tóku bæjaryfirvöld ákvörðun um að festa þjónustuna í sessi.

Þjónustan felst í því að íbúum 75 ára og eldri á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri, sem búa heima og njóta ekki heimahjúkrunar, er boðið upp á heimsókn heilbrigðisstarfsmanns einu sinni til tvisvar á ári. Í heimsóknunum er rætt um heilsufar og heilbrigði, öryggi, búsetu, tómstundir og fleira auk þess sem veitt er ráðgjöf og upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er. Auk heimsóknanna hafa starfsmenn símatíma alla virka daga.

Tilgangur þjónustunnar er m.a. að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði eldri borgara sem lengst og að stuðla að öryggiskennd og sjálfstrausti.

Um 75% þeirra sem boð fengu um heimsókn þáðu þjónustuna eða um 485 manns.

Starfsmenn eru þrír í 1,65 stöðugildum.

Félagsstarf aldraðra og dagþjónustan í Víðilundi

Félagsstarf aldraðra fer fram í þjónustu- og félagsmiðstöð aldraðra í Víðilundi, í Bjargi við Bugðusíðu og í Félagsheimili eldri borgara við Lundargötu. Dagskrá starfsins er fjölbreytt og er hún auglýst tvisvar á ári og auk þess liggja bæklingar frammi á ofangreindum stöðum og í þjónustuanddyri bæjar-

ins. Félagsstarfið er opið öllum sem orðnir eru sextugir. Alls tóku 398 einstaklingar þátt í félagsstarfinu á árinu 2003, 302 konur og 96 karlar.

Á vordögum var sett upp handverkssýning og söluhorn í Víðilundi þar sem 98 einstaklingar sýndu verk sín. Sýningin stóð í þrjá daga. Í tengslum við sýninguna var kaffisala. Konur sem sóttu starfseminu bökuðu tertur og annað brauðmeti ásamt því að vinna við og í kringum kaffisölu og sýningu.


Hin árlega aðventuskemmtun í Víðilundi var haldin í fyrstu viku aðventu þar sem húsfyllir var eða 130 manns.

Auk félagsstarfsins er í þjónustumiðstöðinni hægt að komast í hársnyrtingu og fá þjónustu fóttaaðgerðafræðings. Morgunverð, síðdegiskaffi og hádegisverð er hægt að kaupa alla virka daga. Ár frá ári koma fleiri til að nýta sér dagblöð sem liggja frammi til lestrar, fá sér kaffisopa og njóta félagsskapar.

Í þjónustumiðstöðinni í Víðilundi er einnig boðið upp á dagþjónustu fyrir eldri borgara virka daga. Dagþjónusta er stuðningsúrræði fyrir þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Þar er boðið upp á fjölbætta aðstoð, félagslegan stuðning og ráðgjöf. Sækja þarf um þessa þjónustu til forstöðumanns eða upplýsingafulltrúa þjónustuhóps aldraðra. Hægt er að taka á móti allt að 16 dagvistargestum í einu. Margir koma þó ekki alla daga þannig að þjónustan nýtist mun fleirum.

Árið 2003 voru dagþjónustugestir samtals 52, 42 konur og 10 karlar.

Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum 1997-2003





Öldrunarstofnun

Öldrunarstofnun Akureyrarbæjar rekur 3 heimili fyrir alls 180 íbúa. Heimilin eru:

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlíð, þar eru 97 hjúkrunarrými, 5 rými fyrir hvíldarinnlagnir og 5 dvalarrými. Í raðhúsum við Hlíð eru auk þess 16 dvalarrými, en þar hafa einnig verið leiguíbúðir sem smám saman hefur verið breytt í dvalarrými vegna breyttra þarfa.

Dvalarheimilið Kjarnalundur þar sem eru 48 dvalarrými.

Sambýlið Bakkahlíð, en þar eru 8 hjúkrunarrými sérstaklega ætluð einstaklingum með heilabilun.

Ríkið gefur út leyfi fyrir fjölda dvalar- og hjúkrunarrýma á hverjum stað og greiðir svokölluð daggjöld sem eiga að standa undir rekstri hjúkrunar- og dvalarheimila. Í hjúkrunarrýmum eru einstaklingar sem þurfa hjúkrun og sólarhringsumönnun og námu daggjöld árið 2003 12.360 kr. á dag. Í dvalarrýmum eru íbúar sem þurfa stöðugt eftirlit en minni umönnun og námu daggjöld 5.330 kr. á dag.

Á öldrunarstofnunum er rekin dagþjónusta, mótuneyti og þvottahús, auk þess sem boðið er upp á iðjupjálfun, sjúkraþjálfun, félagsstarf, lækniþjónusta, há- og fóttaðgerðir o.fl.

Meðferð umsókna

Þjónustuhópur aldraðra sér um að meta vistunarþörf aldraðra og taka starfsmenn þjónustuhópsins, sem staðsettir eru á Búsetudeild, við umsóknum um vistun á öldrunarstofnanir Akureyrarbæjar og Sel á FSA og gera svokallað vistunarmat á umsækjendum. Umsækjendum er síðan forgangsraðað eftir þörf og boðin vistun eftir þeirri forgangsroðun.

Dagþjónusta

Dagþjónusta aldraðra er stuðningsúrræði fyrir þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjón til að geta búið áfram heima. Í dagþjónustu er boðið upp á flutningsþjónustu, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Sækja þarf um dagþjónustu til starfsmanna þjónustuhóps aldraðra.

Í Hlíð er rekin dagþjónusta fyrir aldraða og á árinu 2003 fjölgaði leyfum ráðuneytisins fyrir dagþjónusturými úr 8 í 12, þar af eru 8 fyrir einstaklinga með heilabilun. Þessi rými voru að jafnaði nýtt af 44 einstaklingum í mislangri þjónustu. Greiðslur frá ríkinu fyrir dagþjónusturými námu 2.710 kr. á dag í almenn rými og 7.036 kr. á dag fyrir einstaklinga með heilabilun.

Félagsstarf

Boðið er upp á fjölbreytt félagsstarf fyrir íbúa öldrunarstofnana. Lögð er áhersla á alls kyns iðju, afþreyingu og samveru. Gestir í dagþjónustu, sem nefnd er hér á undan, njóta einnig þjónustu félagsstarfsins og voru þessir þjónustubættir, þ.e.a.s. dagþjónusta og félagsstarf íbúa samþættir á árinu og ráðinn nýr sameiginlegur yfirmaður.

Iðjupjálfun

Í iðjupjálfun er lögð áhersla á að viðhalda getu og auka færni íbúa við iðju með fræðslu, ráðgjöf og þjálfun. Ánægja er með þennan nýlega þjónustubátt og voru stöðugildi iðjupjálfa aukin úr 1,0 í 1,8 á árinu.

Sjúkraþjálfun

Í Hlíð og í Kjarnalundi er aðstaða til líkamspjálfunar og endurhæfingar og þar er veitt þjónusta sjúkraþjálfara. Íbúar Bakkahlíðar eiga einnig kost á sjúkraþjálfun og sækja þjálfunina í Hlíð. Sjúkraþjálfarar frá Eflingu sjá um sjúkraþjálfunina auk

aðstoðarmanns. Árið 2003 var sjúkraþjálfun veitt í 1.620 skipti í Hlíð og 795 skipti í Kjarnalundi. Samanlagt var sjúkraþjálfun því veitt í 2.415 skipti á árinu eða 13,4 skipti pr. íbúa. Þar að auki komu til aðstoðarmanns sjúkraþjálfara 78 einstaklingar í samtals 3.952 skipti.

Lækniþjónusta

Læknar Heilsugæslustöðvarinnar sinna lækniþjónustu við íbúa öldrunarstofnana með fastri viðveru á hverri deild. Utan þess tíma þjónusta þeir heimilin eftir þörfum hverju sinni.

Viðbygging við Hlíð

Mikill skortur hefur verið á stofnanarymum fyrir aldraða á Akureyri og langir biðlistar hafa myndast undanfarin ár. Bæjaryfirvöld hafa unnið hörðum höndum að því að fá leyfi fyrir byggingu fleiri hjúkrunarrýma og á árinu náðust loks samningar við Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um viðbyggingu við Hlíð. Akureyrarbær bauðst til þess að borga 30% af byggingarkostnaði í stað 15% eins og venjan er og varð það til þess að samningar tókust. Viðbygging þessi mun rúma 60 ný hjúkrunarrými og var áætlað að 30 rými yrðu tekin í notkun í árslok 2004, en hin 30 í árslok 2005. Af ýmsum orsökum tafðist undirbúningsvinna strax í byrjun og var fljótlega fyrirséð seinkun á áætluðum byggingatíma. Bæjaryfirvöld fóru því í samningaviðræður við ráðuneytið og fengu því framgengt í árslok, að leyfi fékkst fyrir fjölgun hjúkrunarrýma um 15 frá 1. apríl 2004 svo fremi að Akureyrarbær útvegaði húsnæði til starfsseminnar. Leitað var húsnæðis sem hægt væri að breyta með svo stuttum fyrirvara og reyndist eini valkosturinn innan þessa tímaramma vera að fara í endurbætur á Skjaldarvík. Ákveðið var að fara í nauðsynlegar endurbætur og eru menn bjartsýnir á að það takist að útbúa notalegar aðstæður fyrir væntanlega íbúa í Skjaldarvík.

Skóladeild

Hlutverk skóladeildar er að vera leiðandi í stefnumörkun, vinna að áætlanagerð í samráði við skólastjóra, hafa eftirlit með rekstri og faglegu starfi skólanna, stuðla að samstarfi skólanna, koma fram fyrir hönd skólanna þegar það á við, taka við athugasemdum varðandi starfsemi skólanna og vinna úr þeim, leysa úr ágreiningsmálum sem upp kunna að koma, halda utan um biðlista og innritun í leikskóla, safna saman upplýsingum um starfsemi skólanna og koma þeim á framfæri.

Starfsmenn voru 6 í 5,5 stöðugildum.

Fagráðgjöf

Samkvæmt ákvörðun skólanefndar starfar einn fagráðgjafi á skóladeild í 80% stöðu. Sinnir hann ráðgjöf vegna tölvumálefna í leik- og grunnskólum ásamt ráðgjöf í notkun tölvu í skólastarfi.

Sérfræðiþjónusta

Sérfræðiþjónusta við skólana er skipt í tvo meginþætti, þ.e. einstaklingsþjónustu sem vistuð er hjá fjölskyldudeild Akureyrarbæjar og stofnanapjónustu, en um hana gildir sérstakur samningur við Háskólann á Akureyri. Einstaklingsþjónustunni er gerð skil í ársskýrslu fjölskyldudeildar. Stofnanapjónustan er vistuð hjá skólaþróunarsviði sem er innan kennaradeildar HA. Meginþættir stofnanapjónustunnar eru kennsluráðgjöf, samstarf heimila og skóla, eineltismál og ráðgjöf við þróunar- og umbótastarf í skólum. Á sl. skólaári vann skólaþróunarsviðið að 51 verkefni í leik- og grunnskólum bæjarins, sem



skiptust þannig að 19 verkefni voru unnin í leikskólum og 32 í grunnskólum. Skólaþróunarsvið gefur árlega út skýrslu um þjónustu sína sem má nálgast á vef skóladeildar <http://skoladeild.akureyri.is>.

Almennir styrkir

Veittir voru styrkir að upphæð 330.000 kr. á árinu vegna náms- og kynnisferða kennara í Glerárskóla og Brekkuskóla sem fóru til Tékklands. Til sérstakra verkefna var veitt styrkjum að upphæð 238.000 kr. Styrki fengu: Foreldra- og kennarafélög grunnskólanna vegna fræðslufunda, skáksveit Brekkuskóla vegna Íslandsmóts grunnskólasveita og tveir starfsmenn Lundarsels sem fóru á alþjóðlega barnaheimspekiráðstefnu í Búlgaríu, þar sem þeir kynntu barnaheimspekistarf í Lundarseli.

Þróunarsjóður leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar

Markmið sjóðsins er að stuðla að nýbreytni og þróunarstarfi í leik- og grunnskólum Akureyrar með því að styrkja verkefni sem á einn eða annan hátt stuðla að framförum í skólasterfi.

Á árinu var ákveðið að breyta reglum um úthlutun úr sjóðnum. Hér eftir verður auglýst eftir leiðtogaskólum sem munu taka að sér að þróa ákveðna starfshætti og miðla af reynslu sinni og þekkingu til annarra skóla. Hver leiðtogaskóli fær styrk í þrjú ár til þess að vinna að sínu verkefni. Í samræmi við þetta var auglýst eftir leiðtogaskóla í foreldrasamstarfi. Oddeyrarskóli sótti einn um og verður hann leiðtogaskóli í foreldrasamstarfi næstu þrjú ár. Til verkefnisins fær skólinn 1.000.000 kr. í styrk á ári.

Skólanefnd samþykkti að setja 1.500.000 kr. í vinnu við heildstæða skólasterfni, en Skólaþróunarsvið HA tók að sér umsjón með því verkefni.

Þróunarverkefni í grunnskólum

Fjöldmörg þróunarverkefni voru í gangi í grunnskólunum á árinu. Þrjú verkefni fengu styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla í menntamálaráðuneytinu:

Þrjú verkefni fengu styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla í Menntamálaráðuneytinu:

Stofnun	Heiti verkefnis	Upphæð
Lundarskóli	Áreiðanleikamæling lesskilningsprófa	500.000
Giljaskóli	Þróun einstaklingsmiðaðs náms á unglingastigi	400.000
Giljaskóli	Sögu grunnur: Námsstæki í sögugerð.	400.000


Barnið í brennidepli

Er víðtækt þróunarverkefni sem skólaþróunarsvið HA sér um í samráði við skóladeild og fleiri deildir á félagssviði

Tilgangur verkefnisins „Barnið í brennidepli“ er einkum að rétta foreldrum þá hjálparhönd sem þeir kalla eftir, þróa starfshætti skóla, félagsþjónustu og annarra stofnana samfélagsins á þann veg að styrkja þá sem best í uppeldishlutverki sínu og draga með þeim hætti úr óæskilegri hegðun barna og unglinga og efla siðgæðisvitund þeirra. Ætlunin er að efla foreldrafræðslu og ráðgjöf með stuðningi frá skólum, félagsþjónustu, heilsugæslu, lögreglu og kirkju og hvetja til samfélagslegrar umræðu um stöðu fjölskyldunnar og gildi fjölskyldulífs í nútíma samfélagi.

Ákveðið var að vinna að verkefninu í Síðuhverfi á Akureyri með þátttöku grunnskólans þar og þriggja leikskóla sem grunnpjónustueiningum í hverfinu auk foreldra ásamt með félagsþjónustu, heilsugæslu, lögreglu og kirkju. Til að nálgast verkefnið var gerð þarfagreining meðal foreldra í hverfinu þar sem leitað var upplýsinga um viðhorf foreldra eða forráðamanna barna á aldrinum tveggja til tólf ára til uppeldisastæðna. Meginniðurstaða könnunarinnar var sú að gera þarf stofnanirnar sýnilegri í uppeldishlutverki sínu. Foreldrar vilja gjarnan eiga kost á ráðgjöf og fræðslu um uppeldishlutverk sitt og þörf er á að koma á virkari samskiptum foreldra varðandi uppeldishlutverkið. Þá er mikilvægt að skóli og aðrar stofnanir skapi foreldrum aðstæður til að hittast og eiga samræður á þeirra forsendum um uppeldismál og gildi.

Hlutfallsleg svörun foreldra



Myndin sýnir hlutfallslega svörun foreldra um þætti í uppeldi sem þeir óska eftir stuðningi við. Nálgast má áfanga-skýrslu um verkefnið á heimasíðu skóladeildar <http://skoladeild.akureyri.is>

Valgreinar í grunnskólum

Með þessu þróunarverkefni vildu skólarnir sýna samstöðu og vinna saman að því markmiði að auka framboð valgreina til hagsbóta fyrir nemendur grunnskóla Akureyrar.

Það er vilji skólanna að valgreinar geti bæði víkkað sjóndeildarhring nemenda með námi utan skyldunámsgreina og að þær dýpki og auki þekkingu þeirra og færni í einstökum skyldunámsgreinum allt eftir áhuga nemenda og getu. Vorið 2003 var því boðið upp á fjölda nýrra valgreina í 9. - 10. bekk fyrir skólaárið 2003 - 2004 og nokkrar þeirra í samvinnu við aðila utan grunnskólanna s.s. skátana, Menntasmiðju kvenna og VMA. Einnig var farið að meta þátttöku nemenda í félagsstarfi, í íþróttatengdu starfi og tónlistar- og myndlistarskólum, sem valgrein allt að 4 vikustundum í samræmi við úrskurð Menntamálaráðuneytisins.

Í Oddeyrarskóla og Lundarskóla hefur verið unnið við þróunarverkefni sem á að stuðla að bættum samskiptum heimilis og skóla. Ingibjörg Auðunsdóttir starfsmaður skólaþróunarsviðs HA er ráðgjafi við verkefnið sem byggir á kenningum Epsteins.

Í Oddeyrarskóla reyndu kennarar fyrir sér með ýmsar nýjar leiðir til að efla samstarf og kynni á milli heimila og skóla. Má þar nefna að kennarar verðandi 1. bekkina að hausti 2003 heimsóttu alla nemendur í maimánuði og afhentu þeim bréf



Í töflunni má sjá fjölda nemenda sem völdu greinar sem kenndar eru utan grunnskólanna, eða í samvinnu við þá.

Valgreinar	Haustönn	Vorönn
Útivistarfræði	14	9
Dægurtónlist	12	8
Kórstarfsemi	14	14
Atvinnulífsskynning	23	0
Fjarkennsla VMA/MA	22	8
Íþróttir í stað valgreina	188	195
Tónl./Myndl. í stað valgr.	42	39
Tilboð milli skóla	72	72
Fjöldi nemenda samtals:	387	345

Þar sem þeir voru boðnir velkomnir í skólann, tóku myndir af nemendum sem voru tilbúnar í skólanum að hausti og ræddu stuttlega við foreldra.

Í eldri bekkjum skólans voru einnig reyndar nýjar leiðir til að auka samstarf og samvinnu. Má þar nefna heimsóknir til nemenda 8. bekkinga og fjölskyldna þeirra og vinnu með fjölskyldum 10. bekkinga þar sem hver nemandi setti sér námsmarkmið til að vinna að í samráði við kennara og foreldra.

Brekkskóli og Glerárskóli eru þátttakendur í Olweusaráætluninni gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Þetta verkefni er m.a. styrkt af Menntamálaráðuneytinu og Skólastjórafélagi Íslands. Ingibjörg Auðunsdóttir er verkefnisstjóri.

Námstefna Akureyrarskólanna


Í samvinnu við skólaþróunarsvið HA stóð skóladeild að námstefnu Akureyrarskólanna 15. febrúar 2003. Þar kynntu fulltrúar fjölda leik- og grunnskóla á Akureyri þróunar- og nýbreytniverkefni, sem hafa verið í gangi í skólunum. Námstefnan var mjög vel sótt og þótti takast það vel að ákveðið var að standa fyrir slíkri námstefnu á tveggja ára fresti í framtíðinni.

Viðhorfsskannanir

Í samræmi við starfsáætlun skólanefndar voru framkvæmdar kannanir á viðhorfum foreldra til skóla barna sinna, líðan nemenda í skóla og ánægju starfsmanna skólanna.

Ánægja foreldra með skóla barna sinna.

Mæling gerð með 5 spurningum



Foreldrar


Viðhorfsskannunin náði til þriggja atriða sem átti að mæla: Ánægju foreldra með skóla barna sinna, hlutfall foreldra sem telja að þörfum barna þeirra sé mætt og hlutfall foreldra sem telur að þátttaka þeirra hafi aukist. Skannunin var gerð í október. Þátttaka var að meðaltali 60% nú en var 71,3% árið áður. Niðurstöður má sjá í meðfylgjandi súluritum fyrir alla grunnskólana saman.




14.10.2003 : Frábær árangur leikskólans lðavalla Leikskólinn lðavöllur á Akureyri hlaut bronsið eða 3. sæti í eLearning Awards keppninni sem er hluti af Eschola saminnuverkefni evrópska skólanetsins, menntamálaráðuneyta 26 Evrópuríkja og evrópsku ráðherranefndarinnar.



Hlutfall þeirra foreldra sem telja að þáttaka þeirra hafi aukist. Mæling gerð með 7 spurningum



Hlutfall þeirra foreldra sem telja að þörfum barna þeirra sé mætt. Mæling gerð með 4 spurningum



Líðan nemenda

Í annarri viku í desember 2003 var í fyrsta skipti lögð fyrir alla nemendur skólanna í 4.-10. bekk könnun á líðan þeirra í skóla, samkvæmt starfsáætlun skólanefndar. Í könnuninni tóku þátt alls 1.606 nemendur eða 87,8 % af þeim 1.830 nemendum sem skráðir voru í 4.-10. bekk í grunnskólunum á Akureyri á haustönn skólaárið 2003-2004, þannig að skekkjumörk ættu yfirleitt að vera fremur þröng.

Hér að neðan má sjá niðurstöður könnunarinnar hvað varðar líðan nemenda. Þær fjórar spurningar sem hér eru tilgreindar var ákveðið að nota til þess að mæla líðan nemenda.

Líðan nemenda í 4.-10. bekk í grunnskólunum á Akureyri

Finnst þér gaman í skólanum?	alltaf eða næstum alltaf	78,1%
Kvíðir þú fyrir að fara í skólann?	sjaldan eða aldrei	93,1%
Er þér strítt í skólanum?	sjaldan eða aldrei	93,0%
Líður þér vel í skólanum?	alltaf eða oftast	88,2%
Meðaltal:		88,1%

Niðurstaðan nær ekki alveg því markmiði skólanefndar að 95% nemenda líði vel, miðað við þessar forsendur. Það er hins vegar ljóst af niðurstöðum þessarar könnunar að ríflega 100 nemendur verða fyrir stríðni og líður greinilega ekki vel í skólanum. Þetta er atriði sem hafa verður í huga og starfsmenn skólanna eru þegar farnir að vinna í.


Fyrirliggjandi er skýrsla um líðan nemenda sem nálgast má á heimasíðu skóladeildar <http://skoladeild.akureyri.is>.

Starfsmenn


Í nóvember 2003 var gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna skólanna m.a. til þess að kanna viðhorf starfsmanna til ákeðinna þátta sem skólanefnd hefur sett fram í starfsáætlun. Í könnuninni tóku þátt 190 kennarar og leiðbeinendur af 270 eða 70,4 %, 99 aðrir starfsmenn grunnskólanna af 153 eða 64,7 %.

Fyrirliggjandi er skýrsla um viðhorf starfsmanna skólanna, sem nálgast má á heimasíðu skóladeildar <http://skoladeild.akureyri.is>.

Hlutfall ánægðra starfsmanna í grunnskóla. Mæling gerð með þremur spurningum



Hlutfall þeirra starfsmanna grunnskólanna sem telja sig taka þátt í mótun starfs og stefnu. Mæling gerð með þremur spurningum




Tölvuvæðing

Áfram var haldið við tölvuvæðingu skólanna með nýjum kaupleigusamningi. Á mynd hér að neðan má sjá hvernig þróun í tölvueign skólanna hefur verið frá árinu 1998:



Tölvuvæðing skólanna



Í einhverjum tilvikum getur tölvueign skólanna verið meiri en hér kemur fram, en þá er verið að telja með tölvur sem eru orðnar úreltar. Eins og staðan er í dag eru að meðaltali 8,3 nemendur um hverja nemendatölvu og rétt um 3 kennarar um hverja tölvu í stjórnun og undirbúningi. Til samanburðar voru 38 nemendur um hverja nemendatölvu 1998 og 15 kennarar um hverja tölvu í stjórnun og undirbúningi.

Allir grunnskólarnir og skóladeild hafa lokið gerð heimasíðu, þar sem er að finna allar helstu upplýsingar um starf þeirra ásamt myndum úr skólastarfinu. Hægt er að komast inn á þær í gegnum heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is.

Skólavistun

Skólavistun eru starfandi við alla 6 grunnskólana á Akureyri. Skólavistun er tilboð sem er hluti af skólastarfinu og er fyrir öll börn í 1.-4. bekk. Þar sem skólarnir eru allir einsetnir er skólavistun opin eftir að reglubundnum skóladegi barnanna lýkur, upp úr hádegi, og er opin til 17.15 en miðað er við að viðverutími barns í skóla og skólavistun sé ekki lengri en 8 klst á dag.

Skólaárið 2003-2004 eru nemendur í 1.-4. bekk 991 og að meðaltali nýta 347 nemendur skólavistunina eða um 35% sem er sama hlutfall og árið áður. Fjöldi stöðugilda á ársgrundvelli var 20,7.

Starfsmenn grunnskóla

Mjög vel gekk að ráða kennara til starfa við grunnskólana og höfðu sumir skólastjórar val um kennara með full réttindi. Hlutfall fagmenntaðra kennara hækkar lítillega milli ára, menntun leiðbeinenda er mjög mikil og heyrir til undantekna.

Skipting upphæða á milli verkefna

Stofnun	Heiti verkefnis	Upphæð
Símenntun HA	Lífsleikni	
	- skólastarf byggt á siðfræðimenntun	144.000
	Náttúrufræði: Auðvitað	
	- tilraunir og fleira	160.000
	Tölvustudd kennsla	160.000
Tilfinningagreind	Tilfinningagreind	120.000
	Bekkjarstjórnun og agi	160.000
	Streitustjórnun	120.000
	Tungumálakennsla - yngri bekkir	120.000
	Giljaskóli	Kennsluhættir og skipulag
Lundarskóli	Einelti	144.000

inga að leiðbeinendur séu ekki með einhvers konar háskóla-menntun. Erfiðast er að fá fagmenntaða kennara í list- og verkgreinakennslu eins og undanfarin ár. Þróun á hlutfalli fagmenntaðra kennara frá árinu 1998 má sjá á meðfylgjandi mynd.

15% stöðugildi námsráðgjafa var bætt við í Giljaskóla. Var þá heimild til þess að ráða námsráðgjafa komnir í alla skólana sem hér segir: Brekkuskóli 100%, Lundarskóli, Síðuskóli og Glerárskóli 75% hver skóli, Oddeyrarskóli 40% og Giljaskóli 50%.



7.4.2003 : Um 3.000 manns í Grófargili
Snjóþremmótíð Ak-Extreme var haldið um
síðustu helgi og á laugardagskvöld var
stokkið af Big Jump pallinum í Grófargili.
Talið er að um 3.000 manns hafi fylgst
með köppunum sýna listir sínar.



Endurmenntun

Endurmenntun kennara hefur löngum staðið traustum fótum. Hver skóli er í auknum mæli farinn að setja upp námskeið fyrir kennara- og starfsmannahópinn sem heild en einnig er boðið upp á greinabundin námskeið sem kennarar marga skóla sækja saman. Til þess að standa undir kostnaði við sum þessara námskeiða var sótt um framlög úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla sem staðsettur er hjá Menntamálaráðuneytinu. Fengu Lundarskóli, Giljaskóli og Símenntun HA úthlutað styrk að upphæð 1.288.000 kr. til námskeiðahalds á árinu.

Skólastefna

Skólanefnd ákvað á árinu að hefjist handa við að gera heildstæða skólastefnu fyrir Akureyrarbæ. Var samið við Skólaþróunarsvið HA um að stýra vinnunni og gert er ráð fyrir því að henni ljúki á árinu 2004. Mikil áhersla er lögð á að hafa samráð við alla aðila sem stefnan snertir.

Skautar og skóli

Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að bjóða öllum nemendum í 3. og 4. bekk grunnskólanna upp á skautakennslu í Skautahöllinni í samvinnu við Skautafélag Akureyrar. Fóru nemendur í skautakennsluna á skólatíma sem hluta af íþróttakennslunni. Þessi nýbreytni þótti takast vel og er gert ráð fyrir því að framhald verði á.

Nemendur

Nemendur voru alls 2.560 í grunnskólum Akureyrar haustið 2003. Hafði þeim fjölgað um 36 frá árinu áður. Af þessum 2.560 nemendum voru 10 sem eiga lögheimili í öðru sveitarfélagi og greitt er með, en fyrir utan þessa tölu eru 15 nemendur með lögheimili á Akureyri sem eru í skólum annarra sveitarfélaga, sem Akureyrarbær greiðir sérstaklega fyrir.

Fjöldi nemenda í einstökum sérdeildum og Hlíðarskóla var annars sem hér segir: Sérdeild Lundarskóla fyrir heyrnarskert eða heyrnarlaus börn 6 nemendur, einhverfudeild Síðuskóla 6 nemendur, sérdeild fyrir börn með alvarlegar greindarfatlanir og aðrar viðbótarfatlanir í Giljaskóla 5 nemendur, nýbúadeild í Oddeyrarskóla 3 nemendur. Í Hlíðarskóla voru 16 nemendur.

Flestir nemendur þessara sérdeilda eru skráðir í almenna bekki í sínum skóla og er ætlað að sækja þangað kennslu eftir því sem aðstæður og geta leyfa.

Samræmd próf


Samræmd próf eru lögð fyrir nemendur í 4., 7., og 10. bekk grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum. Það er mjög ánægjulegt að árangur nemenda á Akureyri hefur verið að batna á síðustu árum í samanburði við jafnaldra sína. Þetta má sjá í töflu hér að neðan en í henni eru tilgreindar normaldreifðar einkunnir sem segja til um hvar nemendur á Akureyri eru í röðinni miðað við jafnaldra sína. Það er rétt að taka það einnig fram að hækkun um 0,2 - 0,5 á milli ára er verulegt stökk þegar horft er til fjölda nemenda og þess að hér er um meðaleinkunnir að ræða.

Árangur nemenda á Akureyri hefur verið betri eða sambærilegur við það sem gerist í Reykjavík eða nágrenni Reykjavíkur í 4. og 7. bekk. Hins vegar er árangur nemenda í 10. bekk mun lakari. Vinna var hafin á árinu við að skoða í hverju þetta liggur.

Meðaleinkunnir í 4., 7. og 10. bekk

Bekkur	1998	1999	2000	2001	2002	2003
4.	4,85	5,54	5,3	5,5	4,93	5,27
7.	4,9	5,12	5,22	5,1	5,2	5,34
10.	4,6	4,7	5,0	5,0	4,7	4,8

Grunnskólar Akureyrar






Almennar kennslustundir


Með auknum fjölda nemenda og auknum fjölda stunda samkvæmt grunnskólalögum hefur kennslustundum til almennrar kennslu fjölgað nokkuð síðustu ár. Nú er miðað við að vikulegar kennslustundir nemenda í 1.- 4. bekk séu 30, í 5.- 7. bekk 35 og í 8. - 10. bekk 37. Í töflu hér að neðan má sjá fjölda almennra kennslustunda ásamt fjölda þeirra pr. nemanda:

Fjöldi almennra kennslustunda						
	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Fjöldi stunda	4.275	4.472	4.516	4.585	4.608	4.656
Fjöldi stunda pr. nemanda	1,77	1,86	1,87	1,86	1,85	1,85
Fjöldi nemenda						
pr. stöðugildi í kennslu		12,2	11,6	11,8	12	12,5
Meðaltal í bekkjardeild	20,4	19,4	20	20,5	20,9	20,9



Sérkennslustundir

Samkvæmt reglugerð um sérkennslu er miðað við að sveitarfélög úthluti sem nemur 0,25 stundum pr. nemanda til sérkennslu. Einnig geta öll sveitarfélög sótt um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra, nemenda samkvæmt ákveðnum reglum þar um.



Til þess að skoða þróun þessa málaflokks er forvitnilegt að bera saman fjölda stunda pr. nemanda síðan 1996 en það er síðasta árið sem þessi þjónusta var á hendi ríkisins.

Nýbúakennsla í Giljaskóla

Stofnsett var móttökudeild fyrir börn flóttamanna sem hingað komu í mars 2003. Nemendurnir voru 8 á aldrinum 9-15 ára. Þeir sækja tíma með bekknum sínum eins og unnt er en sækja annars sérkennslu. Sérkennslutímum er þannig hættað að mikil áhersla er lögð á lesskilning og þjálfun í íslensku tali og félagsfærni. Nemendurnir hafa fengið mismarga tíma í sérkennslu og fer það eftir hverjum og einum einstaklingi hversu marga tíma hann sækir. Börnin sýndu fljótt mikinn og góðan árangur og eru öll farin að tjá sig. Sum hver eru mjög vel á veg komin með góðan lesskilning, framburð og farin að tjá sig þó nokkuð við jafnaldra og starfsfólk.

Nýframkvæmdir við skólabyggingar

Á árinu flutti Tónlistarskólinn starfsemi sína í nýtt og glæsilegt leiguhúsnæði að Hvannavöllum 14.

Í Oddeyrarskóla var smíðastofan endurnýjuð og gert var átak í búnaðarkaupum. Með nýrri námskrá er sífellt lögð meiri áhersla á hönnun og útfærslu nemenda sjálfra á verkefnum sínum. Keyptur var tölvustýrður fræsari sem gerir nemendum kleift að hanna litla hluti í tölvu og framleiða í ýmis efni, t.d. plast, tré, mjúkmálma o.fl.

Í Glerárskóla var aðstaða í kjallara löguð og búin til aðstaða fyrir nemendur, tónlistarkennslu, hjúkrunarfræðing og námsráðgjafa.


Í Síðuskóla var unnið að byggingu íþróttahús ásamt félagsaðstöðu (sal) og mótuneytiseldhúsi. Verður þessi aðstaða tilbúin haustið 2004.

Við Brekkuskóla hófust miklar framkvæmdir á árinu og var reist ný stjórnunarálna vestan við GA húsið og á hún að vera tilbúin í ágúst 2004. Þá á eftir að endurbyggja allt GA húsið.

Tónlistarforskolli

Allir nemendur í 1. og 2. bekk grunnskólanna fá einn tíma á viku í forskóla í tónlist eins og verið hefur undanfarin ár. Þar er lagður grunnur að nótalæsi og farið í grunnatriði tónlistariðkunar til þess að undirbúa nemendur undir frekara tónlistarnám. Þessi kennsla er skipulögð í samráði við Tónlistarskólann á Akureyri.

Nemendafjöldi í Tónlistarskólanum á Akureyri



Tónlistarskólinn

Miklar breytingar voru á starfsemi Tónlistarskólans á árinu 2003 því í lok ágúst flutti skólinn í nýtt húsnæði að Hvannavöllum 14. Haustið markaðst því talsvert af þeim flutningum og komust starfsmenn að því að mikil átök eru að flytja svo stóra stofnun á milli húsa. Nýja húsnæðið hefur skólinn á leigu til 7 ára. Einn stærsti kosturinn við húsnæðið er aðgengi og aðstaða til tónleikahalds. Tónleikar á vegum skólans voru 51.

Almennt frá grunnskólunum

Nemendur miðstigs Oddeyrarskóla tóku í fyrsta sinn þátt í nýsköpunarkeppni grunnskóla. Voru sendar inn 9 hugmyndir og hugmynd Nielsar Erlingssonar var valin ein af 52 bestu hugmyndum á landinu. Niels hannaði tölvustýrðan skrúfuskammtara til notkunar í byggingavöruverslunum. Hann fór síðan ásamt kennara sínum til Reykjavíkur á lokahátíð þar sem forseti Íslands skoðaði afrakstur nemenda og veitti verðlaun.

Í Síðuskóla var í fyrsta skipti fastráðinn danskennari og börnin í 1.-5. bekk fá danskennslu fast á stundaskrá einu sinni í viku. Ánægjuleg breyting hefur orðið á dansleikjum hjá þessum börnum því þau taka mikið meiri þátt í dansinum.

Í Lundarskóla var sú nýlunda að efnt var til svonefnds Smíðudags á unglingastigi, þar sem bæði innanskólafólk og aðkeyptir aðilar voru fengnir til að leiðbeina nemendum. Viðfangsefni voru m. a. fördun, hljómsveitaræfing og flutningur, trésmíði (þarfahlutir smíðaðir), skúlptúrgerð, nudd o.fl. Afrakstur var sýndur í sal í lokin. Þessu á að halda áfram á þessu ári.

Þemadagar hafa líka verið á öllum námsstigum og sl. haust voru þeir á unglingastigi tengdir fyrirhuguðu þróunarverkefni í „útikennslu“ eða „námi á vettvangi“ eins og það heitir í styrkumsókninni til styrktarsjóðanna. Þetta var undir kjörorðinu „Sjálfstæð vinnubrögð“. Nemendum var skipt í hópa eftir bekkjar-

deildum; þeir fóru síðan út og kynntu sér starfsemi ýmissa fyrirtækja og stofnana, skiptu með sér verkum, héldu dagbækur um plön sín og vinnuferli. Að síðustu sýndu þeir og kynntu verkefni sín í skólanum í „básum“ og buðu foreldrum og öðrum upp á kaffi og meðlæti.

Í Hlíðarskóla var lögð mikil áhersla á að mennta nemendur á sem fjölbreyttastan hátt og má þar t.d. nefna að elsti nemendahópurinn í skólanum vann stuttmynd sem hlaut nafnið Leitin að týnda námsárangrinum og var hún sýnd í Nýjabíói við mjög góðar undirtektir foreldra og gesta. Gríðarlega mikil vinna var lögð í verkið og allar námsgreinar þeirra fléttaðar inn í vinnuna. Einnig var tekin vika í að vinna með íslenska hestinn, kynnst honum á allan hátt t.d. hirða hann, ríða út, gefa honum, teikna hann og meira að segja að borða hann. Fuglar eru líka mikið áhugamál í Hlíðarskóla og er talsverður fjöldi á fóðrum hjá starfsmönnum og nemendum skólans, rjúpur og hrafnar að ógleymdum smáfuglunum.

Leikskólar

Leikskólinn Árholt hætti í júlí og flutti starfsemi sína í leikskólann Naustatjörn í ágúst. Rýmum fækkaði á Flúðum, lðavelli, Lundarseli og Síðuseli á árinu. Heildarfjöldi barna í öllum leikskólunum var í árslok 975 og rýmin voru 840.


Á virkum umsóknarlista eftir leikskóladvöl í október 2003 voru 39 börn fædd á árunum 1998 - 2001. Sum þessara barna komu inn á listann eftir 1. september en nokkur hafa hafnað plássi og vilja bíða eftir ákveðnum leikskóla.



1.9.2003 : Vel heppnuð Akureyrarvaka Akureyrarvakann var haldin með mikilli þrýði nú um helgina. Hátíðin var sett á föstudag í Lystigarðinum og þangað var vel mætt. Dagsskráin hélt áfram á laugardegnum og gátu gestir og gangandi valið úr atburðum.



Fjöldi barna á leikskólaaldri á Akureyri fædd árin 1998-2002. Alls 1.280 börn



Framkvæmdir

Leikskólinn Naustatjörn hóf starfsemi sína ágúst 2003. Heildarstærð leikskólans er 703,9 m² og þar eru 90 rými.

Lausu kennslustofunni á Flúðum var breytt í stafsmanna- aðstöðu og í Holtakoti var eldhúsið endurbætt.

Í öllum leikskólunum fóru fram einhverjar lagfæringar bæði á húsnæði og á lóð.

Almennt um starfsemina

Leikskólarnir byggja starf sitt á lögum og reglugerð um starfsemi í leikskóla. Aðalnámskrá leikskóla er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstarfið í leikskólanum.

Leikskólarnir vinna allir sína eigin skólanámskrá og þar kemur fram stefna leikskólans og hugmyndafræði hans. Leikskólinn setur sér svo megin markmið með starfinu og hvaða leiðir skuli fara til að ná þessum marmiðum.

Viðhorfस्कannanir


Í samræmi við starfsáætlun skólanefndar voru framkvæmdar kannanir á viðhorfum foreldra til leikskóla barna sinna og ánægju starfsmanna leikskólanna.

Fjöldi barna í leikskólum í október 2003


Tekið saman eftir árgöngum

Leikskólar á Akureyri	1999	2000	2001	2002	2003
Fjöldi leikskóla	12	12	12	12	12
Fjöldi barna í leikskólum	829	863	963	954	975
Fjöldi rýma í leikskólum	614	669	790	810	840
Hlutfall barna af árgangi í leikskóla					
5 ára	91,2%	96,1%	94,7%	97,5%	95,9%
4 ára	89,1%	92,7%	97,5%	98,9%	95,7%
3 ára	89,9%	94,5%	97,8%	97,9%	98,0%
2 ára	69,4%	64,7%	88,5%	92,5%	89,7%
1 árs	5,1%	0,9%	5,4%	2,4%	0,0%
Leikskólar Akureyrarbæjar:					
Heildarstöðugildi	116,54	139,82	171,27	173,37	181,84
Hlutfall leikskólakennara á deild	39,9%	41,8%	53,7%	55,46%	66,90%
Brúttóstærð húsnæðis pr. rými í m ²	7,63	7,31	7,38	7,21	7,50
Leikrými á rými í m ²	3,59	3,47	3,48	3,44	3,54


Ánægja foreldra með skóla barna sinna. Mæling gerð með 5 spurningum



Hlutfall þeirra foreldra sem telja að þörfum barna þeirra sé mætt. Mæling gerð með 4 spurningum



Hlutfall þeirra foreldra sem telja að þáttaka þeirra hafi aukist. Mæling gerð með 7 spurningum



Foreldrar

Viðhorfस्कönnunin náði til þriggja atriða sem átti að mæla: Ánægju foreldra með skóla barna sinna, hlutfall foreldra sem telja að þörfum barna þeirra sé mætt og hlutfall foreldra sem telur að þáttaka þeirra hafi aukist. Könnunin var gerð í janúar 2004. Þáttaka var að meðaltali 80% nú en var 90% árið áður. Niðurstöður má sjá hér að ofan fyrir alla leikskólana saman.



Starfsmenn

Í nóvember 2003 var gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna leikskólanna m.a. til þess að kanna viðhorf starfsmanna til ákeðinna þátta sem skólanefnd hefur sett fram í starfsáætlun. Í könnuninni tóku þátt 212 starfsmenn leikskólanna af 223 eða 95,1 %.

Fyrirliggjandi er skýrsla um viðhorf starfsmanna skólanna, sem nálgast má á heimasíðu skóladeildar <http://skoladeild.akureyri.is>.

Viðurkenningar


Leikskólarnir Krógaból, Síðusel og Sunnuból unnu áfram að verkefninu „Lífsleikni í leikskóla“ og fengu viðurkenningu frá Íslensku menntasamtökunum fyrir það verkefni.

Þessir leikskólar tóku einnig þátt í þróunarverkefninu „Barnið í brennidepli“ ásamt Síðuskóla. Leikskólinn lðavöllur fékk viðurkenningu fyrir vísindavefinn sinn frá „Eschola“ sem er samvinnuverkefni evrópska skólanetsins, 26 menntamálaráðuneyta í Evrópu og evrópsku ráðherranefndarinnar.

Gæsluvellir — Dagmæður

Gæsluvöllurinn Eyrarvöllur var eini gæsluvöllurinn sem var starfræktur árið 2003. Hann starfaði frá 20. maí til 22. ágúst. Alls eru skráðar 1.654 heimsóknir barna þennan

Hlutfall þeirra starfsmanna grunnskólanna sem telja sig taka þátt í mótun starfs og stefnu. Mæling gerð með þremur spurningum



tíma sem þýðir að u.þ.b. 25 börn heimsóttu gæsluvöllinn að meðaltali á dag. Sem er töluverð aukning frá því sem verið hefur.

Opnunartími gæsluvallarins er frá kl 13 - 16 sídegis.

Í árslok 2003 var 31 dagmóðir starfandi á Akureyri og voru börn í dagvist hjá þeim samtals 136.

Menningarmál

Helstu verkefni og breytingar

Að venju voru tilnefndir listamenn sem hlutu starfslaun menningarsjóðs á sumardaginn fyrsta. Að þessu sinni voru það listmálarinn Jónas Viðar og rithöfundurinn Jóhann Árelíuz sem launin hlutu. Úr Menningarsjóði og Húsvörndarsjóði var úthlutað um 59 styrkjum á árinu. Í gildi eru nokkrir samningar menningarsjóðs við ýmsa aðila: Jassklúbb Akureyrar, Leikklúbbinn Sögu, Lúðrasveit Akureyrar, Sumartónleika í Akureyrarkirkju, Tónlistarfélag Akureyrar, Zontaklúbb Akureyrar vegna rekstrar Nonnahúss, Kirkjulistarviku og Karlakór Akureyrar Geysi og nýr samningur var gerður við Flugsafnið á Akureyri.

Vinabæjarmót var haldið í Västerås í Svíþjóð og fóru þangað 20 ungmenni frá Akureyri. Þema mótsins voru víkingalíf og víkingatími.

Erlingur Sigurðarson lét af störfum sem forstöðumaður í Sigurhæðum og Davíðshúsi og var tekin ákvörðun um að ekki yrði ráðinn forstöðumaður í hans stað að sinni, en að helstu verkefni færist til Amtsbókasafnsins og menningarmiðstöðvar í Listagili sem tók til starfa í breyttri mynd í upphafi árs 2004.

Akureyrarvaka var haldin í fyrsta sinn undir því nafni og tókst vel. Hátíðin sem haldin var 30. ágúst var skipulögð í samvinnu menningarmálanefndar, íþrótt- og tómstundaráðs, miðbæjarsamtakanna og Listasumars.

Menningarhús

Þann 7. apríl undirrituðu Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra, og Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri, samning um byggingu menningarhúss á Akureyri og er samkvæmt samningnum

gert ráð fyrir að að ríkið leggi fram 700 milljónir og Akureyrarbær 500 milljónir til byggingar hússins sem gæti orðið um 3.500 m² að stærð. Í kjölfarið var skipuð verkefnisstjórn sem lauk svo störfum í byrjun nóvember þegar hún skilaði skýrslunni „Orkuver við Pollinn“ til bæjaryfirvalda og menntamálaráðherra. Helstu niðurstöður voru þær að í húsinu skyldu verða tveir salir annar 500 manna tónleikasalur og annar 200 m² salur með fjölbreytlegt notagildi. Í stóra tónleikasalnum á jafnframt að vera möguleiki á að setja upp stærri leiksýningar. Dómnafnd fyrir verkið var skipuð í ársbyrjun 2004.

Samningur við menntamálaráðuneytið

Þann 20. desember undirrituðu menntamálaráðherra og bæjarstjóri endurnýjaðan samning um framlög ríkisins til menningarmála á Akureyri. Meginmarkmið samningsins er að efla Akureyri sem miðstöð menningarstarfs utan höfuðborgarsvæðisins. Framlög ríkisins hækka úr 70 m.kr. á árinu 2004 í 90 m.kr. á árinu 2006 og leggur Akureyrarbær fram a.m.k. sömu fjárhæð öll árin. Meginverkefni samningsins snúast um starfsemi Leikfélags Akureyrar, stuðning við Listasafnið á Akureyri, stuðning við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, rekstur skylduskilasafns við Amtsbókasafnið og fornleifarannsóknir að Gásam.

Nýr samningur við Gilfélagið

Nokkrar breytingar urðu á samvinnu Gilfélagsins og Akureyrarbæjar með nýjum samningi sem gerður var í árslok. Umsjón Listasumars og rekstur Ketilhúss og Deiglu færðust í umsjón bæjarins. Gilfélagið tekst á við önnur verkefni sem fyrst og fremst snúast um eflingu viðburða og menningarlífs í Listagilinu yfir vetrartímann. Í samningnum er fólgin sú tilraun að hluta þess fjár sem bærinn ætlar til listviðburða er ráðstafað milli-liðalaust af sameiginlegu félagi áhugamanna og listamanna.



Samningur um rekstur Listasafnsins á Akureyri

Einn af þeim samningum sem undirritaður var í árslok var milli Akureyrarbæjar og fyrirtækisins Art.is um rekstur Listasafnsins á Akureyri. Samningurinn gildir til 3 ára og felur í sér þá algjöru nýjung á Íslandi og jafnvel víðar, að einkafyrirtæki tekur að sér rekstur Listasafns. Meginmarkmið samningsins eru tvenn; að gera tilraun með nýtt rekstrarform í þjónustu sveitarfélagsins og að stuðla að áframhaldandi velgengni safnsins.

Amtsbókasafnið á Akureyri

Starfsemi safnsins bar þess merki á árinu að verið er að vinna að flutningum og endurnýjun á húsnæði safnsins. Fyrrihluti ársins fór að verulegu leyti í að draga starfsemina saman eftir því sem kostur var án þess að það bitnaði á þjónustu við notendur safnsins. Framkvæmdir við nýbyggingu og endurnýjun eldra húsnæðis settu þó stöðugt meira mark á starfsemi safnsins seinni hluta ársins og frá 1. september var safnið rekið í kaffiteríu nýbyggingar með lágmarksþjónustu. Má segja að þjónustan væri líkari stórum bókaþil en eiginlegu bókasafni. Enginn lestrarsalur var starfræktur og barnastarf var fyrst og fremst utan safns. Engu að síður fjölgaði gestum safnsins jafnt og þétt.

Gestir og útlán

Að meðaltali heimsóttu 460 gestir safnið hvern dag sem opið var. Það er 17 gestum fleira daglega en árið áður. Útlán voru 161.449 sem er 5% fækkun frá árinu á undan en þá voru þau 170.107. Heimsendingar til aldraðra og öryrkja er líklega sú þjónusta sem varð fyrir minnstum áhrifum af flutningi og lokun. Þar var 9% aukning miðað við síðasta ár, þ.e. 16.265 safngögn voru send heim, miðað við 14.959 gögn árið 2002.

Safnkostur

Á árinu var áfram unnið að uppbyggingu safnkost bókasafnsins. Alls voru keyptar 7.371 bækur og tímarit til safnsins. Ný myndbönd voru 231 og 27 geisladiskar bættust í safnið. Einnig voru keyptir 117 mynddiskar, fyrst og fremst sígildar kvikmyndir.

Amtsbókasafnið er aðili að samstarfsverkefni íslenskra bókasafna um bækur og móðurmál, en tilgangur þess er að veita nýbúum aðgang að bókum á móðurmáli sínu. Sérstaklega er sjónum beint að bókum fyrir börn. Amtsbókasafnið fékk úthlutað albönsku en lítið hefur enn verið um aðföng á því máli vegna erfiðleika við að afla bókanna. Einnig var unnið að því að stækka bókakost á norðurlandamálunum, ensku, þýsku og frönsku og í samvinnu við Dante stofnunina var keypt inn töluvert af gögnum á ítölsku.

Upplýsingatækni

Áfram var unnið að innleiðingu nýs bókasafnskerfis fyrir allt landið. Kerfið er í eigu ríkisins og sveitarfélaganna og er vonast til að kerfið verði komið í notkun fyrir árslok 2004.

Barnastarf

Barnastarf var með hefðbundnum hætti fram á mitt sumar. Sögustundir voru tvisvar í viku og heimsóknir barna frá leikskólum og skólum voru eins og undanfarið. Þetta starf hefur verið stöðugt vaxandi og einnig hafa verið sögustundir fyrsta laugardag í mánuði yfir vetrartímann. Sumarlestur var í samvinnu við Minjasafnið eins og undanfarin ár.

Sýningar & atburðir

Einungis ein sýning var haldin á árinu á vegum Amtsbókasafnsins en það var sýning á sögu myndlistar á Akureyri. Sýningin var sett upp að frumkvæði Valgarðs Stefánssonar í til efni af því að eitthundrað ár voru liðin frá því að fyrsta málverkasýningin var haldin á Akureyri, en hana hélt Einar Jónsson málari frá Fossi.




24.4.2003 : Sumardagurinn fyrsti á Akureyri
Einstaklingarnir sem fengu viðurkenningu og starfslaun á vorkomu menningarmálanefndar. Fremri röð f.v. Jóhann Árelíuz, Anna Guðný Sigurgeirsdóttir og Yean Fee Quay. Aftari röð f.v. Ágúst Hafsteinsson, Jónas Viðar Sveinsson og Jón S. Arnþórsson.



17.3.2003 : Vetripróttamiðstöð Íslands
Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra og Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Akureyri undirrituðu í morgun samning um uppbyggingu Vetripróttamiðstöðvar Íslands á Akureyri. Samningurinn gildir til ársins 2008 og er framkvæmdafé á því tímabili um 360 milljónir króna.



Heimsendingar



Á „Akureyrarvöku“ 29. ágúst var kynning á nýbyggingu safnsins en framkvæmdir við hana settu mikið mark á starfsemina. Gengu þær nokkurn veginn samkvæmt áætlun og í árslok voru framkvæmdir við endurbætur á eldra húsnæði komnar vel á veg.

Gjafir

Árlega berst safninu mikill fjöldi bóka að gjöf. Fyrst og fremst er þar um að ræða bækur úr dánarbúum og eins þegar fólk er að skipta um húsnæði og þarf að rýma til og tæma geymslur. Alltaf eru þessar gjafir vel þegnar og nýtast bæði við endurnýjun bókakosts safnsins og eins til þess að fylla í eyður í prentskilakosti safnsins. Þau eintak sem safnið getur ekki nýtt sér eru seld og andvirði þeirra notað til að kaupa nýjar bækur.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Hlutverk Héraðsskjalasafnsins á Akureyri er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda héraðssögunnar til notkunar fyrir stjórnendur, stofnanir og einstaklinga, til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðaiðkanir.

Héraðsskjalasafnið skal varðveita skjöl frá eftirgreindum aðilum: Bæjar- og sveitarstjórnunum, sýslu- og héraðsnefndunum, byggðasamlögum og hreppsstjórnunum á safnsvæðinu.


Ennfremur skjöl allra embætta, stofnana, fyrirtækja og annarrar starfsemi á þeirra vegum. Einnig skjöl allra félaga og samtaka í héraðinu, sem njóta verulegra styrkja af opinberu fé, svo og skjöl frá einstaklingum o.fl., sem ætla má að séu hluti af sögu héraðsins.

Árið 2003 takmarkaðist starfsemin mjög af framkvæmdum við nýbyggingu fyrir safnið. Unnið var þó samkvæmt venju að innheimtu, skráningu og frágangi skjala auk daglegrar þjónustu við lánþega og svörun fyrirspurna eftir því sem aðstæður leyfðu. Lestrarsalnum var lokað í byrjun júlí og safninu síðan lokað alveg frá 1. - 23. september vegna

flutninga. Tekið var á móti skjölum eftir fremsta megni allt árið en ekki unnið markvisst að innheimtu þar sem aðstæður til móttöku voru ekki fyrir hendi. Sýningahald var ekkert og var látið bíða betri tíma í nýju og breyttu húsnæði.

Vel miðaði með nýbyggingu safnsins sem framkvæmdir hófust við árið 2001. Í maí hófust flutningar úr geymslu yfir í kjallara nýbyggingar. Í september var svo hafist handa við að tæma eldra húsnæðið og skrifstofu- og vinnuáðstaða einnig flutt. Þann 23. september var safnið opnað að nýju á 3. hæð í nýbyggingunni, þó ný húsgögn og annar endanlegur búnaður væri ekki fyrir hendi. Verklok nýbyggingar innanhúss verða nálægt mánaðarmótum febrúar og mars 2004 og verður húsið vígt þann 6. mars.

Héraðsskjalasafn - notkun og þjónusta





Minjasafnið á Akureyri

Sýningar

Í safninu eru tvær yfirlitssýningar um sögu héraðsins; „Eyjafjörður frá öndverðu“ og „Akureyri, bærinn við Pollinn“. Sérýningar ársins voru tvær. Sýning á leikföngum Guðbjargar Ringsted, „Dansi, dansi dúkkan mín“, stóð frá febrúar til september og sýning á ljósmyndum Lenharðs Helgasonar var opnuð í október.

Gestafjöldi

Samanlagður gestafjöldi Minjasafnsins og Laufáss var 25.085 (23.297 árið 2002). Hann sundurliðast þannig, tölur í svigum eru frá 2002:

Íslendingar	börn	útlendingar	á viðburði	í Laufási
2.562	2.803	1.490	3.865	14.365
(1.967)	(2.873)	(1.512)	(2.537)	(14.408)

Viðburðir

Viðburðadagskrá hófst með því að sumarkomu var fagnað í safninu þann 24. apríl en dagskrá lauk með jólasveinamót-töku 12. desember. Á dagskrá voru þrettán aðrir viðburðir: Gönguferðir um Innbæinn og Fjöruna, Oddeyri, gamla Glerár-þorpið og um Nonnaslóð í Innbænum. Jónsmessuhátíð var í Kjarnaskógi, og á íslenska safnadaginn 13. júlí var gengin Þingmannaleið yfir Vaðlaheiði. Fimm sinnum voru haldnar söngvökur í Minjasafnskirkjunni en draugagangur var í safninu á menningarnótt 30. ágúst.

Fjórir sérviðburðir voru í Laufási; fardagar, heyannir, uppskerudagur og aðventudagur.

Safnauki

Frá 1995 hefur Minjasafnið safnað munum í samræmi við söfnunarstefnu sem þá var sett. Helstu flokkar sem Minjasafnið safnar úr eru:

1. Atvinnuhættir
2. Félagssaga: bæjarlíf
3. Samgöngur
4. Heimilishald
5. Híbýlahættir
6. Fjölskylduhættir
7. Jarðfundnir munir, lausamunir, mannvistarleifar minningarmörk

Á árinu tók safnið á móti 18 gjöfum sem innihalda 47 muni. Flestir þeirra eru úr heimilishaldi en auk þess eru munir úr atvinnuháttum og samgöngum. Þeir hafa verið grunnskráðir í aðfangabók safnsins en ekki tölvuskráðir.

Ljósmyndadeild

Eitt nokkuð stórt einkasafn barst safninu á árinu u.þ.b. 200 myndir og nokkur smærri alls um 320 myndir.

Teknar voru kontaktkópiur af filmusafni Héraðskjalasafns Dalvíkur sem var umfangsmikið verkefni. Önnur verkefni ljósmyndadeildar voru hefðbundin s.s. að leita mynda og útbúa afrit af þeim.

Safnkennsla

Skipulögð safnkennsla er mikilvægur hluti í starfi Minjasafnsins. Boðið er upp á fjölbreytta fræðsludagskrá fyrir breiðan aldurshóp og hefur eftirspurn eftir þessari þjónustu aukist ár frá ári. Það var einnig raunin 2003. Safnkennari tók á móti 141 hópum af öllum skólastigum og öðrum sem óskuðu eftir að koma í heimsókn. Aðsókn var góð og komu 2674 nemendur og kennarar í heimsókn sem eru 506 fleiri en í fyrra. Þessi aukning varð ekki síst vegna Dúkkusýningar Guðbjargar Ringsted og metaðsóknar að Jólavöku í Minjasafnskirkju fyrir leikskólabörn og grunnskólanemendur. Á vökuna komu 971 barn og 102 fullorðnir sem er um helmingi meira en árinu áður.

Framkvæmdir

Lokið var endurnýjun á hlöðu á Naustum III þar sem safnið fær um 300 m² geymslurými fyrir safngripi. Hillukerfi var keypt og sett upp í geymslunni.

Fornleifarannsókn

Minjasafnið hafði með hendi Gásaverkefnið þriðja árið. Rannsóknir á Gásum stóðu í júlí og ágúst. Fornleifastofnun Íslands sá um uppgroftinn, verkefnisstjóri var Orri Vésteinsson, en verkstjóri var Howell Roberts. Grafar voru upp leifar nokkurra bygginga á verslunarstaðnum sem allar eru taldar yngri en frá 1300.

Greinileg ummerki um járn- og brennisteinsíðnað fundust.

Ferðamálasetur Íslands lagði til starfskrafta Kristínar Sól-eijar Björnsdóttur sem annaðist alla kynningu verkefnisins.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Listasafnið á Akureyri

Listasafnið á Akureyri er eitt minnsta listasafn landsins og jafnframt það eina sinnar tegundar sem starfrækt er utan höfuðborgarsvæðisins. Safnið hélt upp á 10 ára starfsafmæli sitt á árinu og einkenndist dagskráin af óvenjumikilli fjölbreytni, andstæðum, metnaði og alþjóðahyggu. Safnið hlaut margháttaðar viðurkenningar og styrki frá opinberum sjóðum og fyrirtækjum, m.a. Menningarborgarsjóði, Norðurorku hf. og Nordisk Kulturfond, og námu sértekjur safnsins hátt í 25% af framlagi bæjarins. Þótt aðsókn á safnið hafi verið heldur minni en árið á undan, samtals um 16.500 gestir, nýttu fleiri skólar sér þá safnfræðslu sem boðið var upp á og jókst hlutfalla nemenda um 15%.

Þann 18. janúar voru samtímis opnaðar þrjár sýningar sem báru yfirskriftina „Aftökur og útrýmingar“. Verkin á sýningunum komu frá Manhattan, Indiana-fylki, Berlín og Bochum í Þýskalandi. Af þessu tilefni var gefin út 70 síðna bók með umfjöllun um verkin og listamennina á sýningunum, ásamt sögulegri úttekt á dauðarefsingum á Íslandi og baráttu íslenskra homma og lesbía fyrir fullum mannréttindum.

Öllum ummerkjum myrkurs og dauða var sópað burt á næstu sýningu „Undir fikjutré: Alþjóðlistir og frásagnarhefðir Indlands“ sem samanstóð af málverkum, höggmyndum, keramik, vefnaði, búningum, ljósmyndum, hljóðfærum, bíómyndum og póstkortum, en aldrei áður hefur indversk menning verið kynnt með jafn víðfeðmum hætti hér á landi. Tugir blaðsíðna af safnfræðsluefni var útbúið fyrir kennara og nemendur og birt á heimasíðu safnsins.

Frá Indlandi var haldið á norðurslóðir þegar farandsýningunni „Inn og út um gluggann: Ísland, Grænland og Færeyjar skoða hvert annað“ var ýtt úr vör í Listasafninu af frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. Listasafnið á Akureyri tók að sér að koma á fót samstarfi milli landanna sem leiddi til farandsýningar og hefur slíkt alþjóðlegt verkefni aldrei áður verið unnið frá grunni hér á landi.

Frá Listasafninu á Akureyri fór sýningin til Listasafns Færeyja í Þórshöfn (9.-31. ágúst) og þaðan til Þjóðmenningarhúss Grænlandinga, Katuaq í Nuuk (4.-26. október). Af þessu tilefni gaf Listasafnið á Akureyri út 135 síðna bók á íslensku, færeysku, grænlensku og ensku, en þess má geta að sýningin verður aftur sett upp í vestnorrænu menningarmiðstöðinni Bryggen í Kaupmannahöfn í júní 2004.

Sýningar ársins og aðsóknartölur:

18. janúar - 9. mars	Aftökur og útrýmingar	2.215
15. mars - 4. maí	Undir fikjutré	3.952
10. maí - 22. júní	Inn og út um gluggann	2.170
28. júní - 20. ágúst	Meistarar formsins	3.765
30. ágúst - 2. nóvember	Þjóð í mótun	3.371
8. nóvember - 14. desember	Eggert Pétursson & Aaron Mitchell	1.180

16.1.2003 : Aftökur og útrýmingar
Laugardaginn 18. janúar kl. 15 hefur Listasafnið á Akureyri sitt 10. starfsár með truckki og dýfu en þá verða opnaðar þrjár sýningar sem bera yfirskriftina Aftökur & útrýmingar.

„Meistarar formsins: Úr höggmyndasögu 20. aldar“ er mesta þungaviktarsýning sem Listasafnið á Akureyri hefur staðið að, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu; sýningin vóg 4.3 tonn í flutningi og voru tryggingarverðmæti hennar rúmar sex milljónir evra, eða rúmur hálfur milljarður króna. Aldrei áður hefur verið haldin sýning á höggmyndum á Íslandi sem endurspeglar á jafn hnitmíðaðan og yfirgripsmikinn hátt þróun vestrænnar nútíma-myndlistar og þessi sýning í Listasafninu, sem sérstaklega var gerð í samvinnu við Ríkislistasafnið í Berlín en þaðan komu öll erlend verk nema eitt. Alls voru verk eftir 43 listamenn á sýningunni, þar af ellefu Íslendinga, og töldu verkin um hundrað.

Laugardaginn 30. ágúst var blásið í afmælislúðra í Listagilinu – „Þjóð í mótun: Ísland og Íslendingar fyrri alda“. Tilefnið var tvöfalt: Listasafnið á Akureyri varð tíu ára og Þjóðminjasafn Íslands, elsta safn lýðveldisins, 140 ára. Þetta var í fyrsta skipi sem verk í eigu Þjóðminjasafnsins voru sýnd í listasafni og í fyrsta sinn sem þessir dýrgripir voru sýndir norðan heiða.

Flest þessara verka voru frá 17. og 18. öld, en þau elstu frá miðri 16. öld. Gefin var út glæsileg 62 síðna sýningarskrá. Í vestursal safnsins sýndu á sama tíma, Erla S. Haraldsdóttir, nýjasti verðlaunahafi Listasjóðs Pennans, og Svíinn Bo Melin hvernig Akureyrarbær gæti litið út í óræðri framtíð ef þar byggju í kringum 700 þúsund manns, en sú sýning bar heitið Abbast upp á Akureyri.

Árinu lauk svo með sýningunum „Blómróf“, yfirliti á málverkum Eggerts Péturssonar sem spannaði tímabilið frá 1988-2003, og „Minningar og heimildasöfn“ eftir kanadíska listamanninn Aaron Michel sem búsettur hefur verið á Akureyri undanfarin þrjú ár.





Íþrótt- og tómstundadeild

Hlutverk Íþrótt- og tómstundadeildar er að sjá um yfirstjórn á rekstri og starfsmannahaldi málaflöksins fyrir hönd Akureyrarbæjar, sjá um samskipti við félagasamtök innan og utan Akureyrar fyrir hönd Akureyrarbæjar og koma í framkvæmd samþykktum íþrótt- og tómstundaráðs og bæjarstjórnar í málefnum íþrótt- og tómstunda á Akureyri.

Stærstu verkefni deildarinnar á árinu 2003 voru:

- Vinna við eftirlit og eftirfylgni rekstrarsamninga við íþróttafélög
- Frekari uppbygging skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli
- Opnun nýs fjölnota íþróttahúss
- Undirbúningur vegna íþróttahúss við Síðuskóla
- Undirbúningur rekstrarsamninga við aðildarfélag ÍBA
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna
- Starfs- og rekstraráætlanir ÍTA

Félagsstarf í hverfum bæjarins

Fimm félagsmiðstöðvar eru reknar á vegum íþrótt- og tómstundadeildar. Hlutverk félagsmiðstöðvanna er að sinna unglingunum með fjölbreyttu starfi, þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Gera öllum unglingum mögulegt að sækja félagsstarf í félagsmiðstöðinni og reyna að verða við óskum unglinganna, veita upplýsingar og efla fræðslu vegna forvarna í vímuefnamálum. Segja má að góð félagsmiðstöð sé góð forvörn.

Stærsti viðburðurinn á árinu 2003 var án efa Söngkeppnin sem fór fram í Sjallanum í október.

Samþættingarverkefni var unnið í samvinnu við Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur og Norðurlandaráð.

Íþrótt- og tómstundadeild Akureyrarbæjar býður upp á tómstundastarf í öllum grunnskólum bæjarins að skóladegi loknum. Námskeiðin eru í boði fyrir börn í 4. 5. 6. og 7. bekk.

Félagsstarf í hverfum

	2000	2001	2002	2003
Fj. stúlkna í félagsm.	5790	5890	6200	6281
Fj. drengj. í félagsm.	5890	5910	6005	6103
Fj. námskeiða	72	84	91	89
Fj. einst. á námskeiðum	750	790	800	745

Húsið

Hlutverk Hússins er að vera upplýsinga og menningar- miðstöð fyrir ungt fólk eldra en 16 ára. Húsið er staður þar sem ungt fólk getur unnið að hugðarefnum sínum og fengið til þess aðstoð. Fjölmargir klúbbar ungs fólks eru starfandi í Kompaníinu og þar er einnig aðstaða fyrir hljómsveitir til æfinga.

Á vormánuðum var farið í gagngerðar endurbætur á húsnæði Kompanísins og var því starfsemin ekki í fullri keyrslu frá miðjum mars fram í september. Í september var viðgerðum lokið og starfsmenn gerðu húsnæðið klárt fyrir opnun með nýju nafni sem ÍTA samþykkti á fundi sínum síðsumars.

Hinn 9. október var Húsið Akureyri, menningarmiðstöð ungs fólks, síðan opnað með kynningu á starfsemi

og aðstöðunni. Þá var einnig kynnt sú nýjung að hér starfar nú húsráð sem í sitja fulltrúar HA, MA, VMA, leikklúbbsins Sögu, Circus Atlantis, ungs fólks á vinnumarkaði og atvinnulausra ungmenna.

Í Húsinu er nú góð sjónvarpsaðstaða, kaffistofa, fjölnota salur, tölvuver og pool og borðtennisborð. Þá er þar æfingahúsnæði fyrir hljómsveitir og gott klúbbastarf. Heimasíða Hússins er www.husid-ak.is og netfang husid@akureyri.is. Síminn er 462 2710.

Punkturinn

Hlutverk Punktsins er að vera handverksmiðstöð þar sem gestir geta sótt í námskeið í vinnslu á ýmskonar handverki ásamt því að vinna sjálfstætt. Á Punktinum getur fólk stundað hvers konar vinnu við handverk og fengið til þess leiðsögn og aðstoð.

Á Punktinum hefur verið blómlegt starf á árinu 2003. Á sýningunni „Handverk 2003“ að Hrafnagili, var Punkturinn með sýningu. Á árinu 2003 fjölgaði sýningum í sex. Endurtekin voru vikunámskeið með frábærum kennurum í útsaum og ullarþófa frá kennaraháskólanum í Skals Danmörku og verður það endurtekið næstu sumur, ennig voru haldin ný námskeið í forn íslenskum saum, refilsaum, og Georg Hollanders var með leikfangagerð, ásamt okkar hefðbundnu námskeiðum. Laufáshópurinn hefur hist vikulega í Punktinum, á tímabili mætti knipplhópurinn vikulega. Menntasmiðjan og Frjófiskarnir, voru með handverksþáttinn í Punktinum. Barnmaheimili mættu á Punktinum með börnin í smá fræðslu í ullarvinnu. Á Jónsmessu var verkstæði vegna uppákomu í Gilinu. Skreytt voru og bókud laufabrauð í Punktinum. Hugrún Ívarsdóttir er að safna heimildum um munstur í brauðgerð og voru gerð mörg gömul og þekkt munstur sem flestum eru gleymd og aðsókn var framar öllum vonum. Á Akureyrarvöku var opið hús og mætti fjöldi manns. Gestir í Gestavinnustofu nýta sér aðstöðuna.

Heimasíða Punktsins var opnuð í mars og er hún mikið sótt. Slóðin er <http://www.punkturinn.akureyri.is>.

Punkturinn er kjörland þeirra sem vilja vera í góðum félagskap og kynnast ýmsum aðferðum við handverk. Fullljóst er orðið að Akureyringar kunna vel að meta þessa sjaldgæfu aðstöðu.

Sundlaug Akureyrar og Íþróttahúsið við Laugargötu

Gamla laugin var endurbýggð, stýtt um 10 metra, dýpið tekið af og hækkuð þannig að nú eru báðar laugar á sama plani. Búin var til ný barnalaug með leiktækjum, eldri barnalaug endurbýggð. Byggður var sérstakur eftirlitsturn, þar sem eftirlitmyndavélur eru, tvær snýringar eru á neðri hæð turnsins ásamt góðri geymslu. Nú er hægt að synda úr heitapottnum sem er í glerhúsinu og út í laug. Það má segja að nú sé framkvæmdum lokið við Sundlaug Akureyrar.

Gestafjöldi í Sundlaug Akureyrar

	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Fullornir	101609	128646	137226	150680	141355	137765
Börn	57867	81897	90779	99714	94694	81850
67 ára og eldri	18647	20994	22526	19218	17827	18767
Öryrkjar	3399	3540	4392	6675	5454	6207
Skólanemendur	58322	57836	54340	63274	64886	54725
Sundfélagið Öðinn	11146	15184	16183	11105	13437	13163
Ljós og gufa	6758	5483	7694	6906	4733	4384
Heildar gestafjöldi	259746	315579	335140	359573	344388	318864



Á næstu árum verður fjölskyldugarðurinn gerður enn betri og hefur bæjarstjórn ákveðið að veita fjármagni í þær framkvæmdir. Það munu koma fleiri leiktæki fyrir börnin sumaríð 2004 ásamt fleiri nýjungum. Vegna framkvæmda á árinu komu nokkru færri gestir í Sundlaug Akureyrar miðað við árið 2002.

Um 316.860 gestir heimsóttu sundlaugin á árinu. Sundlaugin var opin 357 daga á árinu eða í 4.654 klst. sem þýðir að 888 gestir heimsóttu laugin að meðaltali á dag eða 68 gestir á klst. Fullorðnir 137.765, börn 81.850, öryrkjar og aldraðir 24.974, skólanemar 54.725, Sunfélagið Óðinn 13.163 og aðrir gestir 4.384.

Íþróttamiðstöð Glerárskóla

Um 124 þús.manns sóttu húsið á árinu. Skólar (Glerárskóli, Síðuskóli og Giljaskóli) nýttu tímana frá kl. 8-15 alla virka daga. Þá tóku leigutímar við til kl. 23 og um helgar kl. 9-19. Mót í körfubolta, fimleikum og badminton fóru fram um helgar. Skólaskemmtun Glerárskóla er haldin árvíst í húsinu og er því þá lokað fyrir alla leigutímafélöguna í salnum á meðan. Mjög góð nýting var á tímum í húsinu á árinu.

Um 56.000 manns sóttu laugin á árinu. Skólar (Glerárskóli, Síðuskóli, Giljaskóli) nýttu tímana frá kl. 8-15.30 alla virka daga. Sundfélagið Óðinn og eldri borgarar nýttu tímann til kl. 17, þá tók við opnunartími fyrir almenning til kl. 21 og um helgar var opið kl. 9-14.30. Opnunartími yfir sumarið (10. júní - 20. ágúst) var kl. 6.45-10 og 16-20. Samtals komu um 180.000 manns í mannvirkið á árinu.

Boginn

Vígsla Bogans var laugardaginn 18. janúar 2003. Þar afhentu Íslenskir aðalverktakar bæjaryfirvöldum húsið en hefðbundin starfsemi hafði byrjað nokkrum dögum fyrr eða 13. janúar 2003. Um 800 manns voru við athöfnina.

Fyrsta frjálsíþróttamótið í húsinu fór fram 24. janúar og knattspyrnumót á vegum Knattspyrnusambands Íslands og heimafélaganna KA og Þór hófust í byrjun febrúar.

Síðar á árinu fóru fram ýmis knattspyrnumót í Boganum og má þar nefna mót á vegum Dómarafélags Norðurlands, Framhaldsskólamót KSÍ og svo Pollamót Þórs. Auk þess æfði frjálsíþróttafólk á vegum UFA, flesta daga hlaup, langstökk og hástökk á sérstökum brautum í húsinu. Eins varð vinsælt hjá eldri borgurum o.fl. að koma á morgnana og ganga nokkra hringi í skjóli veðurs og vinda. Tvö stór krakkamót (Goðamótin) voru haldin, þar mættu mörg hundruð manns.

Samtals fóru fram yfir 100 knattspyrnuleikir í húsinu og voru gestir hússins um 77.000 á árinu.

Íþróttahöllin við Skólastíg

Mikil starfsemi var í Höllinni árinu eins og undanfarin ár. Verkmenntaskólinn, Menntaskólinn, Brekkuskóli og Giljaskóli voru með íþróttakennslu sína í húsinu auk daglegra æfinga íþróttafélaga eftir kl. 17 og um helgar. Auk þess fór fram fjöldinn allur af veislum, þingum og sýningum í Höllinni.

Ýmis félagasamtök reka aðstöðu sína í húsinu og má þar nefna Skákfélag Akureyrar, Ljósmyndaklúbb Akureyrar og Flugmóðelfélag Akureyrar. Einnig eru skrifstofur íþróttabandalags Akureyrar í húsinu. Þá er Vaxtaræktin sem fyrr starfsrækt í húsinu sem og Jötunheimar, sem er tækjasalur, rekinn af Kraftlyftingafélagi Akureyrar.

Stærstu viðburðir Íþróttahallarinnar á árinu utan æfinga og móta:

- Brautskráning MA, VMA, HA og BA.
- Árshátíðir Akureyrarbæjar, Landsbankans, Fjórðungs-sjúkrahússins, VMA og MA.
- Sjómannadagsráð hélt sína skemmtun og dansleik.
- Gamli stúdentar úr MA héldu sína hátíð 16. júní að venju.
- Söngkeppni framhaldsskólanna, en það er geysilega stórt verkefni. Keppnin var í beinni útsendingu í sjónvarpinu og fullt var út úr dyrum. Tókst mjög vel í alla staði.
- Stórtónleikar á vegum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands voru haldnir í maí.
- Landsmót lúðrasveita var að hluta til haldið í húsinu.
- Norrænt gildisþing skáta.
- Ráðstefna leikskólakennara.
- Hin árlega Vetrarsport-sýning.

Akureyrarvöllur

Stærstu atburðir Akureyrarvallar á árinu 2003 voru:

- Akureyrarmarabon.
- Þrjú úrvalsdeildarlið spiluðu heimaleiki sína á vellinum í sumar.
- Úrslit Akureyrarmóts yngri flokka í knattspyrnu fór fram á neðri velli svæðisins.
- Hluti Pollamóts Þórs var leikinn á neðri velli svæðisins.
- Brekkusöngur og skemmtidagskrá um Verslunarmanna-helgina þar sem áhorfendasvæðið var þéttskipað.



18.1.2003 : Vígsla Bogans
Nýtt fjölnota íþróttahús á Akureyri, Boginn, var formlega tekið í notkun í dag. Þetta stórglæsilega mannvirki mun gjörbreyta allri aðstöðu til íþróttaiðkana í bænum.



Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli

Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli er orðið eitt aðalaðráttarafi ferðamanna á Eyjafjarðarsvæðinu yfir vetrarmánuðina. Skíðafélag Akureyrar hefur aðstoðu í Hlíðarfjalli fyrir æfingar og keppni auk félagsaðstöðu í Strýtu.

Skíðaveturinn 2003 var einn snjóléttasti sem elstu menn muna. Þó var ágætur snjór á Strompsvæðinu og til að mynda voru öll skíðamót á vegum Skíðasambands Íslands haldin í Hlíðarfjalli.

Rekstrardagar veturinn 2003 voru 51. Alls seldust 1.084 árskort, en einungis 5.000 lyftumiðar sem er það minnsta sem selt hefur verið í sögu Hlíðarfjalls. Hinir árlegu Andrésar Andarleikar féllu niður í fyrsta sinn í sögu leikanna vegna snjóleysis.

Hlíðarfjall	2001	2002	2003
Opnunardagar	103	88	51
Seldir lyftumiðar	28038	29037	5204
Skíðaleiga	1250	1830	200
Skíðaskóli	370	724	52
Seld árskort	642	1004	926
Brúttó tekjur	36	47,7	13,1

Helstu verkefni á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli á árinu 2003:

- Framkvæmdir við vegagerð lauk á árinu og í dag er bundið slitlag að Skíðastöðum í Hlíðarfjalli.
- Aukin lýsing í Suðurbakka. Við það fjölgaði skíðaleiðum á Strompsvæðinu til muna á kvöldin.
- Sléttun og gróðurátak. Unnið var að slétta brekkur og græða upp land til þess að vera viðbúin litlum snjóavetrum.
- Nýr snjótroðari var keyptur í lok ársins.
- Hálfpúgerðarvél fyrir snjóbrettaiðkendur var keypt í lok ársins.
- Áframhald á samstarfi við skíðasvæði Bláfjallanefndar.
- Áframhald á samstarfi skíðasvæða á Eyjafjarðarsvæðinu.
- Uppbygging brettagarðs með reilum og pöllum.
- Telemark mót.
- Landsmót á skíðum.
- Unglingameistaramót Íslands á skíðum.
- FIS-mót á skíðum.

Skautahöllin á Akureyri

Skautahöllin á Akureyri er rekin af Skautafélagi Akureyrar með rekstrarframlagi frá Akureyrarbæ. Keyptur var nýr íshefill á árinu sem bætti aðstöðu til skautaiðkunar til muna.



7.11.2003 : Bætt lýsing í Hlíðarfjalli
Í haust hefur verið unnið að bættri lýsingu í Hlíðarfjalli og kemur það til með að bæta til mikilla muna aðstöðu almennings og keppisfólks.





Fasteignir Akureyrarbæjar

Almennt

Fasteignir Akureyrarbæjar voru stofnaðar í mars 2001. Félagið hóf formlega starfsemi 1. janúar 2002 og er því að ljúka sínu öðru starfsári. Helstu verkefni FA eru nýframkvæmdir, kaup og sala eigna, viðhald, rekstur og útleiga þeirra. Einnig sjá FA um viðhald leiguíbúða Akureyrarbæjar.

Markmið FA eru m.a.:

- Að tryggja að útlit, gæði og ending bygginga hjá Akureyrarbæ sé sem best.
- Að nýbyggingar og viðhald fái á sem hagstæðustu verði hverju sinni miðað við þær forsendur sem eru til staðar á hverjum tíma.
- Að framkvæmdir séu innan fjárhags- og tímaramma.
- Að sem mest fagleg þekking sé til staðar varðandi útboð, framkvæmdir, viðhald og endingu bygginga.

Félagið er þjónustustofnun sem hefur það hlutverk að tryggja leigutökum sem best húsnæði á hagstæðu verði. Mikilvægt er að hagkvæmni í innkaupum á efni, vinnu og þjónustu verði ávallt höfð að leiðarljósi, með það fyrir augum að ná fram sem bestri nýtingu á það fjármagn sem til ráðstöfunar er. Stöðugt er í gangi endurskoðun á hvar er hægt að gera betur.

Mikið hefur verið í gangi hjá FA og hefur verið framkvæmt fyrir um 1 milljarð króna á árinu 2003 í nýbyggingum og um 143 milljónir króna í viðhalds- og endurbótaverkefnum. Allar stærri framkvæmdir voru boðnar út.

Leigutekjur voru 731,6 milljónir króna árið 2003 og viðhald um 143 milljónir eða um 1,4% af brunabótamati.


Árið 2002 voru húsleigutekjur Fasteigna Akureyrarbæjar 655,3 milljónir króna, þar af var 112,8 milljónum ráðstafað í viðhald og lóðarframkvæmdir.

Heildarflatarmál eigna í útleigu í árslok 2003 var 84.700 m² og brunabótamat í árslok um 10,2 milljarðar króna og er þar lítil breyting milli ára. Skýringin er sú að húsnæði Tólistarskólans að Hafnarstræti 81 A og B var selt og hann fluttur í leiguhúsnæði að Hvannavöllum 14 í ágúst 2003. Það sem var tekið í notkun af nýju húsnæði er Boginn, leikskólinn Naustatjörn, geymsluhús í Lystigarði og þjónustuhús að Hömrum.

Meðalleiguverð hjá FA var 750 kr/m² á mánuði 2002, en lækkaði í um 720 kr/m² á árinu 2003. Lækkunina má skýra með tilkomu Bogans, sem vegur þungt þar sem um stærstu byggingu FA er að ræða, eða rúm 11% af flatarmáli húseigna í útleigu hjá FA.

Skipting á leigutekjum niður á málaflokka er sýnd á meðfylgjandi mynd. Hlutfall íþróttamannvirkja hefur hækkað úr 27% í 32% af leigutekjum, aðrar breytingar eru mjög litlar.

Skipting á leigutekjum niður á málaflokka:



Þann 1. janúar 2002 átti Akureyrarbær og rak 214 íbúðir. Þann 1. janúar 2003 voru íbúðirnar orðnar 232. Brúttó stærð þeirra var um áramót rúm 21.000 m², en nettó stærð 18.350 m². Brunabótamat leiguíbúðanna í árslok var rúm 2,4 milljarðar króna. Fasteignir Akureyrarbæjar sjá um viðhald á þeim en Húsnæðisdeild um móttöku umsókna og úthlutun íbúðanna.

akureyri.is



Nýbyggingar

Mikið var framkvæmt á árinu 2003 hjá FA eða fyrir um rúman 1 milljarð króna sem er um það bil sú fjárhæð sem eignfærð fjárfesting var á árinu 2002. Hér er um nokkru minni fjárhæð að ræða en áætlanir gerðu ráð fyrir. Mest munar þar um framkvæmdir við Hlíð sem hafa farið hægar af stað en reiknað var með og það sama á við um Brekkuskóla, Bjarg og breytingar á annarri hæð í Ráðhúsi. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmdum við hjúkrunarheimilið Hlíð.

Stærstu verkefni í nýframkvæmdum á árinu 2003 hjá Fasteignum Akureyrarbæjar voru:

- Brekkuskóli, viðbygging og endurbætur, var boðið út í maí 2003. Verklók 2005.
- Síðuskóli, viðbygging, íþróttahús og lóð, boðið út í mars 2003. Verklók 2004.
- Glerárskóli, breytingar í kjallara, lýkur í mars 2004.
- Naustatjörn, leikskóli í Naustahverfi. Verklók voru í ágúst 2003.
- Hlíð viðbygging, óskað var eftir tilboðum í hönnun, voru þau opnuð í janúar 2004.
- Boginn, bygging fjölnota íþróttahúss, sem tekið var í notkun um áramót. Lúkning framkvæmda.
- Þórsvöllur, gerð grasvalla og göngustígs. Verklók haust 2003.
- Sundlaug Akureyrar, stytting á laugarkari, pottasvæði og vaktturn. Verklók í árslok 2004.
- Skautahöll, nýjar frystivélar. Framkvæmd lýkur í mars 2004.
- Amtbókasafn, viðbygging við safnið og endurbætur á eldra húsnæði. Verklók 2004.
- Krókeyri, lðnaðarsafn. Framkvæmdum að mestu lokið um áramót.
- Lystigarðurinn, nýtt áhaldahús byggt. Verklók í lok október 2003.
- Samkomuhús, hönnun á endurbótum og viðbyggingu. Boðið út í mars 2003, verklók sumar 2004.
- Menningarhús, undirbúningsvinna í gangi.
- Hamrar, tvö þjónustuhús. Verklók sumar 2003.
- Ráðhús, hönnun sett af stað aftur. Verkið verður boðið út í lok janúar 2004.
- Gránufélagsgata 26 og 28, boðið út í lok árs 2003.

Naustatjörn

Fasteignir Akureyrarbæjar óskuðu eftir tilboðum í hönnun og byggingu fjögurra deilda leikskóla við Hólmatún í Naustahverfi á Akureyri, ásamt frágangi á leiksvæði, leiktækjum og lóð í lokuðu alútbóði. Fimm tillögur bárust. Niðurstaða varð sú, að tillagan sem hlaut hæstu einkunn dómnefndar, var einnig með lægsta tilboðið. Gengið var til samninga við Hyrnu ehf. um byggingu leikskólans. Höfundur vinningstillögu var Arkitekta- og verkfræðistofa Hauks ehf.

Verklók voru 15. ágúst 2003 eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Leikskólinn tók við skólanum tilbúnum til notkunar þann dag og voru fyrstu börn tekin inn 18. ágúst 2003. Brúttó stærð byggingarinnar er um 704 m² og heildarkostnaður er um 150 milljónir króna á verðlagi ágúst 2003, þar af er kostnaður við búnað um 11 milljónir.

Boginn - fjölnota íþróttahús

Heildarstærð fjölnota íþróttarhúss er 9.505,6 m², auk tengigangs við Hamar sem er 67,4 m². Í kjallara Hamars er búningsaðstaða, böð, snyrtingar, geymslur og fleira samtals 525 m², sem nýtt er fyrir Bogann. Kostnaður við fjölnota hús var um 528 milljónir, sem er í takt við þær áætlanir sem gerðar voru á fyrri stigum. Heildarkostnaður við framkvæmdina með kaupverði á kjallara að Hamri og lagfæringum á íþróttavöllum er 603 milljónir króna, með fjármagnskostnaði á verðlagi afhendingardags.

Fasteignir Akureyrarbæjar afhentu íþróttar- og tómstundaráði fjölnota íþróttahúsið, tilbúið til notkunar 2. janúar 2003. Vinnu við lóð og bifreiðastæði lauk í október 2003.

Lystigarður - geymsluhús

Ákveðið var að rífa geymsluhús sem stóð sunnan Lystigarðsins og nýtt hafði verið sem geymsla fyrir ýmsan búnað, vélar og verkfæri sem tilheyrta garðvinnu. Í staðinn var samþykkt að byggt yrði 72,6 m² áhaldahús inni í garðinum. Um er að ræða óeinangrað hús sem byggt er samkvæmt teikningum af Jónshúsi sem stendur vestan við Eyrarlandsstofu. Bygging hússins var boðin út og voru tilboð opnuð 14. maí 2003.

Ákveðið var að ganga til samninga við lægstbjóðanda SKG verktaka. Kostnaður við hús er um 7.4 milljónir kr eða 102.387 kr/m² og við útiaðstöðu 600.000 kr eða um 1.200 kr/m² á verðlagi nóvember 2003. Samtals um 8 milljónir króna. Afhendingardagur var 1. nóvember 2003.

2.9.2003 : Atvinnuleikhús á Akureyri 30 ára í gær, mánudag, hélt atvinnuleikhúsið á Akureyri upp á 30 ára afmæli sitt. Velunnurum þess var í því tilefni boðið til kaffisamsætis á Græna Hattinum í gærkvöldi en frá og með þeim degi, fyrir 30 árum, voru fyrstu atvinnuleikararnir ráðnir til starfa við Leikhúsið.





Leiguhúsnæði leigt frá þriðja aðila

Bæjarsjóður leigir frá þriðja aðila um 11.700 m² af húsnæði til ýmissa nota og greiðir um 110 milljónir króna á ári í leigu. Á árinu bættist við húsnæði Tónlistarskólans við Hvannavelli og nýr leikskóli við Tröllagil sem tekinn verður í notkun 2004.

Viðhald og endurbætur

Mikilvægur hluti af starfi FA er viðhald og endurbætur húseigna. Unnin var þriggja ára viðhaldsáætlunum fyrir byggingar í umsjá Fasteigna í lok ársins 2003. Mörg verkefni bíða úrlausnar.

Helstu verkefni sem unnið var að á árinu 2003 voru:

- Mikið var málað innandyrna í leikskólum og grunnskólum.
- Tvær leikskólalóðir við Lundarsel og Síðusel, voru endurbættar að hluta og sett upp ný leiktæki á þær.
- Sett var upp mótuneytiseldhús í leikskólann Holtakot.
- Handmenntastofan í Oddeyrarskóla var endurgerð svo nú uppfyllir stofan kröfur nýrrar námskrár.
- Í Lundaskóla voru allar stofur á A gangi málaðar og skipt um alla lampa í þeim.

- Í Hlíðarfjalli var aðstaða skíðaleigunnar endurbætt og aðstaða til miðasólu utanhúss stórbætt. Einnig var skipt um þak á vélaskemmu að hluta.
- Mikið átak var unnið í Sundlaug Akureyrar við að ljúka ýmsum verkefnum sem legið hafa fyrir og tengdust verkefnum við nýframkvæmdir. Þar má nefna endurnýjun á skjólvegg við Þingvallarstræti, endurgerð á barnalaug, endurnýjun á flísalögn í setlaug og skipt var um glerveggi við heita potta,
- Laxdalshús var tjargað að utan og gluggar málaðir og byrjað var á framkvæmdum við lóð og girðingu.
- KA hús - gerður var stígur sunnan við hús til að bæta aðkomu nemenda, drenlagir lagfærðar og viðgerðir unnar á flísalögn.
- Íþróttahöll var máluð að utan og að hluta að innan.
- Glerárlaug - gert var við loftklæðningu í laugarsal.
- Hlí: Húsin máluð að utan og endurbætur voru gerðar á herbergjum og milligangi.
- Skólastígur 5 og Bakkahlíð 39 voru máluð að utan á árinu.
- Ráðhús: Neðri þakrennur voru endurbættar.
- Slökkvistöð: Lagðar voru nýjar síma- og tölvulagnir.
- Húsið: Miklar endurbætur voru gerðar innan dyra.

Skipting á viðhaldskostnaði 2003

eftir málaflokkum í utanhúss, innanhúss og lóðar

Málaflokkur	Lóð	Hús innan	Hús utan	Samtals	Hlutfall lóðar af viðhaldi	Hlutfall húss innan	Hlutfall húss utan
Leikskólar	10.260.064	12.767.320	3.276.497	26.303.881	39,0%	48,5%	12,5%
Grunnskólar	23.023.918	25.597.142	1.559.222	50.180.282	45,9%	51,0%	3,1%
Menningarstofnanir	1.403.389	3.928.680	429.046	5.761.115	24,4%	68,2%	7,4%
Íþrótta- og tómstundamál	2.485.311	23.492.797	5.436.945	31.415.053	7,9%	74,8%	17,3%
Félagsþjónusta - aldraðir	1.367.600	11.133.131	11.245.869	23.746.600	5,8%	46,9%	47,4%
Ráðhús, stökkvilið og strætó	266.696	3.186.237	1.417.314	4.870.247	5,5%	65,4%	29,1%
Ýmsar eignir	0	591.102	92.179	683.281	0,0%	86,5%	13,5%
Samtals	38.806.978	80.696.409	23.457.072	142.960.459			

Á töflunni sést að viðhald lóðar tekur stóran hluta af kostnaði á árinu 2003. Í leikskólum er þetta um 39% og í skólum 51%. Stærstu verkefni á árinu í lóðaframkvæmdum voru endurbætur á lóð Síðuskóla, Lundarsels og Síðusels. Ljóst er að lóðir munu áfrán taka stóran hlut af viðhaldsfé þessara málaflokka vegna aukinna öryggiskrafna og nýrra reglugerða sem kalla á endurbætur á leiksvæðum.



14.10.2003 : Húsið formlega opnað


Húsið, menningarmiðstöð unga fólksins á Akureyri, var formlega tekið í notkun kl. 16 í dag. Í Húsinu, sem áður hét Kompaníið og þar áður Dynheimar, verður nú hægt að kíkja í kaffi, vinna í góðu tölvuveri, leita sér upplýsinga um möguleika til náms og starfa innanlands og utan, vera í áhugaverðu klúbbastarfi, fara á námskeið af öllu tagi, æfa og sýna leikrit, halda tónleika og æfa fjöllistir.



Áætlað var að u.þ.b. 147 milljónum kr. yrði ráðstafað í viðhaldsverkefni og verkefni því tengd eða um 20% af húsaleigutekjum. Niðurstaða ársins varð nokkuð lægri eða um 143 milljónir. Það er rúml 1.4% af brunabótamati húsnæðisins.

Viðhalds- og endurbótavinnan var að hluta boðin út en annað var unnið af þjónustuaðilum samningsbundnum FA.

Skipting á viðhaldi í leikskólum



Leiguíbúðir

Leiguíbúðir Akureyrarbæjar voru 232 í árslok 2003 og flatarmál þeirra samkvæmt fasteignamati 18.343 m². Brunabótamat leiguíbúðanna er 2,4 milljarðar króna og fasteignamat um 1,8 milljarður. Viðhald leiguíbúða á árinu 2002 var rúmar 26 milljónir króna eða um 1.4% af stofnverði. Á árinu 2003 nam viðhaldið kr. 20,9 milljónir eða um 0,9% af brunabótamati sem er nokkru minna en árið áður. Stærstu viðhaldsverkefni á árinu voru að áttak var gert í málun íbúða, heildar endurbætur voru framkvæmdar á tveimur íbúðum og almennt viðhald var unnið á íbúðum við leiguskipti. Þjónustufulltrúi leiguíbúða fer í úttekt í flestar leiguíbúðir einu sinni á ári og metur viðhaldspörf og ástand íbúðanna. Með slíkri yfirferð er hægt að grípa inn í með lagfæringar og fyrirbyggja skemmdir. Þessi yfirferð tryggir bættu umgengni og betra samstarf á milli aðila.

Sala og rif á eignum

Á árinu var Hafnarstræti 81a og 81b auglýst til sölu. Í framhaldi af því var húsið selt til hæstbjóðanda. Húsið við Þórsstíg 4 var auglýst til sölu en engin viðunandi tilboð bárust. Um er að ræða 3.800 m², þrjár stórar skemmur og skrifstofuhúsnæði. Hluti af húsnæðinu er í leigu. Gránufélagsgata 6 var rifin á ár-

inu og einnig braggi á Oddeyrartanga. Seldir voru til brottflutnings tveir leikvallarskúrar á Leiruvelli og á Borgarvelli. Skjaldarvirk var auglýst til sölu en sala gekk ekki eftir og hefur nú verið tekin ákvörðun um að fresta sölumeðferð um a.m.k. tvö ár og nýta það að hluta fyrir hjúkrunarheimili.



25.11.2003 : Seinkun á framkvæmdum við Hlíð
Ljóst er að einhverjar tafir verða á því að framkvæmdir geti hafist við nýja viðbyggingu við Hlíð, dvalarheimili aldraðra á Akureyri.



7.1.2004 : Dýrmætari fasteignir
Verð fjölbýlishúsa hækkaði að jafnaði um liðlega 7% á Akureyri á nýliðnu ári en á sama tíma hækkuðu íbúðir í fjölbýlishúsum í Reykjavík um nærri 6%. Einbýlishús hækkuðu í verði fyrir norðan um 5%.



Tækni- og umhverfissvið

Framkvæmdadeild

Til nýframkvæmda á árinu, þar með taldar fráveituframkvæmdir, var varið 390,3 milljónum kr. en til samanburðar nam sú upphæð 265,3 milljónum árið 2002.

Hafnarstæti austan Samkomuhúss var endurbýggt en því verkefni ekki lokið að fullu á árinu. Geislagata sunnan Gránu-félagsgötu var endurbýggð og endurbýgging Aðalstrætis austan Minjasafns ásamt bílastæðum var boðið út síðla árs. Framkvæmdir verða fyrri hluta árs 2004. Kostnaður við endurbýggingu gatna varð um 40,2 milljónir kr.

Nýjar íbúðagötur sem gerðar voru á árinu eru einkum í Naustahverfi. Tengdar þessum framkvæmdum er gerð Miðhúsabrautar ásamt nýrri tengingu Þórunnarstrætis við Miðhúsabraut. Síðubraut frá Hörgárbraut að Vestursíðu ásamt Vestursíðu og Austursíðu voru boðnar út á árinu. Grenilundur og Bjarkarlundur ásamt götu að rannsóknarhúsi við Háskólan á Akureyri voru gerðar. Lengd þessara gatna er um 2.700 m og varð kostnaður við þessar framkvæmdir samtals 105,3 milljónir kr.

Kostnaður við ýmis verkefni nam samtals 21,8 milljónum kr.

Til endurbóta í hesthúsahverfum, nýrra reiðleiða og undirbúnings nýrra gatna í hesthúsahverfum var samtals varið um 11,8 milljónum kr.

Kostnaður við skrifstofu bæjarverkfræðings og mælingar varð samtals 52,9 milljónir kr.

Malbikun

Brimnes gata að hafnarsvæði við Krossanes var malbikuð. Einnig voru Klettaborgir malbikaðar ásamt Valagili og Vesturgili. Í Nauastahverfi voru nokkrar götur malbikaðar frá Miðhúsabraut að og umhverfis leikskóla við Hólmatún. Lengd þessara gatna er samtals um 2.700 m og varð kostnaður um 64,9 milljónir kr. Þá voru ýmsir stígar utan gatna víðsvegar um bæinn malbikaðir. Kostnaður varð um 19,4 milljónir.

Fráveita

Til framkvæmda í fráveitumálum var samtals varið 132,4 milljónum kr. og er það hæsta fjárveiting sem varið hefur verið á einu ári frá því að endurbætur við fráveitukerfi Akureyrarbæjar hófust.

Stærstu framkvæmdir við fráveitu á síðasta ári var frágangur lagnar frá Glerárbrú á Hjalteyrargötu að væntanlegri hreinsistöð ásamt gerð grjótnar og fyllingar undir þá hreinsistöð. Nú er svo komið að einungis er eftir að leggja bráðabirgðaútrás frá lóð hreinsistöðvar til sjávar svo unnt sé að tengja allt fráveitukerfi sunnan Glerár ásamt syðsta hlut kerfis í Glerárhverfi þar til sjávar. Kostnaður varð um 70,8 milljónir. Hafnar voru framkvæmdir við sökkræsi undir Glerá vestan Glerárgötu og undirbúningur að byggingu yfirfalls við Glerá austan Glerárgötu og varð kostnaður um 12,3 milljónir. Til eftirlits- og stýrikerfis dælustöðva og yfirfalla var varið um 4,1 milljón kr.

Til annarra verkefna sem nú eru bókfærð undir fráveitu Akureyrar var varið samtals um 45,2 milljónum króna. Mest af því var vegna nýbygginga í Naustahverfi og Lundahverfi eða um 24,7 milljónir. Önnur verkefni voru skólplagnir að stjórnstöð Landsvirkjunar að Rangárvöllum og heimtaug að Hlíðarholti ásamt nýjum skólplheimtaugum.

Umferðarmál

Framkvæmdum við 30 km hverfi var haldið áfram á árinu og voru settar upp hraðahindranir í hverfi neðan Þórunnarstrætis norðan Þingvallastrætis. Kostnaður við þessar framkvæmdir varð um 6,4 milljónir kr.

Viðhald gatna og holræsa

Til viðhalds gatna og holræsa var varið 35,5 milljónum kr. þar af 4,6 milljónum vegna þjóðveggar. Slitlag var m.a. lagt á Þórunnarstræti milli Þingvallastrætis og Hrafnagilsstrætis, á Mýrurveg milli Jörvabyggðar og Skógarlundar og í hjólför í Þingvallastræti bæði milli Þórunnarstætis og Byggðavegar og vestan Mýrurvegar allt að Glerárbrú hjá Mól og Sandi.

Hreinlætismál

Til sorphreinsunar og sorpeyðingar var varið 81,4 milljónum kr., til gatnahreinsunar 14,5 milljónum og til reksturs gámasvæðis 6,5 milljónum eða samtals 102,4 milljónum kr. Til reksturs skólpdælustöðva var samtals varið 6,4 milljónum og til holræsaheinsunar og viðhalds fráveitu var varið 5,2 milljónum.

Snjómokstur og hálkuvarnir

Árið 2003 var kostnaður við snjómokstur og hálkuvarnir 41,4 milljónir króna en til samanburðar var sá kostnaður 37,2 milljónir króna árið 2002.

Almenningsgarðar og útivist

Lystigarður er grasagarður rekin á vísingalegum grunni ásamt því að vera skrudgarður. Garðurinn er nyrsti grasagarður í heimi og vel þekktur sem slíkur. Almenningsgarðurinn var opnaður formlega árið 1912 en grasagarðurinn árið 1957. Starfsemin var með venjubundnum hætti árið 2003. Hjá Lystigarðinum eru um 13 sumarstörf. Helstu verkefni voru 2. áfangi af 3 við gerð nýrrar aðkomu í norðvesturhluta garðsins. Þá var og byggð ný vélageymsla vestan núverandi húsa. Rekstrarkostnaður var 20,6 milljónir kr. og til framkvæmda var varið 4,1 milljón.

Útivistarsvæði eru þau svæði sem samkvæmt aðalskipulagi eru skilgreind sem útivistarsvæði, skógræktarsvæði og ýmis svæði ætluð til sérstakra nota. Lokið var við hluta skipulags skógræktar norðan Glerár og gróðursettar voru 5.100 plöntur þar og 2.100 í Kjarnaskóg. Í Kjarnaskógi var sett upp nýtt leiktæki, svokallað snúningsrólusett ásamt minniháttar endurbótum annara leiktækja. Rekstrarkostnaður var 10,5 milljónir og til framkvæmda var varið 1,5 milljónum.

Opin svæði

Græn svæði bæjarins í daglegri hirðingu eru um 120 hektarar lands og trjá- og runnabeð um 9 hektarar. Á árinu var grasláttur, hirðing, áburðargjöf og trjá- og runnaklippingar boðið út og bærust mörg tilboð. Um var að ræða afmarkað svæði norðan Glerár um 20,6 ha. sem slegnir voru eftir ákveðnu umhirðustigi sem segir til um tíðni sláttar og hvernig hirðingu er háttað. Í ræktunarstöðinni voru framleidd um 38.000 sumarblóm sem plantað er víðsvegar um bæinn Um 1.000 trjám og runnaplöntum var plantað í bæjarlandið aðallega í Nausta-



hverfi. Á árinu tók gildi reglugerð um öryggi leiktækja og leiksvæða og hefur úttekt á leiksvæðunum farið fram og vinna hafin við uppbyggingu þeirra. Jólaskreytingar voru með svipuðu sniði og fyrri ár. Þjónusta á lóðum stofnana bæjarins var með svipuðu sniði og fyrri ár en þó heldur minni vegna aukinna útboða skóla og leikskólalóða. Helstu framkvæmdaverkefni voru, Útplöntun skjólbeltis í Naustahverfi, gerð stoðveggjar í Kaupangsgili, gerð áningastaðar við Hlíðarbraut, endurgerð leiksvæðis í Ránargötu, nýtt leiksvæði austan Skuggagils og uppsetning merkinga ásamt smærri verkefnum. Rekstrarkostnaður var 52,5 milljónir kr. og til framkvæmda var varið 15 milljónum.

Ýmis verkefni

„Unglingavinna“ annast sumarvinnu fyrir 13 og 14 ára unglinga ásamt því að gangast fyrir ýmskonar fræðslu og tómstundastarfi fyrir unglingana. Unglingavinnan hóf starfsemi 2. júní. Alls komu 394 unglingar til vinnu sem er töluverð fjölgun frá fyrra ári. Mest af vinnu unglinganna felst í hirðingu bæjarins undir stjórn 19 flokkstjóra. Samtals unnu unglingarnir í 40.300 vinnustundir. Rekstrarkostnaður var 31,3 milljónir kr.

„Sumarvinna fatlaðs skólafólks“ annast sumarvinnu fyrir þá einstaklinga sem vegna fötlunar geta ekki stundað vinnu á almennum vinnumarkaði. Í sérstökum vinnuflokki sem hafði aðsetur að Hömrum störfuðu 18 fatlaðir einstaklingar við ýmis verkefni s.s. slátt, rakstur, þökulagnir og hreinsun trjá og runnabeða. Auk þeirra störfuðu 12 einstaklingar hjá ýmsum stofnunum bæjarins. Rekstrarkostnaður var 5,8 milljónir kr.

„Sumarvinna 16 ára“ annast atvinnuskapandi verkefni fyrir 16 ára unglinga. Hver unglingur fékk vinnu í 6 vikur. Vinnan felst aðallega í hirðingu bæjarins og vinnu hjá ýmsum félögum og stofnunum. Alls komu 144 unglingar til vinnu sem er töluverð aukning frá fyrra ári. Samtals vinnustundir voru 27.758 og rekstrarkostnaður var 16,5 milljónir kr.

Jarðeignir og dýraeftirlit

Meindýraeyðing og gæludýraeftirlit annast eftirlit og skráningu vegna hunda og annarra gæludýra. Hefur umsjón með hunda-hreinsun í samvinnu við heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Annast eyðingu meindýra, rotta, vargfugls, refa og minka o.fl. Starfsemin var með hefðbundnum hætti árið 2003 og var rekstrarkostnaður 4,8 milljónir kr.

Jarðeignir og búfjáreftirlit annast umsjón með búfjárhaldi og leigulöndum bæjarins ásamt fjallgirðingu, fjallskilum og varnir gegn riðu. Fimm sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu mynda búfjáreftirlitssvæði 18 og samið var við Búnaðarsamband Eyjafjarðar um umsjón og eftirlit með forðagæslu hjá þeim. Haldið var áfram að girða leigulönd í bænum ásamt margvíslegum framkvæmdum vegna reiðvega í bæjarlandinu. Rekstrarkostnaður var 5,6 milljónir kr. og til framkvæmda var varið 0,5 milljónum.

Tjaldsvæði

Rekstur tjaldsvæðisins við Þórunnarstræti er bundinn sérstökum samningi við Skátafélagið Klakk. Félagið annaðist einnig rekstur nýs tjaldsvæðis að Hömrum. Samtals voru gistinætur 31.000, þ.e. á svæðinu við Þórunnarstræti 17.000 og á Hömrum 14.000. Til framkvæmda við uppbyggingu að Hömrum var varið 3,0 milljónum kr.

Strætisvagnar Akureyrar

Rekstur strætisvagna var samkvæmt áætlun árið 2003. Árið var frekar hagstætt til rekstrar, veturinn var snjóléttur, olíu-

verð var lægra en 2002 og auk þess lækkaði verðið vegna útboðs á olíuvörum.

Nú voru í fyrsta skipti eknar leiðir 5 og 6 yfir sumarið en áður höfðu þær leiðir verið felldar niður mánuðina júní til ágúst. Farþegum hefur fjölgað aðeins og mesta aukningin er á leiðum 5 og 6 yfir vetrarmánuðina.

Ferliþjónustan fékk nýjan 12 manna bíl sem kemur í stað eldri bíls sem var seldur. Bíllinn er sérbúinn fyrir hjólastóla, öll sæti eru með þriggja punkta öryggisbeltum, hjólastólafestingar eru í gólfi og einnig var gólf við farþegahurð lækkað til að auðvelda notendum umgengni um bílinn. Kaupverð með breytingum var 6.3 milljónir kr.

Samanburður milli ára 2001 til 2003

Strætisvagnar	árið 2001	árið 2002	Árið 2003
Farþega fjöldi	175.000	175.000	190.000
Eknir km.	240.000	226.000	245.000
Ekið í kl.st.	11.480	10.477	11.200
Farþegar á km.	0,73	0,78	0,78
Farþegar á kl.st.	15.25	16,71	16.97
Fjöldi vagna	3 / 2	3 / 2	3 / 2
Fjöldi biðskýla	41	41	41
Rekstrartekjur	10,700,000	10,772,000	11,083,000
Askriftir		4,975,000	5,179,000
Rekstrargjöld		53,697,000	52,380,000
Framlag		37,951,000	36,118,000
kostnaður á km.		237	213
kostnaður á íbúa		2,371	2,250
Ferliþjónusta			
Ferðafjöldi	17.000	17,000	17,000
Farþega fjöldi	39,000	40,000	45,000
Rekstrartekjur	4,000,000	5,368,000	6.832.000
Fjárfestingar		0	6,301,000
Afskriftir		1,397,000	1,397,000
Rekstrargjöld		22,136,000	28,447,000
Framlag		16,755,000	20,217,000
Kostnaður á íbúa		1,047	1,259

Slökkvilið Akureyrar

Í slökkviliði Akureyrar eru 29 fastráðnir starfsmenn, 24 á fjórskiptum vöktum og 5 í dagvinnu. Slökkvistöðvar eru tvær, að Árstíg 2 og á Akureyrarflugvelli.

Á árinu 2003 urðu töluverðar breytingar á fyrirkomulagi og rekstri Slökkviliðs Akureyrar. Fastráðnum starfsmönnum í varðliði var fjölgað um fjóra, auk þess stöðum í eldvarnaeftirliti úr 1 í 2. Tekin var upp þjónusta Neyðarlínu, símsvörun, skráningar á viðbragði, afgreiðsla eftir óskum í fjarskiptum, beintengdur tölvugagnaflutningur o.fl.

Áhersla var lögð á menntunarmál, sjúkraflutninganámsskeið, neyðarbílsnámsskeið, stjórnunarnámsskeið slökkviliðsmanna í Svíþjóð, námskeið í sorgarstuðningi, björgun úr ís, auk ýmissa endurmenntunarnámsskeiða og æfinga.

Slökkviliðið fékk stækkun á geymslu- og æfingaraðstöðu úr 265 m² í 500 m².

Í búnaðarmálum liðsins gerðist það að keyptir voru tveir bílar, Bens 4x4 árg. 1985 og Nissan 4x4 árg. 2003, laus 1.300 lítra dæla, vatna- og kofunarbúnaður til lífbjörgunar, nýir eldgallar á 30 % af varðliði o.fl. Stórtækar endurbætur voru gerðar á kórfubíl liðsins.




Sjúkraflutningar voru alls 1.450 á árinu 2003. Þar af 262 utanbæjar, 93 út fyrir svæði Heilsugæslu Akureyrar. Af þessum 1450 sjúkraútköllum voru 361 bráðatilfelli.

Seldur var MAN árg. 1987 til Hríseyjar vegna kaupa á nýjum dælubíl á árinu 2004.

Fjarskipti voru endurbætt á árinu, settur upp nýr sendir og endurvarpi í eigu slökkviliðs í Vaðlaheiði með gátt inn í Tetra-kerfið sem gerir möguleg í fyrsta skipti bein fjarskipti við Neyðarlínu. Skipt var um allt tölvulagna- og símkerfi, tölvubúnaður endurnýjaður, allur símabúnaður og kallkerfi í Árstíg 2, auk þess sem tekinn var inn ljósleiðari.


Í mengunarmálum liggur fyrir skýrsla með tillögu um samvinnu, lágmarksviðbragð í mengunarmálum og þjónustu eldvarnaeftirlits allra sveitarfélaga við Eyjafjörð.

Tími útkalla slökkviliðs




Á árinu 2003 voru 160 útköll hjá Slökkviliði Akureyrar.

Útköll slökkviliðs



Sjúkraflug






Eldvarnaeftirlit framkvæmdi 105 skoðanir á árinu, þar af nýskoðanir 21. Yfirfarnar voru 50 teikningar utan Akureyrar og afgreiddar 35 umsagnir vegna endurnýjunar á veitinga- og gistileyfum á starfssvæðinu auk afgreiðslu mála í samvinnu við byggingaefirlit. Fræðsla til fyrirtækja og almennings í meðferð og notkun handsökkvitækja hefur verið veitt um 300 manns. Haldnir hafa verið fundir með húseigendum og hönnuðum og allir grunnskólar á starfssvæðinu sóttir heim með fræðslu fyrir 3. bekki.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Sjúkraútköll



Á árinu fóru sjúkraflutningamenn Slökkviliðs Akureyrar í 271 sjúkraflug, þar af 257 innanlands og 14 erlendis.

Umhverfisdeild

Umhverfisdeild hefur með eftirtalda málaflokka að gera: Skipulagsmál, byggingaefirlit og fasteignaskráningu, umferðarmál, LUKA, Staðardagskrá 21 og náttúruverndarmál.

Nánari upplýsingar um starfsemi deildarinnar ásamt almennum upplýsingum um lausar lóðir, gjaldskrár, allar auglýstar skipulagsbreytingar deiliskipulagsuppdætti, sem unnir hafa verið á tölvutæku formi, aðalskipulag Akureyrar, uppdætti og greinargerðir, er að finna á vefsíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is.

Starfsmenn deildarinnar í fullu starfi voru 8 og þar að auki var verkefnastjóri Staðardagskrár 21 og starfskraftur við skönnun teikninga í hlutastarfi.

Starfsemi deildarinnar var rekin innan ramma fjárhagsáætlunar. Kostnaður við reksturinn var 57,3 milljónir ef frá er talinn kostnaður við eignakaup vegna skipulags.



15.5.2003 : Fyrsta skóflustungan tekin í Naustahverfi
Á þriðjudag tók Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, fyrstu skóflustunguna að fyrsta íbúðarhúsinu í Naustahverfi.



4.9.2003 : Viðurkenningar fyrir fallegar og vel hirtar lóðir 2003
Á setningu Akureyrarvöku á laugardag voru afhentar viðurkenningar fyrir fallegar og vel hirtar lóðir á árinu. Viðurkenningarnar voru í mismunandi flokkum og samtals sex að tölu.



Yfirlit yfir fjölda bókana

	1998*	1999*	2000*	2001	2002	2003
Fjöldi bókaðra mála hjá bygginganefnd* / umhverfisráði	257	159	337	276	348	275
þar af lóðarumsóknir	181	97	108	109	94	50
Fjöldi bókaðra mála afgreidd af byggingafulltrúa	152	289	266	390	466	430
þar af lóðarumsóknir					74	51
Fjöldi mála hjá Samst.nefnd um ferlim. fatlaðra	7	18	20	12	10	13

Umvhverfisráð og embætti skipulags- og byggingafulltrúa hafa á árinu 2003 fjallað um og bókað 705 mál, þar af eru afgreiðslur skipulags- og byggingafulltrúa 430 eða 61%. Ef miðað er við afgreidd mál fyrir utan lóðarumsóknir þá hafa umhverfisráð og skipulags- og byggingafulltrúi afgreitt samtals 604 mál, en þar af eru mál afgreidd af byggingafulltrúa 379 eða 63% mála.

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra veitti á árinu viðurkenningar sínar fyrir gott aðgengi. Að þessu sinni urðu fyrir valinu: Verslunin Bónus og Kristjáns Café og konditori, Langholti 1, og Toyota Akureyri, Baldursnesi 1.

Skipulagsmál

Skipulagsmál eru flokkuð í tvo flokka, aðal- skipulag og deiliskipulag. Kostnaður við þennan málaflokk á árinu varð alls 34,5 milljónir kr.

Nokkrar minni háttar breytingar voru gerðar á gildandi aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018. Breytingarnar voru unnar af starfsfólki deildarinnar og ráðgjöfum undir stjórn starfsfólks deildarinnar.

Byggingareftirlit

Starfsemi eftirlitsins var með hefðbundnu sniði. Afgreidd voru 430 mál er vörðuðu lóðarveitingar, byggingarleyfi húsa, breytingar á húsum, viðurkenningar byggingarstjóra og iðnmeistara.

Skráðar úttektir sem farið var í á byggingarstaði 2003 voru 1.027 á móti 1.033 árið 2002 og eru þá ótaldar óskráðar skoðanir, stöðu- og lokaúttektir á húsum.

Kostnaður við þennan málaflokk á árinu varð alls 10,7 milljónir kr.

Aðalskipulag

Verkefni		Í vinnslu á árinu	Lokið á árinu
Kiðagil 1	Breyting á verslunar- og þjónustulóð í íbúðarlóð.		X
Borgarbraut/Hlíðarbraut	Stækkun á verslunar- þjónustulóð		X
Síðuskóli	Stækkun á skólalóð		X
Næturlúbbur	Takmörkun á starfsemi		X
Víðilundur	Iðnaðarsvæði í íbúðarsvæði.		X
Tröllagil	Grænt svæði í íbúðarsvæði		X
Lindasíða/Arnarsíða	Breyting út stofnanasvæði og grænu svæði í íbúðarsvæði og tilheyandi stækkun á íbúðarsvæði		X
Fiskihöfn	Heimilulandfylling við Glerárósa		X
Krossaneshagi	Breyting á afmörkun iðnaðarsvæða og legu safngötu		X
Móasíða	Breyting úr verslunar- og þjónustulóð í íbúðarlóð		X
Mýrarvegur	Breyting úr opnu svæði í íbúðarlóð	X	
Krókeyri	Heimilað safna- og stofnanasvæði á til viðbótar við núverandi svæði fyrir gróðrarstöð		X
Einholt	Grænt svæði í íbúðarsvæði	X	
Skessugil	Grænt svæði í íbúðarlóð		X
Dvalarheimilið Hlíð	Stækkun á stofnanalóð á kostnað iðnaðarlóðar	X	



Deiliskipulag

Verkefni		Í vinnslu á árinu	Lokið á árinu
Svifbraut í Hlíðarfjalli	Breyting á deiliskipulagi		X
Krossanes	Breyting á deiliskipulagi		X
Sunnan Reynilundar	Endurskoðun á deiliskipulagi		X
Sandgerðisbót	Breyting á deiliskipulagi		X
Síðuskóli	Nýtt deiliskipulag vegna viðbyggingar		X
Merkigil 2-30	Nýjar íbúðarlóðir		X
Kjarnalundur	Deiliskipulag lóðar		X
Víðilundur 20-24	Stækkun á bílastæði		X
Orlofshús í Búðargili	Nýtt deiliskipulag		X
Tröllagil 29	Breyting á deiliskipulagi auk leyfis fyrir leikskóla		X
Lindasíða/ Arnarsíða	Nýtt íbúðarsvæði		X
Brekuskóli	Nýtt deiliskipulag vegna viðbyggingar		X
Kiðagil 1	Ný íbúðarlóð		X
Fiskihöfn	Nýtt deiliskipulag		X
Krossaneshagi B-áfangi	Nýtt deiliskipulag		X
Borgarhlíð/Hlíðarbraut	Nýtt deiliskipulag vegna bensinstöðvar		X
Einholt	Fjölgun íbúðarhúsalóða	X	
Skessugil	Fjölgun íbúðarhúsalóða		X
Háskólinn á Akureyri	Breyting á deiliskipulagi		X
Sunnan Reynilundar	Breyting á deiliskipulagi		X
Naustahverfi 1. áf.	Breyting á deiliskipulagi		X
Dvalarheimilið Hlíð	Nýtt deiliskipulag vegna nýbyggingar	X	
Krossanes	Breyting á lóð Laxár	X	
Breiðholt	Fjölgun hesthúsalóða	X	
Miðbær	Breyting á deiliskipulagi	X	
Naustahverfi 1. áf.	Breyting á J-reitum	X	
Naustahverfi 2. áfangi	Nýtt deiliskipulag	X	

Deiliskipulag

Deiliskipulag er unnið af starfsmönnum deildarinnar, ráðgjöfum eða á vegum verktaka og hagsmunaaðila. Öll skipulagsvinna sem unnin er utan deildar er undir yfirumsjón umhverfiseildar. Auk auglýstra breytinga á deiliskipulagi voru framkvæmdar 23 grenndarkynningar.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



22.12.2003 : Hetjurnar styrktar á jólum
Ákveðið var að Akureyrarbær sendi engin jólakort út í ár en þess í stað hljóti Hetjurnar, félag aðstandenda langveikra barna á Norðurlandi, styrk sem nemi þeirri upphæð sem annars hefði farið í gerð og útsendingu jólakorta.



17.9.2003 : 31.000 gistinætur á tjaldsvæðum Akureyrar
Gistinætur tjaldsvæðanna á Akureyri voru 31.000 talsins þetta sumarið og fleiri en nokkru sinni fyrr. Gistinætur að Hömrum voru um 14.000 og er það fjölgun um ríflega helming á milli ára. Á tjaldsvæðinu við Þórunnarstræti voru taldar um 17.000 gistinætur en það er svipaður fjöldi og undanfarin ár.



Íbúðarhúsnæði

	Samtals íbúðir	Einbýli	Íbúðir í raðhúsum	Íbúðir í fjölbýli
Hafin bygging á árinu	154 (181)*	19 (26)	43 (71)	92 (84)
Fullgert á árinu	112 (152)	14 (13)	69 (7)	29 (132)
Fokhelt á árinu	126 (126)	21 (24)	58 (50)	92 (52)
Í smíðum í árslok	278 (236)	56 (51)	62 (88)	160 (97)
Hafin smíði við íbúðab., bílg., sólskála og viðbyggingar	17171 m ³ (23950)		58606 m ³ (82627)	

*Tölur innan sviga eru frá fyrra ári

Íbúðarhúsnæði samanburður

	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Í byggingu á árinu	247	198	184	181	202	209	279	260	320	388	390
Fokhelt í árslok	101	70	62	51	87	77	78	150	155	128	187
Ekki fokh. í árslok	54	47	54	47	63	51	117	52	53	108	91
Hafin bygg. á árinu	53	43	67	65	104	59	151	65	118	181	154
Fullgert á árinu	92	81	74	83	52	80	84	58	112	152	112

Byggingaframkvæmdir

Auk þessa hefur verið unnið við ýmsar smærri viðbyggingar, sólskála, garðhús, bílgeymslur og aðrar minni og stærri breytingar á eldri húsum.

Staðardagskrá 21 — náttúru- og gróðurvernd

Á árinu var unnið áfram skv. framkvæmdaáætlun 1. útgáfu Staðardagskrár 21 fyrir Akureyri. Skv. áætluninni átti að vera lokið við 47 verk í árslok 2003, sem er tveir þriðju heildarfjöldi verka í framkvæmdaáætluninni.

Á árinu var samþykkt að friðlýsa Krossanesborgir sem fólkvang. Fuglatalning var gerð í Krossanesborgum og sýndi mjög vaxandi fuglalíf miðað við talningu frá árinu 1998. Unnið var að deiliskipulagi óshólma Eyjafjarðarár og athugun hófst á hvernig best verður staðið að verndun Glerárdals, sbr. ákvörðun bæjarstjórnar.

Bæjarfulltrúar og nefndarmenn Akureyrarbæjar tóku þátt í svonefndri „nefndabrennslu“ sem var keppni milli bæjarins og Hafnarfjarðarbæjar um að minnka sem mest brennslu óendurnýjanlegra auðlinda vegna ferða á nefndafundi. Keppnin stóð í tvo mánuði og stóðu Akureyringar sig betur.

Náttúruverndarnefnd veitti eina umsögn vegna framkvæmda í bæjarlandinu. Nefndin veitti umsögn um drög að náttúruverndaráætlun landsins, sem er fyrsta áætlun sinnar tegundar hér á landi.

Kostnaður við þennan málaflokk á árinu varð alls 3,5 milljónir kr.

Staðardagskrá 21 náttúru- og gróðurvernd

Staða verkanna í árslok var sem hér segir:

Lokið að fullu	14
Lokið að mestu	3
Lokið að hluta	2
Framkvæmd ekki hafin, tekið á dagskrá	8
Ekki tekin á dagskrá	20
Samtals	47



27.6.2003 : Arctic Open 2003

Arctic Open miðnæturgolfmótið hefur verið haldið árlega frá því árið 1986. Mótið í ár var sett í golfskálánunum á Jaðri síðastliðið miðviku-dagskvöld. Sjálf keppnin hófst í gær kl. 16 og var spilað fram á nótt.



Norðurorka

Norðurorka varð hlutafélag þann 1. janúar 2003 og var árið 2003 því fyrsta starfsár Norðurorku hf. Breytingin var nauðsynleg til að þess að fyrirtækið geti tekið virkan þátt í þeim breytingum sem verða á lagaumhverfi orkufyrirtækja á komandi árum og skapar skilyrði til að efla fyrirtækið í framtíðinni.

Starfsemi Norðurorku hf. gekk vel á árinu. Velta ársins var 1.371 milljón króna sem er nokkuð umfram áætlun. Rekstrargjöld voru um 1.251 milljón. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og -gjalda var 129 milljónir. Miklar framkvæmdir einkenndu árið og ber þar hæst virkjun jarðhitasvæðisins við Hjalteyri og lagningu aðveituæðar þaðan til Akureyrar. Á árinu var fjárfest fyrir um 684 milljónir króna. Tekin voru ný langtímalán að upphæð 202 milljónir. Langtímalán fyrirtækisins eru nú 2.056 milljónir og lækkuðu þau um 134 milljónir á milli ára. Lífeyrisskuldbindingar hækkuðu nokkuð milli ára og eru nú 543 milljónir króna. Sterk fjárhagsstaða fyrirtækisins gefur því tækifæri til að eflast og glíma við ný verkefni, til dæmis á sviði orkuöflunar.

Á haustdögum var hafin vinna við að móta félaginu framtíðarsýn og stefnu. Ráðgert er að ljúka fyrsta áfanga þeirrar

vinnu í apríl 2004. Meginmarkmið Norðurorku hf. er og verður að þjóna viðskiptavinum sínum sem best hverju sinni.

Á stofnfundi Norðurorku hf. þann 27. desember 2002 var fyrsta stjórn hlutafélagsins kosin. Í stjórn voru kjörin Páll Tómasson, Sigurður Hermannsson, Kristín Sigfúsdóttir, Hákon Hákonarson og Víðir Benediktsson. Á fyrsta fundi stjórnar var Páll Tómasson kjörinn stjórnarformaður, Hákon Hákonarson varaformaður og Kristín Sigfúsdóttir ritari. Á aðalfundi Norðurorku hf. þann 2. maí 2003 tilkynnti Páll Tómasson stjórnarformaður að hann óskaði ekki eftir endurkjöri þar sem hann væri að flytjast úr bænum. Þá gaf Víðir Benediktsson ekki kost á sér til endurkjörs af persónulegum ástæðum. Páli eru þökkuð giftudrjúg störf fyrir Norðurorku á miklum umbrotatímum og Víði fyrir hans framlag. Kjörin var ný stjórn á aðalfundinum. Nýir menn í þeirri stjórn eru Bjarni Jónasson og Helgi Snæbjarnarson en aðrir voru endurkjörnir. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar var Bjarni Jónasson kjörinn stjórnarformaður.

Eignarhald Norðurorku hf. breyttist á árinu með innkomu tveggja nýrra hluthafa. Svalbarðsstrandarhreppur seldi Norðurorku hf. Hitaveitu Svalbarðsstrandar hinn 1. júlí og eignað-



akureyri.is



ist við það 0,46% hlut í Norðurorku hf. Arnarneshreppur eignaðist hinn 30. desember 0,80% hlut í Norðurorku þegar hann seldi eignir sínar á jarðhitasvæðinu við Hjalteyri til Norðurorku hf. Nýir viðskiptavinir í Arnarneshreppi og á Svalbarðseyri eru boðnir velkomnir í viðskiptavinahópinn.

Eftir miklar rannsóknir á nýju borholunni við Hjalteyri benda allar líkur til þess að jarðhitasvæðið sé mjög gjöfult. Niðurstöður þessara rannsókna eru mikil tíðindi og gleðileg. Samkvæmt langtímaspám má gera ráð fyrir að jarðhitasvæðið geti tvöfaldað varmaorkuvinnslu Norðurorku hf. Hér er því komin upp staða sem er alveg ný af nálinni hvað varmaorkuvinnslu varðar. Alveg frá upphafi Hitaveitu Akureyrar hefur veitan átt við yfirvofandi vatnsskort að stríða. Heitavatnsleit með tilheyrandi kostnaði hefur tekið drjúgan toll af tekjum veitunnar. Nú hyllir undir að hlé verði á um langa framtíð. Þó þarf innan tíðar að bora aðra holu við Hjalteyri, bæði til að ná meira vatni upp úr kerfinu en ein hola annar sem og til að auka rekstraröryggi.

Ný raforkulög, er samþykkt voru á vordögum 2003, eru enn ekki komin til framkvæmda nema að litlu leyti. Erfitt er að spá fyrir um hvaða áhrif raforkulögin kunna að hafa fyrir

raforkunotendur. Ekki er þó útilokað að einhverjar verðbreytingar verði, ýmist til hækkunar eða lækkunar. Undirbúningur fyrir hið nýja umhverfi og aðlögun að því hefur tekið og mun taka drjúgan tíma hjá stjórn og starfsmönnum Norðurorku hf. næstu misserin. Á árinu var gerður samningur við Fallorku ehf. um kaup á allri raforku frá Djúpadalsvirkjun. Djúpadalsvirkjun I verður gangsett í apríl 2004 og getur mest framleitt um 2 MW. Áformað er að gera miðlunarlón í Djúpadal og byggja aðra virkjun þannig að framleiðslugeta virkjana í Djúpadalsá verður um 3-4 MW. Þetta svarar til um 25% af raforkukaupum Norðurorku hf. Undir lok ársins var undirrituð viljayfirlýsing vegna kaupa Norðurorku hf. á 40% hlut í Fallorku ehf. Gert er ráð fyrir að gengið verði endanlega frá kaupunum í byrjun næsta árs.

Á árinu 2004 eru liðin 100 ár frá því að rafvæðing hófst hérlendis. Í tilefni af því hafa rafveitur og Samorka, samtök raf-, hita- og vatnsveitna, verið að undirbúa ýmsa atburði sem tengjast afmælinu. Norðurorka hf. hefur verið að láta skoða virkjun Glerár á sama stað og fyrsta virkjun Akureyringa stóð en hún var tekin í notkun 1922. Ákvörðun um framkvæmdir verður tekin á fyrri hluta árs 2004.



8.7.2003 : Fjör í fótboltanum

Mikið fjölmenni var á Akureyri um helgina í tengslum við knattspyrnumót. Eins og venja er þá voru haldin Essó mót KA og Pollamót Þórs.



Höfnin - Hafnarsamlag Norðurlands

Eftir mikla lægð í flutningum til og frá Akureyri árið 2001, þegar Samskip hætti reglubundnum siglingum til Akureyrar og flutningur með bílum jókst mikið, virðist sem flutningur á sjó hafi náð jafnvægi aftur. Helst ber þar að benda á beinan innflutning á olíu eftir að leyfi fékkst til að flytja inn olíu beint til Akureyrar.


Eins og sjá má á súluritinu þá hefur þetta breytt gríðarlega miklu fyrir höfnina.

Aldrei hafa fleiri skemmtiferðaskip komið til Akureyrar en árið 2003. Þetta er mjög jákvæð þróun fyrir höfnina sem og aðra þá aðila sem þjónusta bæði skip og farþega. Mikil gróska er í þessum hluta ferðamannaíðnaðinum í heimin-

um og því býsna líklegt að Akureyri verði áfram vinsæll viðkomustaður þessara skipa. Með þessum 44 skipum voru tæplega 23.500 farþegar. Á árinu 2004 er reiknað með 53 skipum og rúmlega 30.000 farþegum. Einnig hafa þau skip sem komið hafa til Akureyrar síðustu tvo ár verið mun stærri en áður.


Eftir frábæra loðnuvertíð árið 2002, minkaði loðnuafli sem landað var í Krossanesi um 17.000 tonn. Hvað varðar annan landaðan afla voru ekki miklar sviftingar.

Flutningar um Akureyrarhöfn 1987-2003






Skemmtiferðaskip til Akureyrar 1988 til 2003




Landaður afli hjá Hafnarsamlagi Norðurlands 1987-2003





Skipakomur frá 1987-2003



Til viðg. og viðlegu													15	12	13	12	10	98
Ferjur	0	0	0	47	10	11	10	10	10	42	4	4	2	4	4	11	10	
Skemmtif.skip	13	14	13	18	18	19	28	24	37	38	35	27	27	33	28	36	45	
Önnur skip	11	15	18	20	5	16	12	19	16	21	16	25	15	18	28	31	25	
Vörufl. skip	38	40	35	32	31	28	24	22	22	27	25	26	25	22	14	18	18	
Fiskiskip	48	50	47	41	43	51	52	49	49	43	45	46	41	43	38	46	47	



6.6.2003 : Fyrsta skemmtiferðaskipið
Von er á 44 skemmtiferðaskipum til Akureyrar sumarið 2003 og í morgun tók Kristján Þór Júlíusson, bærarstjóri, á móti landfestum hjá því fyrsta.



20.6.2003 : Skútuveisla á Pollinum
Siglingakeppnin Skippers d'Islande stendur nú sem hæst og skúturnar koma hver af annarri að bryggju á Akureyri. Þær eru alls ellefu og kemur sú síðasta inn á Pollinn seint í kvöld eða nótt.





Akureyrarbær

Bæjarsjóður og bæjarfyrirtæki

Ársreikning 2003 ásamt skýringum er að finna í heild sinni
á vefsíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is



Ársreikningur 2003



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



Rekstrarreikningur ársins 2003

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2003	Áætlun	2003	Áætlun
Rekstrartekjur:				
Skatttekjur	3.393.031	3.392.000	3.365.840	3.392.000
Framlög Jöfnunarsjóðs	473.659	360.000	473.659	360.000
Aðrar tekjur	1.750.891	1.697.531	4.339.346	4.246.357
	<u>5.617.581</u>	<u>5.449.531</u>	<u>8.178.845</u>	<u>7.998.357</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	3.389.500	3.186.047	4.476.214	4.216.379
Annar rekstrarkostnaður	1.973.128	1.983.403	2.542.734	2.669.479
Afskriftir	266.274	245.100	939.723	918.392
	<u>5.628.902</u>	<u>5.414.550</u>	<u>7.958.671</u>	<u>7.804.250</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(11.321)	34.981	220.174	194.107
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	56.475	23.651	(133.421)	(92.780)
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>45.154</u>	<u>58.632</u>	<u>86.753</u>	<u>101.327</u>



Efnahagsreikningur

Eignir

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2003	2002	2003	2002
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir	7.149.768	6.431.827	8.955.609	8.189.037
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	208.963	84.881	5.216.699	4.924.657
Vélar, áhöld og tæki	318.893	273.281	440.818	410.419
	<u>7.677.624</u>	<u>6.789.989</u>	<u>14.613.126</u>	<u>13.524.113</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í félögum	2.067.041	2.078.020	2.349.309	2.342.261
Langtímakröfur	1.084.411	1.147.181	130.459	169.225
	<u>3.151.452</u>	<u>3.225.201</u>	<u>2.479.768</u>	<u>2.511.486</u>
Fastafjármunir	<u>10.829.076</u>	<u>10.015.190</u>	<u>17.092.894</u>	<u>16.035.599</u>
Veltufjármunir:				
Birgðir	33.705	53.261	86.068	106.963
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur	501.199	449.025	712.680	624.522
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	236.380	274.243		
Næsta árs afborganir af langtímakröfum	176.490	157.251	96.904	94.371
Aðrar skammtímakröfur	133.332	199.571	296.318	367.844
Handbært fé	298.635	7.282	950.999	627.027
Veltufjármunir	<u>1.379.741</u>	<u>1.140.633</u>	<u>2.142.969</u>	<u>1.820.727</u>
Eignir samtals	<u>12.208.817</u>	<u>11.155.823</u>	<u>19.235.863</u>	<u>17.856.326</u>



31. desember 2003

Eigið fé og skuldir

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2003	2002	2003	2002
Eigið fé:				
Eiginfjárreikningur	4.806.421	4.761.268	7.139.941	7.002.788
Skuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbindingar	3.297.500	3.200.200	3.932.800	3.816.700
Langtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir	2.752.535	1.701.475	6.471.839	5.326.583
Skammtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir		159.170		159.170
Viðskiptaskuldir	247.785	443.402	247.785	443.402
Skuldir við eigin fyrirtæki	294.735	297.704		
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	119.292	110.134	523.901	440.031
Aðrar skammtímaskuldir	488.620	368.247	717.668	553.429
	1.352.361	1.492.880	1.691.283	1.710.255
Skuldir og skuldbindingar samtals	7.402.396	6.394.555	12.095.922	10.853.538
Eigið fé og skuldir samtals	12.208.817	11.155.823	19.235.863	17.856.326



Yfirlit um sjóðstreymi árið 2003

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2003	Áætlun	2003	Áætlun
Rekstrarhreyfingar:				
Rekstrarniðurstaða ársins	45.154	58.632	86.753	101.327
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Tap (hagnaður) af sölu eigna	193		(12.283)	
Afskriftir	266.274	245.100	939.723	918.392
Verðbætur og gengismunur langtímalíða	12.758		108.742	
Breyting skuldbindinga	138.459		168.492	
	<u>462.838</u>	<u>303.732</u>	<u>1.291.427</u>	<u>1.019.719</u>
Veltufé frá rekstri				
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(65.998)	(24.364)	(24.819)	26.126
	<u>396.840</u>	<u>279.368</u>	<u>1.266.608</u>	<u>1.045.845</u>
Fjárfestingarhreyfingar:				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(1.172.232)	(1.306.486)	(2.048.709)	(2.198.886)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	18.130		32.255	
Fjárfesting í eignarhlutum í félögum		(3.670)	(71.709)	(68.670)
Söluverð eignarhluta í félögum	10.979		35.620	
Langtímakröfur, breyting	75.249	115.953	47.313	51.359
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting			(8.050)	
Skammtímakröfur, hækkun			(26.670)	
	<u>(1.067.874)</u>	<u>(1.194.203)</u>	<u>(2.039.950)</u>	<u>(2.216.197)</u>
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjármögnunarhreyfingar:				
Innborgað hlutafé			50.400	
Afborgun lífeyrisskuldbindinga	(41.159)		(52.392)	
Tekin ný langtímalán	1.120.360	1.126.000	1.579.557	1.583.300
Afborganir langtímalána	(104.618)	(117.256)	(433.161)	(446.842)
Fyrirfram innheimtar tekjur	87.706		87.706	
Viðskiptareikningar eigin fyrirtækja, breyting	34.894	4.165		(15.444)
Skammtímalán, hækkun	(134.796)		(134.796)	
Framlög frá eigin sjóðum		55.000		
	<u>962.387</u>	<u>1.067.909</u>	<u>1.097.314</u>	<u>1.121.014</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	291.353	153.074	323.972	(49.338)
Handbært fé í ársbyrjun	7.282	7.282	627.027	627.027
Handbært fé í árslok	298.635	160.356	950.999	577.689



Lykiltölur

32. Yfirlit um lykiltölur:

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
<i>Í hlutfalli við rekstrartekju</i>				
Skatttekjur	60,4%	62,2%	41,2%	42,4%
Framlög jöfnunarsjóðs	8,4%	6,6%	5,8%	4,5%
Aðrar tekjur	31,2%	31,2%	53,1%	53,1%
Laun og launatengd gjöld	60,3%	58,5%	54,7%	52,7%
Laun og launatengd gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga	57,9%	57,9%	52,7%	52,1%
Annar rekstrarkostnaður	35,1%	36,4%	31,1%	33,4%
Fjármagnsliðir, nettó	(1,0%)	(0,4%)	1,6%	1,2%
Rekstrargjöld	94,4%	94,5%	87,4%	87,3%
Rekstrarniðurstaða	0,8%	1,1%	1,1%	1,3%
<i>Í þúsundum krónum á íbú</i>				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	241	234	239	234
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	109	106	270	265
Tekjur samtals	350	340	509	499
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir	347	336	504	492
Rekstrarniðurstaða	3	4	5	7
	2003	2002	2003	2002
Eignir	761	695	1.199	1.113
Eigið fé	300	297	445	436
Skuldir	461	398	754	676
<i>Aðrar lykiltölur</i>				
Veltufjárhlutfall.....	1,02	0,76	1,27	1,06
Eiginfjárhlutfall.....	0,39	0,43	0,37	0,39
Breyting á íbúafjölda:				
Íbúafjöldi 1. desember	16.048	15.838	16.048	15.838



Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnunum 31. desember 2003



Bæjarstjórn Akureyrar:

Kristján Þór Júlíusson
Þóra Ákadóttir
Þórarinn B. Jónsson
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Jakob Björnsson
Gerður Jónsdóttir
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson
Marsibil Fjóla Snæbjarnardóttir
Oktavía Jóhannesdóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir

Bæjarráð:

Jakob Björnsson
Þórarinn B. Jónsson
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Oddur Helgi Halldórsson
Valgerður H. Bjarnadóttir
Oktavía Jóhannesdóttir
(áheyrnarfulltrúi)

Bæjarstjóri:

Kristján Þór Júlíusson

Endurskoðendur:

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Skoðunarmenn bæjarreikninga:

Birgir Björn Svavarsson
Hermann Óskarsson

Fastanefndir

Stjórnsýslunefnd:

Kristján Þór Júlíusson
Jakob Björnsson
Gerður Jónsdóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir
Marsibil Fjóla Snæbjarnardóttir

Umhverfisráð:

Guðmundur Jóhannsson
Stefán Jónsson
Þórarinn B. Jónsson
Haraldur Sveinbjörn Helgason
Jón Ingi Cæsarsson

Félagsmálaráð:

Jakob Björnsson
Þóra Ákadóttir
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Sigurveig Sumarrós Bergsteinsdóttir
Kristín Sigfúsdóttir

Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar:

Jakob Björnsson
Þórarinn B. Jónsson, varaform.
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Marsibil Fjóla Snæbjarnardóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir

Íþrótt- og tómstundaráð:

Guðný Jóhannesdóttir
Steingrímur Birgisson
Eygló Birgisdóttir
Nói Björnsson
Sigrún Stefánsdóttir

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:

Björn Snæbjörnsson til 06.05.2003
Gerður Jónsdóttir frá 06.05.2003
Elín M. Hallgrímsdóttir
Alfreð Almarsson
Tryggvi Þór Gunnarsson
Þorlákur Axel Jónsson

Kjarasamninganefnd:

Þórarinn B. Jónsson
Jóhann Sigurjónsson
Ágúst Hilmarsson

Kjörstjórn:

Bergur Guðmundsson til 01.04.2003
Helgi Teitur Helgason frá 01.04.2003
Páll H. Jónsson
Helga Guðrún Eymundsdóttir

Menningarmálanefnd:

Sigrún Björk Jakobsdóttir
Valgerður Jónsdóttir
Helgi Vilberg Hermannsson
Ágúst Hilmarsson
Jón Erlendsson

Skólanefnd:

Jón Kr. Sólves
Gerður Jónsdóttir
Laufey Petrea Magnúsdóttir
Marsibil Fjóla Snæbjarnardóttir
Hermann Jón Tómasson



Náttúruverndarnefnd:

Ingimar Eydal
Sveinn Heiðar Jónsson
Mínerva B. Sverrisdóttir
Íris Dröfn Jónsdóttir
Jóhannes Árnason

Áfengis- og vímuvarnanefnd

Heiða Hauksdóttir
Jóna Jónsdóttir
Arnljótur Bjarki Bergsson
Silja Dögg Baldursdóttir
Þorgerður Þorgilsdóttir

Fræðslunefnd:

Sigríður Stefánsdóttir
Leifur Þorsteinsson
Þórgnýr Dýrfjörð
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Inga Þöll Þórgnýsdóttir

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:

Bæjarstjóri
Jakob Björnsson
Oddur Helgi Halldórsson

Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar:

Bæjarstjóri
bæjarverkfræðingur
slökkviliðsstjóri

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar:

Baldur Dýrfjörð
Jakob Björnsson
Jóhanna Ragnarsdóttir
Dýrleif Skjöldal

Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri:

Halla Margrét Tryggvadóttir

Hafnasamlag Norðurlands:

Björn Magnússon
Bjarni Kristinsson
Konráð Alfreðsson
Oddur Helgi Halldórsson til 16.09.2003
Víðir Benediktsson frá 16.09.2003
Oddný Stella Snorraddóttir

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra:

Einar Hjartarson
Steinunn Harpa Jónsdóttir

Leikhúsráð:

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Fulltrúaráð Málræktarsjóðs:

Erlingur Sigurðarson

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri:

Ágúst Hilmarsson
Helgi Vilberg Hermannsson
Valgerður Jónsdóttir

Hljómsveitarráð Sinfóníu- hljómsveitar Norðurlands:

Helgi Vilberg Hermannsson

Safnráð Listasafnsins Akureyri:

Jón Erlendsson
Sigrún Björk Jakobsdóttir

Stjórn Gilfélagsins, áheyrnarfulltrúi:

Helgi Vilberg Hermannsson

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra:

Sigrún Fanney Sigmarisdóttir

Stjórn Fjórðungssjúkra- hússins á Akureyri:

Anna Þóra Baldursdóttir
Ásta Sigurðardóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir

Stjórn Sparisjóðs Norðlendinga:

Eiður Gunnlaugsson

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga:

Kristján Þór Júlíusson

Launanefnd sveitarfélaga:

Jakob Björnsson

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra:

Jakob Björnsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Kristján Þór Júlíusson
Þóra Ákadóttir
Marsibil Fjóla Snæbjarnardóttir
Oktavía Jóhannesdóttir
Valgerður H. Bjarnadóttir



Héraðsnefnd Eyjafjarðar:

Jakob Björnsson
Kristján Þór Júlíusson
Þóra Ákadóttir
Gerður Jónsdóttir
Marsibil Fjóla Snæbjarnardóttir
Oktavía Jóhannesdóttir

Stjórn Eyþings:

Kristján Þór Júlíusson

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands:

Kristján Þór Júlíusson

Veiðifélag Eyjafjarðarár:

Jóhannes Kristjánsson

Vetraríþróttamiðstöð Íslands:

Þórarinn B. Jónsson
Jóhann G. Sigurðsson

Fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórnnum fyrirtækja

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.:

Valur Knútsson
Árni V. Friðriksson
Oktavía Jóhannesdóttir

Landsvirkjun:

Kristján Þór Júlíusson

Sorpeyðing Eyjafjarðar bs.:

Jakob Björnsson
Jóhannes Árnason

Fóðurverksmiðjan Laxá hf.:

Árni V. Friðriksson

Eignarhaldsfélagið Rangárvellir

Páll Tómasson

akureyri.is



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

